



SKOÐUN Guðni Práandson skrifar um kosti heima-kennslu hér á landi. **28**



MENNING Glæpakvöld með upplestri og glæpsamlegri djasstemningu. **48**



LÍFÍÐ Vill aðstoða konur við að upplifa góða fæðingu. **74**



SPORT Framarar eru búnir að missa heilt byrjunarlið frá mótlokum. **70**



JÓLASKRAUT OG BÚSÁHÖLD

Í BLAÐINU Í DAG

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGABU MINNA.

FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur

20. nóvember 2014
273. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Samsæri í olfunni?

Verð á hráolfu hefur ekki verið lægra í fjögur ár. Oliugeirinn er fullur af samsæriskenningum. **24**

Hannar og metur Fyrirtækið Mannvit sem hanna á kísilverksmiðju Thorsil annast einnig gerð umhverfismats fyrir verkefnið. **2**

Ekki sátt um frumvarp Stjórnarandstöðubingmenn segja frumvarp sjávarútvegsráðherra um fiskveiðimál ekki grundvöll sáttar um málið. **4**

Ofurtölva á Íslandi Ofurtölva fyrir veðurathuganir verður sett upp á Íslandi þar sem orkuþörf hennar rekstur í Danmörku óhugsandi. **8**

Starfsmönnum Landspítala hugsanlega fækkað um 100

Óbreytt fjárlög þýða að hagræðingaráætlun verður sett í gang á Landspítalanum. Gert er ráð fyrir að lækka rekstrarkostnað spítalans um 1,5 milljarða króna. Fækka verður starfsmönnum spítalans um 70 til 100.

HEILBRIGÐISMÁL Fáist ekki frekara fjármagn til reksturs Landspítalans en honum er ætlað í fjárlögum 2015 verður gripið til hagræðingaraðgerða sem þegar eru í undirbúningi innan spítalans.

Áætlunin gerir ráð fyrir að rekstrarkostnaður spítalans verði lækkaður um 1,5 milljarða króna sem þýðir að starfsmönnum verður fækkað um allt að eitt hundrad. Þar af eru átta af hverjum tíu kvennastörf.

Þetta kemur fram í svari Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Björns

Vals Gíslasonar, varaþingmanns Vinstri grænna, sem spurði um hvaða áhrif væri áætlað að frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2015 hefði á þróun starfa á undirstofnunum ráðuneytisins. Svar ráðherra var unnið samkvæmt upplýsingum frá LSH vegna fyrirspurnarinnar og var birt á þriðjudag.

Í svarinu segir að ef fjárlög standa óbreytt og nauðsynlegt verði að draga saman rekstrarkostnað þá felist í því „ýmsar breytingar á verkefnum innan spítalans sem nauðsynlegt verður að gripa til [...] en útfærsla hag-

ræðingaraðgerða er ekki að fullu lokið. Miðað við þá vinnu sem nú er í gangi má gera ráð fyrir fækkan stöðugilda á bilinu 70–100 sem gæti skipst eftir kynjum miðað við núverandi kynjahlutföll meðal starfsmanna.“

Jón Hilmar Friðriksson, staðgengill forstjóra LSH, vill ítreka að nákvæm útfærsla hagræðingaraðgerða, komi til þeirra, liggi ekki fyrir. Hann segir að nú þegar sé búið að breyta starfseminni svo mikið í niðurskurði síðastliðinna ára að lengra verði vart gengið. Eins að niðurskurði sem þessum

„... má gera ráð fyrir fækkan stöðugilda á bilinu 70–100 sem gæti skipst eftir kynjum miðað við núverandi kynjahlutföll.“

Úr svari heilbrigðisráðherra.

verði ekki náð án þess að fækka starfsfólki, til dæmis með starfsmannaveltu, enda stærsti hluti útgjalda spítalans laun starfsmanna. Því þýði frekari hagræðing fækkan verkefna; færri aðgerðir sem þýðir lengri biðlistar.



Bolungarvík	8°	SA	9
Akureyri	7°	S	5
Egilsstaðir	6°	S	5
Kirkjubæjarkl.	7°	SA	4
Reykjavík	8°	SA	9

Hvassast V-til í dag, að 20 m/s á Snæfellsnesi. Víða rigning eða súld, einkum S-til en léttskýjað norðan heiða. Hiti 3-10 stig. **4**

SÉRBLAÐ

Fólk



KONUKVÖLD
SELECTED

15% AFSLÁTTUR

OPIÐ TIL 22

SELECTED
FEMME
SMÁRALIND

Facebook.com/selected.island
Instagram: @selectediceland



SÖNGUGLAR Börn á leikskólanum Kirkjubóli í Garðabæ ýttu Jólapeysunni, söfnunarátaki Save the Children á Íslandi, úr vör með söng. Það voru liðsmenn Pollapönks sem sáu um undirleik.

Fylgi við ríkisstjórnina eykst samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins:

Meiri stuðningur meðal karla

STJÓRNMÁL Þegar einungis er litið til svara þeirra sem taka afstöðu í könnun Fréttablaðsins sést að 41 prósent styður ríkisstjórnina en 59 prósent styðja hana ekki.

Af þeim sem tóku afstöðu sögðust 47 prósent karla styðja ríkisstjórnina en einungis 34 prósent kvenna. Í október sögðust 35 prósent styðja ríkisstjórn-

ina og 65 prósent ekki. Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, formaður Landssambands framsóknarkvenna, segist ekki hafa áhyggjur af þessum tölum. „En þetta eru hlutföll sem menn eiga að velta fyrir sér og af hverju þessi greinilega marktæki munur stafi,“ segir hún.

„Það kemur á óvart að ekki

sé meiri stuðningur á meðal kvenna en í því felast tækifæri á sama tíma. Aþyrgur ríkisrekstur, skuldaleiðréttingar og aukid fjármagn til heilbrigðiskerfisins eru áherslur sem ættu að höfða til beggja kynja,“ segir Þórey Vilhjálmisdóttir, formaður Landsambands sjálfstæðiskvenna.

- jhh / sjá síðu 6

Óvenjulegt erindi flutt í dag:

Þjóðfræðingur í hláturskasti

ÞJÓÐFRÆÐI „Ég man ekki hvar þetta byrjaði, ég fór bara að hafa mjög mikinn áhuga á þessum húmorpælingum,“ segir Kristín Einarsson dóttir þjóðfræðingur sem flytur í dag erindi um húmor, tengsl hans við samfélagið og fræg hláturskóst.

Kristín hyggst sýna myndbönd af vel þekktum hláturskóstum. „Hláturinn smitar og veldur einhvers konar slökun. Hann reynir á vöðva sem við reynum aldrei á annars og það er hluti af því af hverju okkur finnst svona ofboðslega gott að hlæja,“ segir Kristín sem hyggst meðal annars sýna frægt hláturskast Péturs Blöndal í ræðustól Alþingis.

Kristín flytur erindið í Gerðubergi klukkan fimm.



- gló

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi
og Amarbakka

OPIÐ
24
TÍMA

Iceland

LITLU JÓL
SMÁRALINDAR

OPIÐ TIL 22
Í KVÖLD

Skoðaðu
tilboðin á
bls. 22-23

SMÁRALIND

SPURNING DAGSINS



Pórður, hefur Kí sungið sinn síðasta tón í þessu máli?

Tónn Kí hefur aldrei verið hreinni. Kennarafélag Íslands hélt samstöðufund til stuðnings tónlistarskólakennurum. Pórður Árni Hjaltsted er formaður Kí.

Símtöl og tölvupóstskreyti Gísla Freys og Sigríðar Bjarkar eru til athugunar: Persónuvernd skoðar samskipti

STJÓRNSÝSLA Stjórn Persónuverndar fjallaði í gær um samskipti þau er áttu sér stað milli Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur, fyrrverandi lögreglustjóra Suðurnesja og núverandi lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, og Gísla Freys Valdórssonar, fyrrverandi aðstoðarmanns innanríkisráðherra. Gíslu og Sigríðu hringdust ítrekað á daginn eftir að Gísli Freyr lak gögnum og vörðuðu mál hælisleitandans Tony Omos til fjölmiðla. Að auki sendi Sigríður greinargerð um

málefni Omos til Gísla og honum barst yfirheyrsluskýrsla frá starfsmanni ráðuneytisins. Skýrslan hafði borist ráðuneytinu frá starfsmanni embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum. Í yfirheyrslum lögreglu kom fram að Gísli Freyr taldi Sigríðu hafa lagt blessun sína yfir að hann hefði þau gögn undir höndum. Starfs- og stjórnarmenn Persónuverndar vildu ekki tjá sig um málið við vinnslu fréttarinnar.



LÖGREGLUSTJÓRI Sigríður Björk er núverandi lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Norðmenn stórhuga: Jarðgöng fyrir skip áformuð

NOREGUR Fyrstu jarðgöng veraldar fyrir skip eru nú í undirbúningi í Noregi. Þeim er ætlað að sneiða framhjá einni hættulegustu siglingaleið Evrópu, leiðinni fyrir Stað sunnan Álasunds. Þar er veðravíti mikið og svæsin röst, sem valdið hefur mörgum sjóslýsum. Göngin eiga að verða 49 metrar á hæð og 36 metrar á breidd, nægilega stór til að rúma farþegaferjur. Lengd þeirra verður 1,7 kílómetrar og kostnaður áætlaður um 20 milljarðar króna.



SKEMMDIRNAR SKOÐAÐAR Íbúð á þriðju hæð í fjögurra hæða íbúðarhúsi var rústuð í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ísraelski herinn hefnir fyrir árásir í Jerúsalem: Íbúð árásmanns lögð í rúst

Jerúsalem, AP Heimili Palestínumannsins sem ók bifreið inn í hóp fólks á járnbrautarstöð í Jerúsalem í síðasta mánuði var lagt í rúst í gær. Ísraelskir hermenn sprengdu upp allar innréttingar í íbúðinni, sem er á þriðju hæð í fjögurra hæða íbúðarhúsi. Töluverðar skemmdir urðu á öðrum íbúðum í húsinu og bifreið, sem lagt var fyrir framan húsið, eyðilagðist þegar steypuklumpar hrundu niður. Ísraelskir ráðamenn skipuðu í gær hermönnum að eyðileggja íbúðir palestínskra árásmanna, sem hafa orðið nokkrum hópi fólks að bana undanfarnar vikur. Þessi skipun var gefin í framhaldi af árás á samkunduhús gyðinga í borginni á miðvikudaginn. Sú árás kostaði fimm manns lífið, en árásmennirnir tveir féllu í skotbardaga við lögreglu strax á eftir.

Gerir umhverfismat um eigin verkefni

Mannvit vann mat á umhverfisáhrifum kísilveris Thorsil. Gerði samning um hönnun verksmiðjunnar upp á hálfan milljarð í janúar. „Parf að breyta lögum til að umhverfismat sé hafið yfir vafa,“ segir framkvæmdastjóri Landverndar.

SKIPULAGSMÁL Frummatsskýrsla um umhverfisáhrif kísilmálmverksmiðju Thorsil ehf., sem nú liggur til kynningar hjá Skipulagsstofnun, var gerð af fyrirtækinu Mannviti hf. Mannvit og Thorsil skrifuðu undir samkomulag í janúar síðastliðnum um hönnun kísilmálmverksmiðjunnar. „Óneitanlega dregur þetta úr trúverðuleika matsins,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar. Mannvit og Thorsil skrifuðu þann 10. janúar undir samstarfs-samning um hönnun kísilmálmverksmiðju Thorsil í Helgúvík. Verðmæti samningsins var sagt rúmar 500 milljónir króna í tilkynningu sem fyrirtækin sendu frá sér. Um þrjú hundruð manns koma til með að starfa í verksmiðjunni og er stefnan sett á að framleiðsla geti hafist í lok árs 2016. Það er því hagur beggja fyrirtækja að kísilmálmverksmiðjan risi í Helgúvík.



EYJÓLFUR ÁRNI RAFNSSON Forstjóri Mannvits segir ekki hægt að gera mat á umhverfisáhrifum öðru vísi en faglega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samkvæmt upplýsingum frá Skipulagsstofnun er ekkert í lögum sem bannar það að sami aðillinn sjái um hönnun verksmiðjunnar og geri frummat á umhverfisáhrifum hennar. Lögin eru byggð á Evróputilskipun og er ekki tilgreint í lögum hverjir eigi að framkvæma mat á umhverfisáhrifum. Eyjólfur Árni Rafnsson, forstjóri Mannvits, vísar alfarið á bug að óeðlilega sé staðið að málu. „Við höfum ákveðið ferli sem er bundið í lög. Það ferli gerir það að verkum að mat á umhverfisáhrifum er ekki hægt að gera öðru vísi en faglega. Þetta opin-

bera ferli tíðkast alls staðar annars staðar sem ég þekki til. Allir aðilar vinna verkið samkvæmt bestu faglegu kunnáttu sem til er,“ segir Eyjólfur. Guðmundur Ingi bendir á að þarna þurfi að breyta lögum þannig að trúverðuleiki mats á umhverfisáhrifum sé hafinn yfir allan vafa. „Þegar fyrirtæki gera mat á umhverfisáhrifum getur það dregið úr trúverðuleika þegar fyrirtækin eru fjárhagslega háð því að eiga viðskipti við framkvæmdaaðilanum. Þetta tilvik er gróft dæmi þess hvernig verkfræðifyrirtæki er stórkostlega háð framkvæmdaaðilanum og dregur úr trúverðuleika matsins því hagsmunir Mannvits eru

Óneitanlega dregur þetta úr trúverðuleika matsins. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar.

að matið komi sem best út. Einnig efast ég um að verkfræðifyrirtækið vilji setja sig í þá stöðu að hægt sé að vefengja niðurstöður matsins vegna þessara tengsla.“ Frummatsskýrslan liggur nú frammi til umsagnar og er hægt að leggja fram athugasemdir til 5. desember næstkomandi. sveinn@frettabladid.is

Staðgöngumæðrun rædd: Villandi að tala um velgjörð

STJÓRN MÁL „Staðgöngumæðrun í velferðarskygni er villandi hugtak,“ segir Björt Ólafsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar. Hún ræddi boðað frumvarp um staðgöngumæðrun í velferðarskygni á Alþingi í gær. Björt sagði að það þyrfti að ræða siðferðilegu málin sem að baki lægju. „Við erum komin á þann stað með væntanlegu frumvarpi að líkt og maður gefur af sér af góðmennsku nýrað megi að sama skapi gera ráð fyrir að konur gefi afnot af legi sínu og líkama,“ segir hún.

Tveir þingmenn VG: Ríkið eignist Grímsstaði

STJÓRN MÁL Ögmundur Jónasson og Svandís Svavarsdóttir, þingmenn Vinstri grænna, leggja til á Alþingi að ríkisstjórninni verði falið að leita eftir samningi um kaup á Grímsstöðum á Fjöllum og tryggja þannig að jörðin verði þjóðareign. Ögmundur og Svandís segja margt mæla með kaupunum. „Æskilegt er að mótuð verði stefna varðandi eignarhald og umráð yfir óbyggðum og þá sérstaklega bújörðum sem teygja sig inn á hálendið,“ segir í greinargerð þeirra.

HÁGÆÐA JÓLALJÓS

LED

VELDU JÓLALJÓS SEM ENDAST OG ÞÚ SPARAR

Frá Svíþjóð

Mikið úrval vandaðra útisería fyrir fyrirtæki, húsfélög og heimili

Grillbúðin

Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is

Opið kl. 11 - 18 virka daga
Opið kl. 11 - 16 laugardaga

Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

Uppgefnir Pólverjar fylgdu fulltrúa Eflingar út af fundi með yfirmönnum: Tólf í starfi sem 36 sinntu áður

KJARAMÁL „Þetta var ótrúlegt atvik og mikil vanvirða við fólkið sem beðið hafði um aðstoð Eflingar á fundinum,“ segir Harpa Ólafsdóttir, hagfræðingur Eflingar, sem vísar út af fundi þar sem yfirmenn fyrirtækisins Hreint ræddu við starfsmenn í ræstingum á Landspítalanum. Tólf Pólverjar sjá nú um að ræsta 26 þúsund fermetra á Landspítalanum í Fossvogi en 32 starfsmenn höfðu sama starf með höndum áður en ræstingar voru boðnar út skömmu eftir hrún. Það var fyrirtækið Hreint sem hreppti verkið og starfsmennirnir kveinka sér undan álagi og kvarta yfir kjörum sínum. Starfsmennirnir báðu Hörpu um að sitja áður nefndan fund og þeir fylgdu henni allir út þegar henni var úthýst. Sigurður Bessason, formaður Eflingar, segir stjórnendum Landspítalans fullkunnugt um álagið á starfsfólki við ræstingar. Þeir láti sem þeim komi það ekki við, þar sem störf hafi verið boðin út. Þannig ætli menn líka að hafa það í Stjórnarráðinu en Ríkiskaup auglýsa nú eftir tilboðum í ræstingar þar eftir að átján ræstingakonur var sagt upp störfum. Ræstingakonur í Stjórnarráðinu, þær Bára Valtýsdóttir og Hulda Eygló Karlsdóttir, sem var sagt upp



ÁLAG Margfalt álag er sagt á ræstingafólki á Landspítalanum eftir að verkið var boðið út. FRÉTTABLAÐIÐ/BALDUR

störfum á dögnum gefa lítið fyrir þessa sparnaðarleið. Flestar konurnar þurfi að fara á atvinnuleysisbætur enda lítið um störf fyrir konur um og yfir sextugt. Sigurður segir að menn þar ætli greinilega að bjóða ræstingarnar út og láta síðan eins og þeim komi að búbúnaður starfsfólksins ekki við. „Ég segi hins vegar, þetta mál er á borði ráðherra,“ segir Sigurður.

VERTU HJARTANLEGA VELKOMIN

Njóttu þess að undirbúa jólin hjá okkur. Við tökum vel á móti þér. Notalegir veitingastaðir og verslanir fullar af flottum vörum.

- AF ÖLLU HJARTA -



NÝTT KORTATÍMABIL

ÓPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

Kringlan

SVONA ERUM VIÐ



65 milljarðar var andvirði innflutnings í september.

Innflutningur á fyrstu níu mánuðum þessa árs er 2,7 prósentum hærrí en á sama tíma í fyrra.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Ákæran spannaði meint brot á 228 daga tímabili en sök þótti aðeins sönnuð síðustu fimm daga þess: Sigurjón sakfelldur fyrir markaðsmisnotkun

DÓMSMÁL Sigurjón Þ. Árnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, var dæmdur í tólf mánaða fangelsi, þar af níu skilorðsbundna, í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Saksóknari hafði farið fram á sex ára fangelsi fyrir brot hans. Í sama máli voru Ívar Guðjónsson, fyrrverandi forstöðumaður eigin fjárfestinga bankans (EFL), og Júlíus Steinar Heiðarsson, starfsmaður á sama sviði, dæmdir í níu mánaða fangelsi, þar af eru sex skilorðsbundnir. Sindri Svein-

son, einnig starfsmaður EFL, var sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins. Sigurður, Júlíus og Ívar skulu bera málskostnað að hálfu á móti ríkissjóði en kostnaður Sindra fellur allur á ríkið. Fjórmenningunum var gefið að sök að hafa, á tímabilinu 1. nóvember 2007 til 3. október 2008, nýtt EFL með skipulögðum og kerfisbundnum hætti til að stýra gengi hlutabréfa bankans. Í upphafi til að keyra verðið upp, síðar meir til að styðja við það og að lokum til

“Í mínum huga er þetta alröng niðurstaða.

ad tefja fyrir falli þess. Sök þótti sönnuð á síðustu fimm dögum tímabilsins.

„Í mínum huga er þetta alröng niðurstaða og ekki í samræmi við það sem ákært var fyrir. Ákæran var í raun of óljós til að hægt væri að verjast henni,“ segir Sigurjón. Hann hyggst áfrýja niðurstöðu dómsins til Hæstaréttar.

-joe



SAKFELLDUR Sigurjón hyggst áfrýja niðurstöðu dómsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Föður leitað í Kólumbíu: Reyndi að láta dóttur smygla

KÓLUMBÍA, AP Ellefu ára stúlka var í lífshættu á sjúkrahúsi eftir að lækna fjarlægðu 104 hylki, fyllt af kókaíni, úr maga hennar. Faðir hennar hafði látið hana gleypa hylkin til að hún gæti smyglað þeim til Evrópu.

Föðurinn er nú leitað, en hann sást á öryggismyndavél flytja hana í ofboði á neyðarmóttöku sjúkrahúss. Stuttu síðar sást hann yfirgefa sjúkrahúsið hinn rólegasti.

Á heimili mannsins fannst farmiði til Evrópu, skráður á nafn dótturinnar. Um það bil hálf kíló af kókaíni fannst í hylkjum í maga hennar. -gb



VAXTAÁKVÖRÐUN Peir Már Guðmundsson og Þórarinn G. Pétursson eru báðir í peningastefnunefnd.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ósammála seðlabankastjóra:

Vildi ekki vaxtalækkun

EFNAHAGSMÁL Einn nefndarmaður greiddi atkvæði gegn tillögu bankastjóra við síðustu vaxtaákvörðun og kaus að halda vöxtum óbreyttum. Þetta kemur fram í fundargerð peningastefnunefndar, en eins og kunnugt er voru vextir lækkaðir um 25 punkta.

Sá sem greiddi atkvæði gegn lækkun taldi að þótt gert væri ráð fyrir því að verðbólga hjaðnaði enn frekar á næstunni væri, lítið lengra fram á veginn, búist við að hún þokaðist aftur upp vegna verðbólguþrýstings frá vinnumarkaði og minnkandi slaka í þjódarbúskapnum. -jhb

Ekki sátt um kvótafrumvarp frá sjávarútvegsráðherra

Nýtt frumvarp sjávarútvegsráðherra um framtíðarskipan fiskveiða mætir andstöðu stjórnarandstöðuþingmanna. Stjórnarmeðlimir í atvinnuveganefnd þingsins vonast þó eftir að breið sátt geti myndast í þinginu.

SJÁVARÚTVEGUR Festa á nýtingarétt útgerðanna á fiskveiðiauðlindinni til rúmlega tuttugu ára í frumvarpi sjávarútvegsráðherra að nýju fiskveiðistjórnunarkerfi. Horfið verður frá því að aflheimildum verði úthlutað árlega og tekið upp leigusamningakerfi milli útgerða og ríkisins.

Mun ráðherra, samkvæmt frumvarpinu, halda eftir 5,3 prósentum af heildarafla til félagslegrar úthlutunar, líkt og verið hefur. Frumvarp þetta er unnið upp úr hugmyndum sáttanefndar um framtíðarskipan sjávarútvegsins. Frumvarpið á að gera skýra grein fyrir því að ríkið eigi veiðiréttinn og leigi hann út til útgerðanna. Markmið lagabreytingarinnar er að styrkja rekstrargrundvöll sjávarútvegsfyrirtækja þannig að þau geti fjárfest í greininni og skilað ríflegum arði til eiganda auðlindarinnar, þjóðarinnar.

Ásmundur Friðriksson, Sjálfstæðisflokkur, segir þau frumvarpsdrög sem nú liggja fyrir þingflokkinum, vera á þá leið að breið sátt ætti að geta myndast um frumvarpið.

„Það er margt mjög gott í frumvarpsdrögunum og ég er mjög ánægður með hvernig þetta lítur út. Þetta er að miklu leyti byggt á störfum sáttanefndarinnar. Auðvitað eignum við eftir að rýna betur í einstaka liði en á heildina lítið lítur þetta vel út og ég tel að hægt sé að mynda almenna sátt um málið á Alþingi,“ segir Ásmundur.

Páll Jóhann Pálsson, Framsóknarflokkur, tekur í sama streng. „Þetta er ákveðin sáttaleið sem flestir hafa trú á að sé til þess



AFLI Ólífr sjónarmið eru á Alþingi um efni nýs frumvarps sjávarútvegsráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

fallin að skapa sátt um kerfið bæði á þingi og í samfélaginu. Menn eru að gera sér vonir um að þetta komi til móts við flest sjónarmið. Í þessu frumvarpi fá útgerðirnar tryggingu fyrir að geta nýtt auðlindina svo hægt sé að skipuleggja reksturinn til einhvers tíma.“

Sú breiða sátt sem Páll Jóhann og Ásmundur telja geta orðið um frumvarpið, verður þó líklega torsótt. Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, er ekki jafn kátur með frumvarpið. Hann gat ekki tjáð sig um einstakar greinar í frumvarpinu því hann væri bundinn trúnaði þar til það kæmi fyrir þingið.

„Ég get hins vegar sagt að það

sem við höfum verið að sjá í fréttum, þessir gríðarlega löngu samningar með lágmarksveiðigjaldi og lítilli nýliðun í greininni, er ekki í takt við áherslur Samfylkingarinnar og ekki það sem landsmenn vilja sjá og hefur margsinnis komið fram í viðhorfskönnunum,“ segir Árni Páll.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, Vinstri grænum, er sama sinnis og Árni Páll að því leyti að líklega verði ekki mikið um sættir um þetta frumvarp.

„Ég gef lítið fyrir það að þetta eigi að heita sáttfrumvarpið mikla. Ég get hins vegar trúað því að svokallaðir hagsmunaaðilar, útgerðin og SFS, verði mjög sátt við frumvarpið. Að mínu mati



“Ég gef lítið fyrir það að þetta eigi að heita sáttfrumvarpið mikla.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, Vinstri grænum.

sýnist mér búið að negla veiðiréttinn til framtíðar í höndum þeirra og engin gulrót í átt að opnu kerfi. Það verður lítil sátt um þetta því hér er verið að binda hendur komandi ríkisstjórna til langrar framtíðar,“ segir Lilja Rafney Magnúsdóttir. sveinn@frettabladid.is

GEORG JENSEN
KÚNIGÚND
Laugavegi | Kringlunni

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 20°	Friedrichshafen 9°	New York 6°
Apéna 18°	Gautaborg 7°	Orlando 20°
Basel 11°	Kaupmannahöfn 7°	Ósló 3°
Berlín 6°	Las Palmas 22°	París 9°
Billund 7°	London 11°	San Francisco 14°
Frankfurt 8°	Mallorca 23°	Stokkholmur 5°

Á MORGUN
5-15 m/s, hvassast SV- og V-til

LAUGARDAGUR
5-13 m/s, hvassast A og SA-til

Snjólaug Ólafsdóttir
veðurfréttamaður

LÉTTSKÝJAÐ N-LANDS næstu daga en víða súld eða rigning annars. Strekkingur eða allhvass V-til í dag og á morgun. Milt í veðri áfram, hiti 3-10 stig í dag og á morgun en kólnar heldur um helgina.

AUGLÝSINGAÐEILDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI** 512-5401: Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einaradóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI** 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI** 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



LITLU JÓL SMÁRALINDAR

**FRÁBÆR
JÓLATILBOÐ**

Sjá nánar á bls. 22–23.

**OPIÐ TIL
22 Í KVÖLD**

**KOMDU Í SMÁRALIND OG GERÐU
JÓLAINNKAUPIN Í NOTALEGRI STEMNINGU**

**YNDISLEGT
JÓLASTUÐ**

Jólaljósir tendruð,
föndur, smákökur
og kransagerð

**FROZEN
HÁRGREIÐSLUR**

Ungum prinsessum verður
boðið að fá Frozen
greiðslu milli kl. 17–19

**JÓLAMYNDABÁS
SMÁRALINDAR**

Merktu myndina
#litlujolin2014 og fáðu
fria útprentun

**LÍNA
LANGSOKKUR**

Sterkasta stelpa
í heimi kemur
í heimsókn kl. 18



SMÁRALIND

Gleðileg jól

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað er sérstakt við nýjan lánaflökk Byggðastofnunar?
2. Hvað heitir utanríkisráðherra Þýskalands?
3. Hvað heitir söngvari hljómsveitarinnar Bombay Bicycle Club?

SVÖR

1. Er sérstaklega ætlaður konum. 2. Frank-Walter Steinhilber. 3. Jack Steadman.

Einn sakborninga úr Stokkseyrarmálinu dæmdur fyrir frelsissviptingu og líkamsárás í Hafnarfirði í júlí: Tíu mánaða fangelsi fyrir frelsissviptingu

DÓMSMÁL Hinrik Geir Helgason, einn þeirra sem dæmdir voru í Stokkseyrarmálinu svokallaða, var á mánudag dæmdur í 10 mánaða fangelsi fyrir að hafa svipt mann frelsi.

Kona sem var með honum í för var dæmd í tveggja mánaða fangelsi fyrir frelsissviptinguna. Hinrik var auk þess dæmdur fyrir líkamsárás.

Í dómnum kemur fram að Hinrik hafi í félagi við þrjá aðra bundið manninn á höndum og

haldið honum nauðugum í íbúð í Hafnarfirði í júlí síðastliðnum. Hinrik og annar óþekktur aðili hafi veist að manningnum þar sem hann var sofandi, kýlt hann með krepptum hnefa í andlit og líkama og brotið í honum tennur.

Þá fékk maðurinn heilahristing, glóðarauga, vör sprakk og hann var hruflaður á öxlum og bringu.

Hinrik á sakaferil að baki frá árinu 2009. Meðal annars fyrir hlutdeild að Stokkseyrarmálinu

svokallaða þar sem hann í félagi við fjóra aðra svipti mann frelsi og misþyrmdi honum. Hinrik hlaut tveggja og hálfis árs dóm fyrir það.

Konan sem var dæmd á einnig nokkuð langan sakaferil að baki, frá árinu 2004.

- vñ

DÆMDUR Hinrik Geir hlaut tveggja og hálfis árs dóm fyrir þátt sinn í Stokkseyrarmálinu svokallaða.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



VÍGAMENN Í RAKKA Liðsmenn vígasamtakanna Íslamsks ríkis fagna á götum borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hollensk móðir hélt til Sírlands til bjargar dóttur sinni: Heimti dóttur frá vígamönnum

TYRKLAND Hollensk kona, sem heitir Monique, hélt í síðustu viku til borgarinnar Rakka í Sírlandi til þess að bjarga níttján ára dóttur sinni, sem hafði gift líðsmanni vígasamtakanna Íslamsks ríkis.

Dóttirin heitir Aicha, en ættarnafn þeirra hefur ekki verið gefið upp í fjölmiðlum. Þær eru nú komnar til Tyrklands og bíða leyfis til að halda áfram til Hollands.

Vígasveitir Íslamska ríkisins hafa Rakka og fleiri borgir í norð-vestanverðu Sírlandi á valdi sínu, vaða þar uppi með hótunum og ofbeldi og heimta að fólk fari eftir ógafullri einkatúlkun þeirra á íslamskri trú.

Aicha hafði gift manni að nafni Omar Yilmaz, sem er hollensktyrkneskur og hefur gegnt herþjónustu í hollenska hernum. Hann staðfestir á Twitter-síðu sinni að „fyrirverandi eiginkona“ sín sé komin til Tyrklands, að því er fram kemur á fréttavef BBC.

- gb

Mun meiri stuðningur hjá körlum en konum

Um 41 prósent landsmanna styður ríkisstjórnina en 59 prósent styðja hana ekki. Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, formaður Landssambands framsóknarkvenna, segir muninn hugsanlega stafa af mismunandi nálgun karla og kvenna í pólitík.


STJÓRN MÁL Þriðjungur þjóðarinnar, eða 34 prósent, styður ríkisstjórnina samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Tæplega helmingur, eða 49 prósent, styður hana ekki. Fjórðungur segjast óákveðin en 4 prósent svara ekki spurningunni. Þegar einungis er litið til svara þeirra sem taka afstöðu sést að 41 prósent styður ríkisstjórnina en 59 prósent styðja hana ekki.

Stuðningurinn er meiri meðal karla en kvenna. Fjórutíu prósent karla segjast styðja ríkisstjórnina, 45 prósent segjast ekki styðja hana, þrettán prósent eru óákveðin og 2 prósent svara ekki. Tuttugu og átta prósent kvenna segjast styðja ríkisstjórnina, 53 prósent segjast ekki styðja hana, 15 prósent eru óákveðin og 6 prósent svara ekki. Af þeim sem tóku afstöðu sögðust 47 prósent karla styðja ríkisstjórnina en einungis 34 prósent kvenna.

Þetta er lítil breyting á stuðningi við ríkisstjórnina frá því í könnun sem gerð var í október, en þó innan skekkjumarka, sem eru 3,41 prósent. Þá sögðust 35 prósent styðja ríkisstjórnina og 65 prósent ekki. Könnunin var gerð á miðvikudag og fimmtudag í síðustu viku.

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, formaður Landssambands framsóknarkvenna, segist aðspurð

STYÐUR ÞÚ RÍKISSTJÓRNINA?



ekki hafa áhyggjur af þessum tölum. „En þetta eru hlutföll sem menn eiga að velta fyrir sér og af hverju þessi greinilega marktæki munur stafi,“ segir Sveinbjörg Birna. Hún hafi hins vegar engar niðurnjörvaðar skýringar á því hvers vegna þetta er svo.

„En það má velta því fyrir sér hvort ríkisstjórnin hafi verið að vinna meira í hörðu málunum frekar en þeim mjúku. Því það má sjá mismunandi hlutfall karla og kvenna sem fylgja þeim málum,“ segir hún. Sveinbjörg Birna telur þessar tölur ekki benda til þess að úrræði ríkisstjórnarinnar í skuldamálu hafi skilað sér frekar til karla en kvenna. „Heldur skýrist þetta miklu frekar af mismunandi nálgun karla og kvenna í pólitík,“ segir hún.

„Ánægjulegt er að sjá fylgi ríkisstjórnarinnar aukast og vonandi heldur það áfram í þá átt. Það kemur á óvart að ekki sé meiri stuðningur á meðal kvenna en í því felast tækifæri á sama tíma. Ábyrgur ríkisrekstur, skuldaleið-



Ábyrgur ríkisrekstur, skuldaleiðréttingar og auknið fjármagn til heilbrigðiskerfisins eru

áherslur sem ættu að höfða til beggja kynja.

Pórey Vilhjálmssdóttir, formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna.

réttingar og auknið fjármagn til heilbrigðiskerfisins eru áherslur sem ættu að höfða til beggja kynja,“ segir Pórey Vilhjálmssdóttir, formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna. „En það er þá mikilvægt að hafa í huga að kynjahlutföll í ríkisstjórn og á Alþingi hafa einnig áhrif á stuðning kvenna, fram hjá því er ekki hægt að líta,“ bætir hún við.

jonhakon@frettabladid.is

Ertu með verki í hnjám eða ökkla?

Flexor býður mikið úrval af stuðningshlífum fyrir flest stoðkerfisvandamál.









FLEXOR
NÆSTA SKREF

Orkhúsinu / Suðurlandsbraut 34 / 517 3900

Íbúar í Malí eru farnir að læra á ebóluna eftir fimm dauðsföll:

Hiti mældur á landamæraströð

MALI, AP Í landamærabænum Kouremale í Malí, rétt við landamæri Nígeríu, er nú grannt fylgst með öllum ferðum fólks milli landanna.

Allir ferðalangar þurfa að koma við í hvítu tjaldi, þar sem hiti þeirra er mældur og þeim sagt að þvo sér um hendurnar með klórvatni.

Fimm manns hafa nýlega látið lífið úr ebólu í Malí. Tveir þeirra höfðu farið yfir landamærin og komið við í Kouremale.

Þau fyrstu sem létust voru tveggja ára stúlka og sjötugur maður, en hann hafði komið frá Gíneu í síðasta mánuði og farið um Kouremale. Ekki er talið að stúlkan hafi smitað neina aðra, en gamli maðurinn virðist hafa smitað þrjá aðra sem síðan létust.

Grannt er fylgst með rúmlega 400 manns í viðbót.

„Í fyrstu trúðum við ekki



EFTIRLITS-STÖÐ VIÐ LANDAMÆRIN Heilbrigðisstarfsfólk tekur á móti sjúklingum við landamæri Malí og Gíneu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

á ebóluveikina,“ segir Falaye Keita, sem býr í Kouremale. „Allt frá því gamli maðurinn dó vitum við að ebólan er raunveruleg, og við erum virkilega hrædd um að þessi sjúkdómur muni koma

til þorsins okkar.“ Jean-Francois Delfraissy, yfirmaður ebóluteymis á vegum Frakklandsforseta, hefur varað við því að næsti ebólufaraldur geti sprottið upp í Malí.

- gb

HÁRVÖRUR Í ÚRVALI

BaByliss

REMINGTON

PHILIPS



8.999KR

Remington
Slöngulokkajárn
vnr. REM-C196Z1



8.999KR

Remington
Keilujárn
vnr. REM-C196W1



19.995KR

Babyliss
Curl Secret
vnr. BAB-C1000E

Kaupauki* að verðmæti 4.995
fylgir með Curle Secret, Blásara 2200w
og Diamond Professional Sléttujárninu.

Kaupauki:

- Taska
- Hárbursti
- Teygjur
- Andlitsmaski
- Ilmvatnsprufur
- Sjampó
- Hárnæring
- Naglaþjöl



9.995KR

Blásari 2200w
vnr. BAB-6614E



12.995KR

Sléttujárn Diamond
Professional
vnr. BAB-ST387E



4.995KR

Thermo protect
2100w
vnr. PHS-HP8230



4.995KR

Sléttujárn
vnr. PHS-HP8319



7.995KR

Multi trimmer fyrir
skegg og nef
vnr. PHS-QG3330



9.995KR

Remington herrarakvél
360 Rotary
vnr. REM-RS150

Birt með fyrirvara um prentvillur og ófyrirsjáanlegar breytingar. *Gildir á meðan birgðir endast. Allt vörurvalið fæst í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum.

NÝTT KORTATÍMABIL

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Nýjung í Heilsuverndarstöð: Vínveitingar á Barónsstígnum

SKIPULAGSMÁL Hostel B47 í Heilsuverndarstöðinni á Barónsstíg vill fá leyfi til að selja léttvín í borðsal á fyrstu hæð í tengslum við gístaúsrekstur sinn.

Skipulagsfulltrúi borgarinnar segir fyrir sitt leyti að beiðnin sé í samræmi við aðalskipulag. Þó þurfi að meta hljóðvist þar sem starfsemin sé í íbúðargötu og segir koma til greina að takmarka opnunartímann. Byggingarfulltrúi frestaði afgreiðslu.

-gar

Sjö stjórnarþingmenn telja ótækt að fjölmargar ríkisjarðir séu ónýttar og vilja koma þeim í notkun: Eyðibýli eru á 160 af 473 jörðum í ríkiseigu

LANDBÚNAÐUR Ríkið á 473 jarðir og af þeim eru eyðibýli um 160 talsins.

Sjö þingmenn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hafa lagt fram þingsályktunartillögu þess efnis að fjármálaráðherra verði falið að leita allra leiða til að koma ónýttum, eða ósetnum, jörðum í notkun.

Það er mat flutningsmanna að ótækt sé að fjöldi jarða í ríkiseigu sé í eyði, eða illa nýttur, á sama tíma og nýliðun í landbúnaði er erfiðleikum bundin.

Með slíkri aðgerð telja þingmennirnir að megi auka byggðafestu og atvinnumöguleika í dreifðum byggðum landsins. Enn fremur að greiða fyrir ábúendaskiptum á ríkisjörðum í því skyni að stuðla að markvissri búsetu og uppbyggingu þessara jarða.

Í greinargerð tillögunnar segir að ungrir bændur eigi í erfiðleikum með að hefja búskap þar sem bújarðir liggja ekki á lausu og/eða eru ákaflega dýrar.

Með því að koma jörðum í notk-

34% þeirra jarða sem ríkið á eru eyðibýli.

un mætti, að mati flutningsmanna, að nokkru leyti leysa vanda nýliðunar, auka matvælaframleiðslu, tryggja byggðafestu og bæta atvinnumöguleika. Hún styðji við aðrar þær aðgerðir sem óhjákvæmilega þarf að ráðast í til þess að snúa við óheppilegri byggðapröun í mörgum héruðum.

-shá



Í EYÐI Það er mat flutningsmanna að ótækt sé að fjöldi jarða í ríkiseigu sé í eyði á sama tíma og nýliðun í landbúnaði er erfiðleikum bundin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÞÍN STUND ÞINN STAÐUR



TIMEOUT HÆGINDASTÓLL



TIMEOUT
Tilboð
kr. 322.980
með skemli



TIMEOUT STÓLLINN
Hannaður með fagurfræði og þægindi að leiðarljósi.
Hönnuður: Jahn Aamodt

CONFORM®

**Betra
BAK**

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477

Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100

Opið virka daga frá kl. 10-18

laugardaga frá kl. 11-16 og sunnudaga frá kl. 13-17



SUMAR Úrkomuspár munu verða nákvæmari með nýrri ofurtölvu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ofurtölva á Íslandi stórbætir veðurspár

Veðurstofur Íslands og Danmerkur stórauka samstarf. Ofurtölva verður sett upp á Íslandi þar sem orkuþörf hennar gerir rekstur í Danmörku óhugsandi. Tækifæri fyrir Veðurstofuna og tölvuhýsingarfyrirtæki, segir þróunarstjóri Veðurstofunnar.

RANNSÓKNIR „Ég lít á þetta sem spennandi verkefni fyrir upplýsingatækniiðnað á Íslandi. Tilurð þess er að danska veðurstofan þarf að endurnýja þennan búnað á fimm til sjö ára fresti, en öflugri tölva þýðir meiri orkuþörf og kvaðir sem opinberar stofnanir í Danmörku starfa undir leyfa ekki rekstur þessarar tölvu þar í landi,“ segir Ingvar Kristinnsson, þróunarstjóri Veðurstofu Íslands.

Á dögnum var undirritaður samningur um samstarf Veðurstofu Íslands og dönsku veðurstofunnar (DMI) um stóraukeyð samstarf, og þar á meðal rekstur tölvu sem hefur tífalt meiri reiknigetu en sú tölva sem DMI nýtir í dag. Ávinningur DMI er að nýta umhverfisvæna orkugjafa Íslands en Ingvar segir að orkuþörf nýju ofurtölvunnar og búnaðar sem henni tengist nálgist eitt megavatt á ári.

Veðurstofu Íslands gefst á móti tækifæri til að stækka reiknisvæðið í kringum Ísland og bæta þjónustu sína á öllum sviðum; í veðurspám, hafisspám, reikningum á fortíðarloftslagi og framtíðarsviðsmyndum mögulegra loftslagsbreytinga. Einnig gefast betri tækifæri til styrksóknna, bæði úr norrænum og evrópskum rannsókn- og þróunarsjóðum. Sameiginlega munu DMI og Veðurstofan geta beitt sér enn betur að sam-

Framtíðarsýnin er fjölbjóðlegt samstarf

Flestar veðurstofur í Evrópu reka sínar eigin ofurtölvur til þess að reikna veðurspár. Þróun ofurtölva er hröð og kröfur til veðurstofa um nákvæmari veðurspár kalla á hraðari uppfærslur á ofurtölvunum en áður. Á sama tíma er þrengt að fjárhag veðurstofa.

Norska og sænska veðurstofan starfa saman að rekstri ofurtölvu, en nú er stefnt að samnorrænni gagnahýsingu og rekstri ofurtölvu til að reikna veðurspár fyrir öll Norðurlöndin frá árinu 2020.

„Vinna er hafin við að meta hvað tölva þarf að hafa mikla reiknigetu til að geta sinnt öllu þessu svæði sem nær yfir öll Norðurlöndin og Ísland og Grænland þar með talin. Menn eru jafnvel að velta því fyrir sér að Eystrasaltsríkin verði þar líka með,“ segir Ingvar.

starfi hvað varðar loftslagsmál á norðurslóðum.

Veðurstofurnar tvær hafa í langan tíma verið í virku samstarfi um veðurþjónustu, og lengi keyrði DMI veðurlíkan fyrir Ísland, sem notað var sem grunnlíkan fyrir veðurspár á Íslandi. Í sumar skipti Veðurstofan um veðurlíkan sem kallaði á meira reikniafl en DMI hafði aflögu.

Ingvar segir að hugsunin sé að setja nýju ofurtölvuna upp í húskynnum Veðurstofunnar, en einnig hafi menn velt því fyrir sér hvort skynsamlegt sé að vinna með einkaaðilum, bæði hvað varðar rekstur og hýsingu. „Það kemur í ljós á næstu mánuðum, en að því er stefnt að seint á næsta ári verði ofurtölvan komin í rekstur og veðurspár byggi á henni snemma árs 2016,“ segir Ingvar, sem telur



„Að því er stefnt að seint á næsta ári verði ofurtölvan komin í rekstur og veðurspár byggi á henni snemma árs 2016.“

Ingvar Kristinnsson,
þróunarstjóri Veðurstofu Íslands.

rekstur ofurtölvunnar hér áhuga-vert upphafsverkefni á þessu sviði. Ekki aðeins fyrir Veðurstofuna heldur einnig fyrir íslensk tölvuhýsingarfyrirtæki sem geti nýtt tækifærið til að kynna þessum rekstri frá fyrstu hendi.

svavar@frettabladid.is



Besti smábíllinn - aftur...

➤ Ford Fiesta var valinn besti smábíllinn árið 2013 og nú aftur árið 2014 af sérfræðingum virta bílblaðsins Bilmagasinet.

Evrópubúar eru sammála þessari niðurstöðu því síðustu tvö ár hefur Ford Fiesta selst betur en nokkur annar smábíll í Evrópu.

Brimborg fagnar 50 árum í bílgreininni og af því tilefni fylgja ný Nokian vetrardekk að verðmæti 120.000 kr. öllum Ford Fiesta í nóvember. Nýttu tækifærið.

FORD FIESTA

BEINSKIPTUR

FRÁ **2.450.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **2.790.000** KR.



ford.is

50 ári bílgreininni



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16. Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Kynntu þér nánar mest selda smábíl Evrópu:

Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjári í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). CO₂ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur (bæði sjálfskiptur og beinskiptur). Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggisþúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum!

Ford Fiesta, bensín 65 hð, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. CO₂ 99 g/km.

Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hð, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. CO₂ 114 g/km.

Ford Fiesta ST, EcoBoost bensín 182 hð, 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. CO₂ 138 g/km. Kraftaútgáfan Fiesta ST hefur nú þegar hlotið 22 alþjóðlegar viðurkenningar.

Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Níundi hver dómþoli karl: 460 bíða eftir afplánun

ALPINGI Innanríkisráðherra hefur svarað fyrirspurn Helga Hrafn Gunnarssonar, þingmanns Pírata. Fyrirspurnin var þrjúþætt en meðal annars spurði hann hve margir dómþolar hefðu bedið afplánun í upphafi árs.

Í svarinu kemur fram að í upphafi árs hafi alls 460 dómþolar bedið afplánun í upphafi árs.

Þá kom einnig fram að á árunum 2010-2014 hefðu 1.025 dómþolar hafið afplánun en rúmlega níu af hverjum tíu þeirra eru karlmenn. Flestir dómþola á tímabilinu eru á aldrinum 21-30 ára eða ríflega helmingur þeirra.

-joe

Vinnuhópur umhverfis- og auðlindaráðuneytis skoðar hvort sex rannsóknarstofnanir eigi að sameinast: Vilja nýta fé rannsóknarstofnana betur

STJÓRNSÝSLA Vinna er hafin við að meta sameiningu sex stofnana sem heyrna undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Stofnanirnar sem um ræðir eru Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvannastofnun við Mývatn, Umhverfisstofnun vegna verkefna á sviði vöktunar og Veðurstofa Íslands.

Þá verða jafnframt skoðaðir mögulegir samstarfsfletir við Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR) og Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði. Þessi vinna er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem lögð er áhersla á samhæfingu ríkisstofnana sem stunda rannsóknir og þróun, með það að markmiði að nýta fjárveitingar sem best.

Verkefnið er enn fremur í anda til-

→ Stofnanirnar eru Náttúrufræðistofnun, Náttúruvannastofnun við Mývatn, Umhverfisstofnun vegna verkefna á sviði vöktunar og Veðurstofan.

lagna hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar sem fela meðal annars í sér að bæta hagkvæmni og árangur í ríkisrekstri, að rekstur ríkisins verði gerður skilvirkari og framleiðni aukin.

Stýrihópur umhverfis- og auðlindaráðuneytis og viðkomandi stofnana hefur yfirumsjón með verkinu.

-shá



URRIDAFLOSS Sameining yrði umfangsmikil aðgerð, ef af verður.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Hautfundur Landsvirkjunar
25. nóvember 2014
kl. 14-16 í Silfurbergi Hörpu

Fjölbreytt tækifæri fyrir íslenska orku

Framtíðarsýn Landsvirkjunar er að vera framsækið raforkufyrirtæki á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Við störfum í alþjóðlegu umhverfi og viljum vera meðal þeirra bestu sem vinna og selja orku. Á haustfundinum munum við fjalla um þær spennandi áskoranir og tækifæri sem Íslendingar standa frammi fyrir í orkuvinnslu og raforkusölu.



Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra
Ávarp

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar
Nýtt markaðsumhverfi - fjölbreytt eftirspurn

Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar
Mikilvægi rammaáætlunar - áskoranir og tækifæri

Endurnýjanlegir orkugjafar og nýir virkjanakostir

Óli Grétar Blöndal Sveinsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs
Vatnsaflskostir

Margrét Arnadóttir, verkefnastjóri vindorku
Vindorkukostir

Gunnar Guðni Tómasson, framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs
Jarðvarmakostir

Umræður

Fundarstjóri: **Brynja Þorgeirsdóttir**, dagskrárgerðarmaður

Allir velkomnir
Skráning á www.landsvirkjun.is



RAGNHEIÐUR SKÚLADÓTTIR er nýráðinn listrænn stjórnandi LA.

Ráðning þjóðleikhússtjóra: Umsækjandi vill rökstuðning

STJÓRNSÝSLA Ragnheiður Skúladóttir ætlar að fara fram á rökstuðning vegna ráðningar Ara Matthíassonar sem þjóðleikhússtjóra.

Ari Matthíasson var á dögnum skipaður þjóðleikhússtjóri til fimm ára af menntamálaráðherra en tíu sóttu um starfið. Þjóðleikhúsráð gaf umsögn þar sem mælt var með fjórum umsækjendum og stóð valið í endann á milli Ara og Ragnheiðar.

Ragnheiður staðfestir við Fréttablaðið að hún ætli að fara fram á rökstuðning vegna ráðningarinnar en vill ekki tjá sig meira um málið fyrr en hún fær rökstuðninginn.

-vh



BERNADETTE SMYTH Lögmaður hennar sagði dómsúrskurðinn „vonbrigði fyrir kristna menn um heim allan“.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Berst gegn fóstureyðingum: Dæmd fyrir gróft áreiti

ÍRLAND, AP Bernadette Smyth, ein ákafasta baráttukonan gegn fóstureyðingum á Írlandi, var í gær sakfelld fyrir gróft áreiti í garð Dawn Purwis, yfirmanns einu fóstureyðingarstofunnar í Belfast.

Hún á yfir höfði sér fangelsisdóm, en refsing verður ákveðin þann 17. desember.

Smyth hótaði Purwis ítrekað og dómariinn sagði í úrskurði sínum að allir, sem stóðu í vegi fyrir herferð Smyth gegn fóstureyðingum, hefðu orðið fyrir margvíslegu áreiti og árásum.

-gb

DEBENHAMS

Sprengidagur

25%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM*
NEMA 20% AFSLÁTTUR
AF SNYRTIVÖRUM

*Gildir ekki af öðrum tilboðum

OPIÐ Í DAG FRÁ KL.
9:00 - 23:00

OFURTILBOÐ BARA Í DAG*

FIMMTUDAGINN 20. NÓV.

*Á meðan birgðir endast

*Gerðu lífid
skemmtilegra*

MAC


20% afsláttur af öllum
Mac snyrtivörum.



40% afsláttur af útiskóm
fyrir herra og börn.



40% afsláttur af öllu
af jólaskrauti



40% afsláttur af húfum,
treflum og hönskum fyrir
dömur og herra



40% afsláttur af dömu-
náttfötum frá Iris and Edie



40% afsláttur af Edition
fatnaði fyrir dömur.



40% afsláttur af öllum
herraskyrtum og bindum
frá Thomas Nash.



40% afsláttur af Jasper
Conran náttloppum
fyrir herra.

Finndu okkur á facebook

NÝTT KORTATÍMABIL

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



Men frá 16.900 kr.

Lokkar 15.900 kr.

Norðurljós
Nýjasta hönnun úr Icecold silfurflunni er innblásin af hinum töfrandi Norðurljósum. Tilvalin gjöf til vina og vandamanna erlendis.

Fæst hjá **Jóni & Óskari**.
Laugavegi 61 // Kringlunni // Smáralind.
Tel. +354 552 4910 // www.jonogoskar.is.

JÓN & ÓSKAR ICECOLD
Northern lights

Fæddist heyrnarlaus en skaraði fram úr: Dúx með ígræðslu



**BRÝNDÍS GUÐMUNDS-
DÓTTIR** Pakkar árangur drengsins kuðungs-ígræðslu og markvissri þjálfun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MENNTUN Drengur sem fæddist heyrnarlaus hlaut 95 í raðeinkunn í samræmdum prófum lokaárs grunnskóla í október.

Pilturinn fór í kuðungsígræðslu tæplega tveggja ára og heyrir í kjölfar þess. Ígrædda tækið framkallar hljóðáhrif með því að örva heyrnartaugina með rafmagni. Með krókaleiðum er hljóði breytt í rafboð sem örva taugafurur innra eyrans og notandinn skynjar sem hljóð.

„Árangur pilsins er mjög merkilegur og sýnir hvað hægt er að gera með breyttum ytri skilyrðum og markvissri þjálfun,“ segir Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur. - Joe



ÓSÁTTIR Bæjarstjórsmenn í Reykjanesbæ mættu á bæjarstjórnarfund og mótmæltu skertum greiðslum. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Starfsmenn mótmæltu niðurskurði

Starfsmenn Reykjanesbæjar fjölmenntu á bæjarstjórnarfund á þriðjudag og mótmæltu fyrirhuguðum niðurskurði á launum um 250 milljónir. Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og Starfsmannafélag Suðurnesja funduðu í gær með bæjarstjórsmönnum.

REYKJANESBÆR Mikillar óánægju gætir meðal starfsmanna Reykjanesbæjar með fyrirhugaðar niðurskurðarhugmyndir bæjarins. Fjölmenntu bæjarstjórsmenn af því tilefni á fund bæjarstjórnar í gær og mótmæltu áformum um að lækka útgjöld vegna bifreiðastyrkja og yfirvinnu starfsmanna.

„Ætlað er að minnka útgjöld til þessara liða um 250 milljónir króna. Formaður Starfsmannafélags Suðurnesja segir mikinn óróa í fólki.“

Friðjón Einarsson, formaður bæjarráðs Reykjanesbæjar, segir þetta vera hluta af 900 milljóna króna hagræðingaraðgerð sem þurfi að fara í.

„Aðalástæðan fyrir þessum aðgerðum er sú að eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur krafist þess að bæjarstjórn taki á sínum málum því ekki hefur gengið sem skyldi á síðustu árum. Ef við getum ekki staðið okkur þá tekur eftirlitsnefnd yfir reksturinn,“ segir Friðjón.

Stefán B. Ólafsson, formaður Starfsmannafélags Suðurnesja, segir mikinn óróleika í kerfinu og starfsmenn uggandi um hag sinn. Lítið samráð hafi verið við starfsmenn bæjarins með þessar áætlanir.

„Það þarf fyrst og fremst að vera ákveðið samráðsferli við starfsmenn. Við erum að vinna þetta með okkar lögmonnum. Það sem þeir eru að skoða er hvort ákvæði um hópuppsagnir eigi við,“ segir Stefán.

Að sögn Stefáns er fólk á mismunandi stað í lífinu og því komi þetta misjafnlega niður á fólki.

„Þetta er áfall fyrir fólk sem er

„Þetta er áfall fyrir fólk sem er búið að vera á finum launum í langan tíma og fer að lenda í niðurskurði núna.“

Stefán B. Ólafsson, formaður Starfsmannafélags Suðurnesja.

„Ef við getum ekki staðið okkur þá tekur eftirlitsnefnd yfir reksturinn.“

Friðjón Einarsson, formaður bæjarráðs Reykjanesbæjar.

búið að vera á finum launum í langan tíma og fer að lenda í niðurskurði núna. Tala nú ekki um ef einhverjir eru á síðustu árum starfsævi sinnar og lenda nú í að laun þeirra skerðast. Það gæti þá þýtt skerðingu á lífeyrisréttindum fólks,“ segir Stefán sem kveður samráðið vanta og að starfsmenn viti lítið um málið.

„Við erum ekki búin að sjá neina útlístan eða útfærslu á hvernig þetta verði gert. Því er starfsfólkið uggandi yfir að laun þess skerðist. Óvissan vegna ýmissa þátta er erfið en vonandi fer að skýrast hvernig þetta er hugsað.“

Friðjón Einarsson segir aðgerðirnar óumflýjanlegar.

„Reykjanesbær greiðir á sjötta hundruð milljónir á ári í bílastyrki og yfirvinnu. Við verðum að lækka þá tölu um helming. Það er ekki verið að segja upp neinum starfsmanni bæjarins eða hreyfa við föstum launum fólks.“

svainn@frettabladid.is

Opinn fræðslufundur

Erfðir brjóstakrabbameins

mánudaginn 24. nóvember kl. 17:00 - 18:30
í fyrirlestrasal Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE), Sturlugötu 8

Erindi flytja:

Kristján Skúli Ásgeirsson, brjóstaskurðlæknir, Landspítala

Þórunn Rafnar, erfðafræðingur, ÍE

Laufey Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár

Kári Stefánsson, læknir og erfðafræðingur, ÍE

Kaffiveitingar frá kl. 16:30



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Jól og áramót með Sinfóníunni

Tryggðu þér miða á hátíðartónleika



JONSSON & LEWIS • J.L.L.S. • SÍA

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

[f](#) [i](#) [t](#) @icelandsymphony #sinfo14

Aðventutónleikar

Fim. 4. des. » 19:30

Tónlist eftir Johann Sebastian Bach lætur engan ósnortinn þar sem gullfallegar laglínur koma öllum í sanna-kallað hátíðarskap. Einleikshlutverkin eru í höndum konsertmeistara Sinfóníuhljómsveitarinnar, Sigrúnar Eðvaldsdóttur og Nicola Lolli. Hátíðlegir tónleikar á aðventu þar sem jólastemningræður ríkjum.

Johann Sebastian Bach

Hljómveitarsvíta nr. 1

Konsert fyrir tvær fiðlur í d-moll

Brandenborgarkonsert nr. 1

Hljómveitarsvíta nr. 3

Dirk Vermeulen hljómveitarstjóri

Sigrún Eðvaldsdóttir og

Nicola Lolli einleikarar

Jólatónleikar

Lau. 13. des. » 14:00, 16:00

Sun. 14. des. » 14:00, 16:00

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar hafa notið gífurlegra vinsælda og eru fastur liður í jólahaldi margra fjölskyldna á Íslandi. Í ár, sem endranær, verður hátíðleikinn í fyrirrúmi þar sem sígild jólalög og hátíðleg tónlist er í forgrunni. Kynnir er trúðurinn Barbara.

Bernharður Wilkinson hljómveitarstjóri

Hulda Björk Garðarsdóttir og

Kolbrún Völkudóttir einsöngvarar

einleikarar, ballettdansarar, bjöllukór og barnakórar.

Vínartónleikar 2015

Fim. 8. jan. » 19:30

Fös. 9. jan. » 19:30

Lau. 10. jan. » 16:00, 19:30

Árlegir Vínartónleikar hljómveitarinnar þykja ómissandi upphaf á nýju ári. Að vanda hljómar sígild vínartónlist; fjörugir polkar, vínarljóð og ariur úr vinsælum óperettum að ógleymdum sjálfum svellandi Vínarvalsinum. Þetta eru vinsælustu tónleikar hljómveitarinnar þar sem glæsileiki og glaðværd eru ríkjandi.

David Danzmayr hljómveitarstjóri

Dísella Lárusdóttir og

Garðar Thor Cortes einsöngvarar

Jólin byrja



Birt með fyrirvara um verðbreytingar og prentvillur

iPad Air 2

Verð frá **89.990.-**
Silfur - Gull - Dökkgrár

iPad mini 3

Verð frá **72.990.-**
Silfur - Gull - Dökkgrár



Macally hlíf/standur
Góð hlíf sem einnig nýtist sem standur.
Verð frá: 6.990.-



Knomo Folio - nokkrir litir
Mjög góð leðurhlíf og standur
Fyrir iPad Air og iPad mini.
Verð frá: 7.990.-



Apple Smart Cover - 5 litir
Vönduð skjáhlíf frá Apple fyrir
iPad Air og iPad mini.
Verð frá: 8.990.-



Juice Pack Powerstation
Hraðvirk og öflug auka rafhlaða
fyrir síma, iPad og önnur USB tæki.
Verð: 8.990.-

með góðu Epli



MacBook Air 11"

Verð frá **164.990.-**

MacBook Air 13"

Verð frá **184.990.-**



iMac 21"

Verð frá **199.990.-**

iMac 27"

Verð frá **319.990.-**



Mac mini

Verð frá **99.990.-**



Libratone ZIPP - hátalari
Práðlaus hátalari frá Libratone.
Verð: 59.990.-



MacBook Air 13" taska
Knomo Troon 3 litir.
Verð: 14.990.-



Heymartól - Sol Republic Tracks
Sterk heyrnartól, frábær hljómur.
Verð: 16.990.-

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is





Í HÆTTU? Þeir sem drukkna eru helst börn og ungmenni. NORDICPHOTOS/AFP

Algengt að börn drukkni:

Um 372 þúsund drukkna á ári

SLYS Rúmlega fjórutíu einstaklingar drukkna á hverri einustu klukkustund, og drukkun er á meðal tíu algengustu dánarsaka barna og ungmenna í hverjum einasta heimshluta.

Upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna greinir frá þessum niðurstöðum úr skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Önnur niðurstaða WHO er að 372 þúsund manns drukkna á ári hverju.

Aðrar sláandi niðurstöður í skýrslunni eru m.a. að meira en helmingur þeirra sem drukkna er undir 25 ára aldri. Hæsta hlutfallslega dánartíðnin er á meðal barna, fimm ára og yngri. -shá

H5N8 í fyrsta sinn í Evrópu: Ný fuglaflensa

HEILBRIGÐISMÁL Fuglaflensa af stofni H5N8 kom upp á kalkúnabúi í Þýskalandi 4. nóvember síðastliðinn, í varphænum í Hollandi 14. nóvember og sama dag í aliöndum á Englandi.

Matvælastofnun á Íslandi telur litla hættu á að fuglaflensan berist hingað til okkar, vegna strangra innflutningshafta sem hér gilda. -jhh

Ferðapjónustuna bráðvantar fleiri menntaða starfsmenn

Skortur á fagmenntuðu starfsfólki innan ferðapjónustunnar er tilfinnanlegur og getur orðið dragbítur á vöxt greinarinnar til framtíðar litið. Að óbreyttu gæti orðspor Íslands sem ferðamannastaðar beðið skaða af.

FERÐAPJÓNUSTA Fjölgun fagmenntaðs starfsfólks í ferðapjónustu er langt frá því að vera nægilega hröð og hefur engan veginn haldið í við fjölgun ferðamanna síðastliðin ár. Framboð menntunar er sundurleitt, samráð fræðsluáðila skortir og utanumhald um málefni menntunar í ferðapjónustu er ófullnægjandi. Samhliða fjölgun ferðamanna hefur fyrirtækjum fjölgað um 72 prósent frá árinu 2008.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri greiningu sem KPMG vann að beiðni Ferðamálastofnu á framboði og fyrirkomulagi menntunar tengdrar ferðapjónustu og þörfum greinarinnar þar að lútandi.

Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri segir að niðurstöður vinnunnar gefi til kynna að farið sé að reyna á þanþol atvinnugreinarinnar þegar kemur að því að tryggja vandaða þjónustu. Við því þurfi að bregðast. „Of miklar hindranir virðast vera innbyggðar í kerfið til þess að tryggja að vöxtur og fagþekking haldist í hendur og það verður ein af megináskorunum ferðapjónustunnar á næstu árum að tryggja að gæði, fagmennska og tækifæri til þekkingaröflunar og þjálfunar þeirra sem starfa í greininni verði leiðarljós þróunarinnar.“ segir Ólöf.

Spurð í hvaða vandræðum



“Of miklar hindranir virðast vera innbyggðar í kerfið til þess að tryggja að vöxtur og fagþekking haldist í hendur.

Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri.

ferðapjónustan geti lent ef skortur á fagmenntuðu vinnuafli verður viðvarandi segir Ólöf: „Eigi atvinnugreinin að vaxa með sjálfbærum hætti og í sátt við land og þjóð verður að tryggja að menntunartækifærin séu í samræmi við þarfir atvinnurekenda og starfsfólks, þannig að hægt sé að tryggja gæðin. Verði sú ekki raunin er hætt við að orðspor Íslands sem áfangastaðar ferðamanna bíði skaða af. Í ljósi þess að um 40 prósent erlendra ferðamanna segjast hafa tekið ákvörðun um Íslandsferð á grunni ábendinga frá vinum og vandamönnum og með hliðsjón af þeirri áherslu sem okkar gestir leggja á mikilvægi gestrisni og gæða, er hætt við að þetta hefði afar neikvæð áhrif á atvinnugreininna í heild.“

svavar@frettabladid.is



Í HEIMSÓKN Tilhneiging meðalfyrirtækis í ferðapjónustu er að ráða ófaglært starfsfólk og litlar kröfur eru gerðar um menntun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

→ Ferðamönnum fjölgar hraðar en fagfólki

Rauði þráður greiningarinnar er að gap sé á milli fjölgunar ferðamanna og fagmenntaðs starfsfólks, en það sé hins vegar skiljanlegt þar sem aukning ferðamannastraumsins til landsins er fordæmalaus í heiminum. Til lengri tíma litið telst ljóst að mati aðila innan ferðapjónustunnar og fræðslustofnana, sem KPMG ráðfærði sig við, að ef ekkert verður að gert muni verða erfitt að veita öllum þessum fjölda ferðamanna þá þjónustu sem þeir þarfnast, og sérstaklega verði að horfa til fjölgunar fagmenntaðra í hóteltjónun, framreiðslu, matreiðslu og afþreyingariðnaðinum. Því er lagt til að stofnað verði fræðsluráð sem hefði yfirsýn yfir málefni menntunar í ferðapjónustu þar sem ættu sæti fulltrúar stjórnvalda og hagsmunaaðila innan greinarinnar.

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



UPPLIFÐU RÝMI



Nýr ŠKODA Rapid Spaceback

Nýstárlegt og glæsilegt útlitið kemur á óvart, en þú verður fyrst verulega hissa þegar þú kemur inn í bílinn og finnur hversu rúmgóður hann er. Fóta- og höfuðrýmið í þessum fyrsta hlaðbaki sinnar tegundar frá Škoda er nefnilega það mesta sem fyrirfinnst í þessum stærðarflokki bíla. Skyggða sóllúgan, sem hægt er að fá sem aukabúnað, og stór afturrúðan auka svo enn frekar á frelsistilfinninguna. Þegar við þetta bætast allar góðkunnu „Simply Clever“ lausnirnar frá Škoda er útkoman bíll sem á engan sinn líka. Sestu inn og njóttu þess að láta fara vel um þig.

Nýr ŠKODA Rapid Spaceback kostar aðeins frá:
3.080.000,-

m.v. ŠKODA Rapid Spaceback 1.2TSI, 86 hestöfl, beinskiptur.



Eyðsla frá 4,4 l/100 km



CO₂ frá 114 g/km




5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNcap

Aðventan er gleðileg í Garðheimum



FALLEG JÓLAGJÖF Í HVERN PAKKA



20% AFSLÁTTUR
ÚTI- OG INNILJÓSA SERÍUR
AÐVENTULJÓSA
GERVIJÓLATRÉ OG KERTI



20% AFSÁTTUR
AF ÖLLUM AÐVENTULJÓSUM

TILBOÐIÐ GILDIR TIL 1. DES. 2014

Jólahekkur
barnanna
TEIKNABU GARÐHEIMA
- HVER FÆR VERBLAUN?



GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Rússar mótmæla ákvörðun Úkraínustjórnar: Greiðslur stöðvaðar

ÚKRAÍNA, AP Rússar gagnrýna harðlega ákvörðun Úkraínustjórnar, frá því fyrr í mánuðinum, um að stöðva allar greiðslur úr ríkissjóði til austurhéraðanna sem uppreisnarmenn hafa á sínu valdi. Reiknað er með því að efnahagsástandið í austurhéraðunum muni versna enn í framhaldinu.

Sergei Lavrov, utanríkisráðgjafi Rússlands, segir að með þessu geti Úkraínustjórn verið að „undirbúa jarðveginn fyrir nýja innrás í þeim tilgangi að leysa vandann með valdbeitingu“.



SEERGEI LAVROV Segir Úkraínustjórn undirbúa innrás. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flugvöllur í Vatnsmyri varð að hitamáli í bæjarstjórn Akureyrar í fyrradag: Meirihluti klofnaði á Akureyri

AKUREYRI Á bæjarstjórnarfundum á Akureyri á þriðjudag klofnaði meirihluti L-listans, Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar, vegna ályktunar um Reykjavíkflugvöll. Samþykktu átta bæjarfulltrúar af ellefu ályktunina en bæjarfulltrúar Samfylkingar og Bjartrar framtíðar sátu hjá.

Meginágreiningurinn snerist um að Alþingi ætti að hlutast til um að taka skipulagsvald af Reykjavíkurborg til að festa Reykjavíkflugvöll í Vatnsmyri.

Allir bæjarfulltrúar voru samála um mikilvægi þess að flugvöllur yrði áfram staðsettur í Reykjavík. Hins vegar kom bæjarstjórnin sér ekki saman um ályktun þess efnis.

Fór svo að bæjarfulltrúarnir þrjú ítrekuðu í bókun að flugvöllur í Reykjavík væri mikilvægur fyrir landsbyggðina. Segir þar að Reykjavík sé höfuðborg Íslands og hafi sem slík víðtækum skyldum að gegna gagnvart landsmönnum öllum.



AKUREYRI Ekki eru allir á einu máli um Reykjavíkflugvöll. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Við lifum vel og lengi

Landssamtök lífeyrissjóða og Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga, í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, efna til málþings um breyttar lífslíkur og áhrif þess á lífeyrissjóði mánudaginn 24. nóvember kl. 13-16 á Grand hóteli Reykjavík.

Dagskrá:

- 13:00 [Gunnar Baldvinsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, setur málþingið.
- 13:15 [Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur: Nýjar lífslíkur og spá um framtíðina.
- 13:30 [Þórir Óskarsson tryggingastærðfræðingur: Aðferðafræði og niðurstöður.
- 13:45 [Steinunn Guðjónsdóttir tryggingastærðfræðingur: Áhrif hækkandi lífaldurs á tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða.
- 14:00 [Fyrirspurnir til framsögumanna.
- 14:15 [Björn Z. Ásgrímsson sérfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu: Hvernig hafa aðrar þjóðir brugðist við hækkandi lífaldri?

Kaffihlé

- 15:00 [Hvernig eiga íslenskir lífeyrissjóðir og aðilar vinnumarkaðarins að bregðast við auknum skuldbindingum vegna hækkandi lífaldurs þjóðarinnar?
Þátttakendur í pallborðsumræðum: fulltrúar fjármálaráðuneytis, Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Samtaka atvinnulífsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga
- 16:00 [Málþingi lýkur.

Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, stjórnar málþinginu.
Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans, stýrir pallborðsumræðum.



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Tilkynning um þátttöku berist Landssamtökum lífeyrissjóða á tölvupóstfangið radstefna@ll.is



LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Landssamtök lífeyrissjóða • Guðrúnartúni 1 • 105 Reykjavík • Sími: 563 6450 • ll.is



HLAÐ Á PAKI Ökumaðurinn lét eiga sig að skafa af þakinu, eftir að hafa mokað bílinn út úr snjóskafli í Lancaster. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fannfergi og frost vestra

Vetrarhörkur hafa skolið á íbúum Bandaríkjanna nú í vikunni, óvenju snemma árs. Næturfrost var í öllum 50 ríkjum Bandaríkjanna síðustu nótt. Líka á Hawaii.

BANDARÍKIN, AP Kuldar og fannfergi hafa herjað á Bandaríkjamenn síðustu daga. Þetta er óvenju snemma árs.

Íbúar í vestanverðu New York-ríki hafa orðið einna verst úti, en mikil snjócoma hefur verið þar með tilheyrandi umferðarþappum.

Íbúar í borginni Buffaló og nágrenni hennar vöknudu upp við það á þriðjudagsmorgun að meira en 1,5 metra jafnföllnum snjó hafði kyngt niður. Í gær var reiknað með allt að 1,8 metrum í viðbót og í dag mega íbúarnir búast við 60 sentímetra snjó.

Umferð stöðvaðist víða vegna fannfergisins, bifreiðar sátu fastar í snjókomunni og fólk komst ekki út úr húsum sínum þar sem snjórinn lokaði bæði dyrum og gluggum auk þess sem ófært var á götum.

Þessar óvæntu vetrarhörkur urðu að minnsta kosti sjö manns að bana í New York, New Hampshire og Michigan. Þar á meðal fannst 46 ára gamall maður snemma í gærmorgun í bifreið sinni, sem var ofan í skurði og var komin á kaf í snjó. Fjórir létust af völdum hjartaáfalls þegar þeir voru að moka snjó, en einn varð undir bifreið sem hann var að reyna að losa úr snjónum.

Í einu húsi létu bakdyrnar undan fannferginu þannig að herbergi fylltist af snjó.

„Það urðu gríðarlegar drunur. Við hlupum öll þangað og héldum hreinlega að þakið á húsinu væri að hrynja,“ segir Chrissy Gritzke Hazard, sem var heima hjá sér ásamt eiginmanni sínum, fimm börnum og þremur vinum barnanna.

„Við bjuggumst svo sannarlega ekki við því að dyrnar myndu láta



FANNFERGI Snjórinn réðst þarna inn um dyr á íbúðarhúsi í bænum Cheektowaga í New York. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

undan, dyrakarmurinn og allt, inn í húsið.“

Næturfrost varð í öllum 50 ríkjum Bandaríkjanna í fyrri-nótt, og mátti búast við því að slíkt hið sama myndi gerast næstu nætur.

Sjaldgæft er að frost mælist í öllum ríkjumum fyrr en upp úr áramótum.

Víða í Bandaríkjum urðu slys á fólki vegna hvassviðris og hálfu á vegum. Loka þurfti skólum og tafir urðu á afgreiðslu hvers kyns mála í opinberum stofnunum.

gudsteinn@frettabladid.is

Opið til kl.
21
í kvöld



Kjól
8.995

Taska
28.995



Kjól
9.995

Taska
4.495

Kjólar, koddar og kertu [♡]

Við erum með jólagjöfina frá þér til þín! Þjóðum einnig upp á mikið úrval af jólagjöfum fyrir heimilið og alla þá sem þér eru kærir.



Catalina
8.995 kr.



Humla
6.495 kr.



Flower
6.495 kr.



Dera
6.495 kr.

INDISKA

Kringlan | 588 2300

 / Indiska Iceland

Færðu félaginu 2 milljónir: Styrktu börn með sykursýki

GÓÐGERÐARMÁL Thorvaldsensfélagið færði styrktarsjóði göngu- deildar barna og unglunga með sykursýki tvær milljónir króna í tilefni 20 ára afmælis deildarinnar.

Nýgreiningum barna og unglunga með sykursýki-1 fer fjölgaandi. Á göngudeild barna starfar þverfaglegt teymi sem veitir fjölskyldum barna með sykursýki margþætta aðstoð í formi fræðslu, ráðgjafar og sálfélagslegs stuðnings. -vh

Rannsókn læknanema á kynheilsu HIV-smitaðra karla sýnir hærri tíðni risvandamála en hjá öðrum: Fleiri HIV-smitaðir með risvandamál

HEILBRIGÐISMÁL Nú af þrettán HIV-smituðum körlum eða 69,2 prósent glíma við risvandamál af einhverju tagi. Þar af eru sjö, eða um 54 prósent, með alvarleg risvandamál. Þetta eru niðurstöður rannsóknar Sigríðar Maríu Kristinsdóttur læknanema á kynheilsu HIV-smitaðra karla. Sendur var spurningalista til 95 HIV-smitaðra karlanna og bárust svör frá 26. Ekki reyndist unnt að reikna stigafjölda úr krossspurningum hjá helmingi svarenda, að því er

kemur fram í grein Sigríðar í ritinu Rauða borðanum sem er blað samtakanna HIV Ísland. Sigríður getur þess í greininni að tíðnitölurnar hér séu ekki ólíkar tíðnitölum sem birst hafa erlendis. Ekki sé á hreinu hvað valdi hærri tíðni.

Bent er á að í íslensku rannsókn frá 2006, þar sem karlmenn voru valdir af handahófi úr samfélaginu, hafi algengi ristruflana hjá 45 til 75 ára verið 35,5 prósent. Hæst hafi hlutfallið verið hjá 65 til 75 ára eða rúmlega 60 prósent.

Einar Þór Jónsson, framkvæmdastjóri HIV Ísland, segir almennt heilsufar HIV-smitaðra vera að færast í betra horf. „Eldri lyfin voru sterkari en þau sem er verið að gefa núna og þau höfðu ýmsar aukaverkanir í för með sér. Ýmis heilsufarsvandamál tengdust töku þeirra og náttúrlega því að vera með veiruna í líkamanum. Erfðaþættir spila líka inn í. Það horfir betur með yngri fólki og þá sem ekki eru búnir að vera lengi með sjúkdóminn.“ -ibs



EINAR ÞÓR JÓNSSON Framkvæmdastjóri HIV Ísland segir betur horfa með yngri fólki.



Jólahlaðborðið og jólabrönsinn í Turninum, hæstu byggingu landsins eru engu lík og ekki spillir stórbrotið útsýnið upplifuninni!

Öðruvísi og skemmtilegt er það sem kemur upp í hugann, en þó fyrst og fremst ómótstæðilega girnilegt.

Framúrskarandi hráefni, metnaðarfullir matreiðslumenn og þjónusta í fallegri umgjörð gera stund í Turninum ógleymanlega.

Borðapantanir og allar frekari upplýsingar eru í síma: 575-7500. Jólaeðlana má nálgast á vef okkar: www.turninn.is



TURNINN
veislusalir

Smáratorgi 3 · 201 Kópavogi · Sími: 575 7500 · www.turninn.is



HOLUHRAUN Engin merki eru um að eldgosinu ljúki á næstunni og mengun frá því er stöðug og mikil.

MYND/MORTEN S. RIISHUUS

Áhrif á lífríki ráðast af lengd eldgossins

Nauðsynlegt er að hefja undirbúning rannsókna á ám og vötnum vegna mengunar frá eldgosinu í Holuhrauni. Það er lengd umbrotanna sem ræður mestu, en nokkuð mikið þarf til að lífríkið láti á sjá vegna brennisteinsmengunar.

NÁTTÚRA Áhrif brennisteinsmengunar frá eldgosinu í Holuhrauni á vatnalíf og fisk ráðast fyrst og síðast af því hversu lengi gosið mun standa. Aðkallandi er að hefja undirbúning að mælingum í ám og vötnum vegna mengunarinnar.

Guðni Guðbergsson, sérfræðingur hjá Veidimálastofnun, segir það aðkallandi spurningu hvort gríðarlegt magn brennisteinstvíldis (SO₂), sem kemur frá eldstöðinni í Holuhrauni, kunni að hafa áhrif á lífríki ef heldur fram sem horfir.

Guðni segir að lengd gossins sé lykilspurningin. „Þetta er ekki einfalt og mörg ef. Stóra efið er hversu lengi kemur þessi eldur til með að standa og hversu mikið losnar og fellur á landi,“ segir Guðni en útskýrir að líklega þurfi nokkuð til að breytingar verði sem ógna lífríki.

„Í Skandinavíu, þar sem mengunin kom frá iðjuverum, var raunin sú að súrt regn hlóðst upp í snjó og útslag kom í leysingum, þ.e. sýrustig vatns lækkaði. Það gat verið banvænt sumum tegundum á þeim tíma sem leysingar stóðu en ástand utan þess almennt undir hættumörkum,“ segir Guðni. Mikið hefur dregið úr þeirri mengun með minni notkun kola og með auknum kröfum um notkun minna mengandi orkugjafa. Enn finnast áhrif súrnunar í ám og vötnum t.d.

Brennisteinssýran er áhyggjuefnið

- Þegar brennisteinn kemur í vatn myndast brennisteinssýra sem hefur áhrif á sýrustig þess. Sýrustig er mælt sem pH-gildi þar sem 7 er hlutlaust, undir 7 súrt og yfir 7 basískt.
- Íslenskt vatn er yfirleitt basískt, með hátt pH gildi, og þarf því meira til að slíkt vatn verði súrt. Vatn á jarðfræðilega yngri hluta landsins, það er gosbeltinu, er yfirleitt basískara og þólar því meiri sýru.
- Lágt sýrustig getur valdið því að ákveðnum tegundum lífvera í ferskvatni fækkar eða að þær hverfi. Fall í sýrustigi veldur auknum leysanleika á áljónum (Al) en leysanleiki áls er minnstur við pH 7 en eykst í báðar áttir. Ál getur síðan haft áhrif á og skemmt tálkn í fiskum og valdið auknum afföllum og dauða þeirra. Gönguseiði laxa eru viðkvæm fyrir slíku þegar þau ganga til sjávar þar sem tálkn gegna veigamiklu hlutverki við að viðhalda seltuvægi.

í suðurhluta Skandinavíu og á austurströnd Kanada.

Guðni telur mikilvægt að fara að huga frekar að mælingum í ám og vötnum ekki síst því sem viðkemur skipulagningu og fjármögnun slíkra mælinga, og fylgjast þurfi sérstaklega með vatni í leysingum og í snjó, en það er til marks um hversu alvarlegum augum þessi mengun er litin, að Veðurstofa Íslands hefur þegar hafið mælingar á sýrustigi í úrkomu á nokkrum stöðum.

Veidimálastofnun hefur fyrr í vetur bent á að í eldgosum hér á landi hefur vatnalíf skaðast af efnum frá gosöskum sem losnar með úrkomu og fer í vötn. Talsverður skaði varð vegna þessa í eldgosinu



Stóra efið er hversu lengi kemur þessi eldur til með að standa og hversu mikið losnar og fellur á landi.

Guðni Guðbergsson, sérfræðingur hjá Veidimálastofnun.

í Eyjafjallajökli og svo í Grímsvatnagosinu síðasta. Þá eru þekkt dæmi um dauða fiska vegna efna- mengunar í öskufalli frá Heklu, t.d. á húnvetnsku heidunum bæði árið 1970 og 1980. svavar@frettabladid.is

Framúrskarandi myndgæði og glæsileg hönnun

SAMSUNG

SAUE55HU7205UXXE

Stærð: 55" eða 138cm
Upplausn skjás: 3840x2160 (4K)
Tegund skjás: Samsung Ultra Clear
UHD Upscaler: Já
Rið: Clear Motion Rate 800
3D: Nei

55" UH55HU7205 560.000.-
NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 448.000.-

65" UH65HU7205 749.900.-
NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 599.920.-



SAMSUNG

SAUE65HU8505QXXE

Stærð: 65" eða 163cm
Upplausn skjás: 3840x2160 (4K)
Tegund skjás: Samsung Ultra Clear
UHD Upscaler: Já
Rið: Clear Motion Rate 1200
3D Stuðningur: Já, ásamt 2D to 3D Converter

55" UH55HU8505 749.900.-
NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 599.920.-

65" UH65HU8505 1.159.900.-
NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 927.920.-

SAMSUNG SOUNDBAR 310W og bráðlaus tenging við síma eða tölvu. Til í svörtu og silfur.



HWH550

Sniðin fyrir 46" tæki.

111.920 áður 139.900



HWH751

310W lampamagnari.

151.920 áður 189.900



HWH7501

Bogin og hentar vel með 55".

151.920 áður 189.900

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR · BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1180

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

3 fyrir 2
og 30% afsláttur af
"Fragrance Library"
ilmínunni
MAKE UP STORE

20% afsláttur
af öllum vörum
Bata
Skóverslun Smáralind

20% afsláttur
af öllum vörum
nema útsöluvörum
ESPRIT

20% afsláttur
af Hátíðarkaffi,
Jólatei og drykkjunum
Grýla, Leppalúði og
Leiðindaskjóða
TE & KAFFI

40% afsláttur
af öllum sjampóum
og næringum frá SP
MODUS
SMÁRALIND

25% afsláttur
af öllum vörum, nema
20% afsláttur af
snyrtivörum
DEBENHAMS *Spirta loft
skemmtilegt*

20% afsláttur
af öllum fördunarvörum
og kynning á jólafarða
THE BODY SHOP

20% afsláttur
af öllum vörum
galleri **sautján**

20% afsláttur
af öllum vörum
KARAKTER

20-40% afsláttur
af öllum vörum
BOYS

3 fyrir 2
af jakkafataskyrtum
Dressmann

3 fyrir 2
af jakkafataskyrtum
XL
Dressmann

25% afsláttur
af öllum fatnaði
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

20% afsláttur
af öllum skóm
gs skór

20-40% afsláttur
af öllum vörum
smáralind

15% afsláttur
af völdum vörum
DÚKA

20-50% afsláttur
af öllum vörum
KITCHEN LIBRARY

20% afsláttur
af öllum vörum
**Ice
in
a
bucket**

15% afsláttur
af gjafakortum á
Dekurdaga og frítt
herðanudd fyrir gesti
BADHÚSIÐ

30-50% afsláttur
af völdum vörum
comma,

Dúndurtilboð
12.000 kr. inneign
á 6.000 kr.
**STARRA
TIVOLI**

20% afsláttur
af öllum vörum
KARAKTER

20% afsláttur
af öllum vörum.
Ókeypis klóaklippingar
á milli kl. 18-20
DÝRABÆR

Tax Free
af fönndri, jólaljósum,
seríum og bókum
A4

20-40% afsláttur
af öllum vörum
HOLLAND & BARRETT
we're good for you

20% afsláttur
af jólakortum, jóla-
tímaritum og jólavöru
Eymundsson
Bilavél frá 1972

25% afsláttur
af völdum vörum
coolcos
No perfume · No parabens

20% afsláttur
af öllum skóm
focus

20% afsláttur
af öllum skóm
Kaupfélagið
skór.is

20% afsláttur
af öllum skóm
STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN

20% afsláttur
af öllum vörum
AIR

20% afsláttur
af öllum vörum
KAREN MILLEN

20% afsláttur
af öllum vörum
TOPSHOP

20% afsláttur
af öllum vörum
DOROTHY PERKINS

20% afsláttur
af hátíðardrykkjum



20% afsláttur
af fylgihlutum frá 66°
Norður



20% afsláttur
af öllum skóm

ÚTILÍF

15% afsláttur
af öllum vörum

JÚNÍK

20% afsláttur
af öllum vörum

MOA

20% afsláttur
af öllum vörum

CORNER

20% afsláttur
af öllum vörum

evans.

3 fyrir 2
af öllum vörum

● ● ●
● ● ●
S I X



Jólaskinkan
og kalkúnn
með meðlæti á
aðeins 1.990 kr.



LITLU JÓL SMÁRALINDAR

Jólin eru hátíðlegur tími og það er fátt betra en að eiga notalegar jólastundir með fjölskyldu og vinum. Í kvöld er tilvalið að hefja jólaundirbúninginn í Smáralind og njóta skemmtilegra uppákoma og frábærra tilboða.

„Snældu“
silfurhálsmen
Verð 15.500 kr.
Tilboð 10.500 kr.

CARAT
HAFUR GULLMÓÐUR

15% afsláttur
af kjólum og vel
valin tilboð

VERO MODA®

25% afsláttur
af öllum snyrtivörum,
gjafavörum og sokka-
buxum



20% afsláttur
af völdum vörum.

KASUAL

20% afsláttur
af Stella Nova
armböndum og Danish
Design úrum

JÓN & ÓSKAR

20% afsláttur
af stráka-hettupeysum
og öllum stelpupeysum

name it.

20% afsláttur
af öllum bolum

DOGMA

30-50% afsláttur
af völdum vörum

**herra
GARÐURINN**
-klæðir þig vel

15% afsláttur
af völdum vörum.

**UNITED COLORS
OF BENETTON.**

15% afsláttur
af völdum vörum.

Levi's

Vertu vinur okkar
á facebook og
Instagram og fáðu
afslátt

VILA
CLOTHES

Vertu vinur okkar
á facebook og
Instagram og fáðu
afslátt

JACK & JONES®

Glæsilegt
dömkvöld
15% afsláttur af öllum
vörum og kaupaukar

SELECTED
FEMME

Vertu vinur okkar
á facebook og
Instagram og fáðu
afslátt

SELECTED
HOMME

20% afsláttur
af öllum skóm

skórnir þínir



SMÁRALIND

Góða skemmtun

MP banki annast söluferli Hótel Sögu: Hús og rekstur til sölu

Í ljósi mikils áhuga fjárfesta á að kaupa fasteign og rekstur Hótel Sögu, hafa Bændasamtök Íslands ákveðið að óska eftir formlegum tilboðum og ráðið fyrirtækjaráðgjöf MP banka til að sjá um söluferlið.

Bankinn tekur saman upplýsingar og annast með gagnsæjum hætti kynningu fyrir áhugasama kaupendur. Endanleg ákvörðun um sölu er sögð verða tekin af Búnaðarþingi. Bændasamtökin segja fyrirspurnir fjárfesta síðustu mánuði hafa kallað á að þessi leið væri farin. - sáþ, óka



HÓTEL SAGA Hótel Saga ehf. er 50 ára gamalt fyrirtæki í eigu Bændasamtakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FME fjallar í nýju riti um áhrif váttryggingafélaga á fjárhagslegan stöðugleika: Höft kunna að magna smitáhrif

Innan hafta kunna váttryggingafélög og aðrir á fjármálamarkaði að verða of háðir innlendum aðilum um fjármögnun. Þetta gæti magnað smitáhrif milli fjármálakerfisins og raunhagkerfisins. Að þessu þarf að huga til að tryggja fjárhagslegan stöðugleika, að því er fram kemur í grein Sigurðar Freys Jónatanssonar, sérfræðings á greiningarsviði Fjármálaeftirlitsins (FME), í Fjármálum, nýútkomnu vefriti FME. Hún fjallar um áhrif váttryggingafélaga á fjárhagslegan stöðugleika.



SIGURÐUR F. JÓNATANSSON

af þjóðarframleiðslu sé meðal þess lægsta sem þekkist á meðal OECD-ríkja.

„Við fyrstu sýn virðist því ekki

Um leið kemur fram í grein Sigurðar að hér sé bankakerfið enn tiltölulega stórt miðað við þjóðarframleiðslu á meðan hlutfall váttryggingamarkaðar af þjóðarframleiðslu sé meðal þess lægsta sem þekkist á meðal OECD-ríkja. „Við fyrstu sýn virðist því ekki ástæða til að hafa miklar áhyggjur af váttryggingafélögum í sambandi við bankakerfið,“ segir hann, en bætir um leið við að reynslan hér sýni samt að við fjárhagslegan óstöðugleika geti váttryggingafélag fallið með verri afleiðingum en áður hafi þekkist. „Til að tryggja hagsmunum neytenda og tjónþola Sjóvár Almennra sem hefðu að öðrum kosti verið óbættir, lagði ríkissjóður til fjármuni sem svöruðu til 4,8 milljarða króna nettó eftir sölu nýja félagsins.“ - óka



OLÍUVINNSLA Í BANDARÍKJUNUM Hugað að dælistöð þar sem Encana Oil & Gas vinnur olíu með niðurdælingu við Rifle í Colorado í Bandaríkjunum. Lækkandi olíuverð ógnar áætlunum olíuvinnslufyrirtækja sem lagt hafa í mikinn tilkostnað og lántökur til að vinna olíu með niðurdælingu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fallandi hráolíuverð ógnar efnahagsbata

Verð á hráolíu hefur ekki verið lægra í fjögur ár og hefur lækkað í nær átta vikur samfleytt. Olíugeirinn logar af samsæriskeningum um ástæður lægra verðs. Verðið leggst þungt á skuldsettan olíuðnað í Bandaríkjunum, en verður líklega lagt áfram.

Verð á hráolíu er enn undir 80 Bandaríkjadöllum tunnan og hefur ekki verið lægra í fjögur ár. Alþjóðaorkustofnunin hefur sagt líklegt að olíuverð haldi áfram að lækka.


Verðlækkun þessa árs, sem hófst í sumar, nemur nú um 30 prósentum. Verðlækkun í afleiðuvíðskiptum með hráolíu í Kauphöllinni í New York, sem sjá má hér til hliðar, nemur 24 prósentum frá því í ágústbyrjun.

Í umfjöllun fréttavefs Deutsche Welle í gær kemur fram að fulltrúar Rússa og Venesúlamanna hafi fundað um leiðir til þess að snúa þróuninni við, enda hafi lágt verð olíu skaðleg áhrif á efnahag landanna. Haft er eftir Alexander Novak, orkumálaráðherra Rússa, að viðræður séu í gangi við nokkur lönd sem framleiði olíu.

Olíuverð er hins vegar ólíklegt til þess að hækka á ný nema að olíuframleiðsluríki heims taki sig saman um að draga úr framleiðslu sinni. Deutsche Welle hefur eftir greinendum í Rússlandi og Venesúla að einhverjir telji Sádi-Arabíu og Bandaríkjunum hafa tekið höndum saman um að keyra niður olíuverð. Ali al Naimi, olíumálaráðherra Sádi-Araba, hefur hins vegar slegið á allar getgátur í þá veru og segir olíuverð bara stjórnast af framboði og eftirspurn, enginn vilji sé til þess að beita olíuverði í pólitísku sjónarspili.

Lækkandi olíuverð kemur sér enda líka illa fyrir Bandaríkin þar sem vinnslufyrirtæki hafa lagt í miklar fjárfestingar í olíuvinnslu með niðurdælingu gass. Tregða OPEC-ríkjanna til að draga úr framleiðslu kunnir líka að ráðast af vilja til að veikja keppinauta í olíuframleiðslu í Bandaríkjunum. Olía sem unnin

HRÁOLÍUÞRÓUN Í KAUPHÖLLINI Í NEW YORK



Breytt olíuverð skilar sér misvel

Lækkandi verð á olíu er líklegt til að endurspeglast í lægri flugfargjöldum um leið og þotueldsneyti lækkar, höfðu bæði Viðskiptablaðið og Morgunblaðið eftir Björgólfi Jóhannssyni, forstjóra Icelandair, á þriðjudag. Lækkunin hafa hins vegar skilað sér hægar inn í verð á bensíni og dísilolíu hér á landi vegna aukinnar álagningar. Í umfjöllun Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) er bent á að meðalkostnaður neytenda vegna álagningar, flutnings og dreifingar á bifreiðaeignum hafi í október verið umtalsvert hærri en meðalkostnaður á árinu. Þetta hafi gerst þrátt fyrir að hráolíuverð hefði þá þegar lækkað um 20 prósent á heimsmarkaði. FÍB segir aukna álagningu í október hafa kostað neytendur yfir 100 milljónir króna í mánuðinum. „Meðaltalan yfir fyrstu 10 mánuðina 2014, uppreiðni til verðlags í október, á bensínlítra er 38,50 krónur og 39,04 á hvern dísilolíulítur. Í október fór álagning og flutningur á hvern bensínlítra í 41,25 krónur og 43,30 krónur af dísilolíulítur,“ segir í umfjöllun FÍB.

er með niðurdælingu hefur náð allstórum hluta af olíumarkaði síðustu ár, en dýrari vinnsla olíunnar með þeim hætti kallar á hærra olíuverð.

Í nýlegri umfjöllun The Telegraph er bent á að álagsprófanir Deutsche Bank á lántakendur í orkugeiranum í Bandaríkjunum bendi til þess að færi hráolíuverð niður í 60 dali á tunnuna væri orðið hætt við nýrri skuldakrísu vestra,

með niðurfærslum lánshefismats. Slík atburðarás hefði svo einnig áhrif út fyrir Bandaríkin.

Deutsche Welle hefur eftir heimildarmönnum sínum að fulltrúar Sádi-Arabíu og fleiri innan OPEC hafi á fundum með fulltrúum Rússlands og Venesúla gefið í skyn að Sádi-Arabar væru tilbúnir að þola hráolíuverð á bilinu 70 til 80 dali á tunnuna í allt að því ár í viðbót. olikk@frettabladid.is

Bio-Kult

Öflug blanda mjólkursýrugerla sem bæta meltinguna



the
PIER

2 stærðir af stjórnun frá 590,-



Lampi
(einnig til hvítur)
20% afsláttur
áður 8.990,- nú **7.192,-**

Fifties stóllinn **25% afsláttur**
áður 99.900,- nú **74.925,-**



Polo u-sófi **20% afsláttur**
áður 189.900,- nú **151.920,-**




Bókabox frá 990,-



ANTON & BERGUR

20% AFSLÁTTUR AF JÓLAVÖRUM FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS (20-23.NÓV)



Mikið úrval af fallegum og hlýjum teppum frá 6.990,-



Glerjólátré frá 1.290,-



Könglallengja 1.990,-




20% afsláttur af jólavörum



Jólatré frá 2.990,-



Skrautlöber frá 1.190,-



4 fyrir 2 af kertum

4 fyrir 2 af kertum helgina 20.-23. nóv.



Blúndulöber 1.290,-



Kertastjakaús 1.990,-



**25% AFSLÁTTUR
AF BÖKKUM**

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880



Er um á Facebook

Forysta stjórnarandstöðunnar kom mikið á óvart:

Gjaldfældu sig í hagnaðarskyni

Segja verður sem er að forysta stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi hefur gjaldfellt sig. Og það á því aumasta af öllu aumu. Þrátt fyrir að eiga það sameiginlegt að búa við fjárhagslegt öryggi, sameinaðist forysta stjórnarandstöðuflokkanna, reyndar að Pírötum frátöldum, í að þiggja greiðslur úr ríkissjóði til að lækka skuldir sínar lítið eitt. Ekki vegna þess að þetta annars ágæta fólk glímdi við fjárhagslegan vanda, ætti ekki fyrir afborgunum, lifði í óvissu um hvernig tækist að ná endum saman. Nei, bara til að þess að hafa það ögn betra.

Ekki er nokkrum blöðum um það fletta að þau eru ekki ein velstæðra sem gerðu það. Nei, aldeilis ekki. Víða má finna dæmi þess að velstætt fólk hafi fengið ótrúlegar niðurfellingar lána. Enda var leikurinn meðal annars til þess gerður. Hitt er annað, að fáir hafa haft uppi jafn mikla gagnrýni og stjórnmalaleiðtogar á Alþingi Íslendinga. Þar er fólk sem fann allt að aðgerðunum, fannst rangt að

Sigurjón Magnús Egiðsson

sme@frettabladid.is



útdeila peningum til þeirra sem ekki þurfa nauðsynlega á þeim halda. Þar á meðal til þeirra sjálfra

Eins og þetta ágæta fólk hefur bent á er víða brýn þörf fyrir þá peninga sem fara nú til velstæðra Íslendinga, meðal annars stjórnmalaforingja. Grípum aðeins niður í ræðu eins þeirra:

„Það er verið að ganga á innviðina, við sjáum það bara á vegunum, þeim er ekki haldið við. Það safnar bara upp kostnaði ef þeim er ekki haldið við. Þörf er á nýjum spítala en það er ekki hægt að fara í hann. Peningarnir fara í skuldaleiðréttinguna. Það er þörf á fjárfestingu í menntakerfinu, menntamálaráðherra talar síendurtekið um að við séum að dragast aftur úr þar, og það er þörf á því að greiða niður opinberar skuldir.“

Já, orð að sönnu. Við lesturinn hér að ofan er hreint ótrúlegt að þeir sem þannig tala, og skortir ekki neitt, skuli samt sækja í almannapeninga sér til hagsbóta.

Frægt er að fjármálaráðherrann, sem er með stöndugri mönnum en sótti samt um að hluti skulda hans færi yfir á ríkissjóð, sagði í ræðustól Alþingis: „Var það sanngjarnt að öllu leyti hvernig tekið var á gengislánamálum eða á öðrum skuldum? Ég veit það ekki, en það er að minnsta kosti ýmislegt búið að gera fyrir flesta aðra en þá sem falla undir þá aðgerð sem við ræðum hér í dag.“

Trúverðuleiki er stjórnmalamönnum eflaust mikils virði. Þess vegna er klént að tala sig hásan um vondar aðgerðir í niðurfellingu skulda en fara samt í röðina í von um að fá sneið af hinni fordæmdu köku. Öll orð hér eftir, um þetta mál hið minnsta, verða að skoðast í því ljósi að orð og athafnir hafa stangast á. Öll gagnrýnin, sem sett hefur verið fram, missir þar með marks.

Enn og aftur eru það peningar, von um gróða, sem varpar skugga á fólk. Það er ekki hægt að tala á einn veg og fara aðra leið sjálfur. Það er eiginlega aumast af öllu aumu.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Í fúlustu alvöru

„Forvitnilegt að sjá hve viðkvæmt er fyrir suma að fundið sé að því að nokkrir lögfræðingar eigi greiðari aðgang með mál skjólstæðinga sinna í fréttir Ríkisútvarpsins en aðrir.“ Þetta skrifar fyrrverandi menntamála- og dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, og er að fjalla um lögmann hælisleitenda og finnur að viðtölum við þá. „Taki umboðsmaður Alþingis ekki upp hjá sjálfum sér að kanna þetta mál má beina því til hans með kvörtun. Skrýtið að menn skuli kippa sér upp við þá hugmynd. Ríkisútvarpið er ríkisstofnun og fellur undir stjórnsýslulög og umboðsmaður fjallar um hvort að þeim sé farið,“ skrifar Björn Bjarnason.



Skattaskilin og njósnirnar

Styrmir Gunnarsson, sem um árabli stundaði njósnir fyrir Bandaríkin, Sjálfstæðisflokkinn og Morgunblaðið, hefur sagt að hann hafi borgað upp-ljóstrara sínum peninga. Fyrst komu peningarnir frá Bandaríkjunum, síðar Sjálfstæðisflokknum og svo frá Morgunblaðinu. Forvitnilegt yrði að sjá með hvaða hætti þær greiðslur voru færðar í bókhaldi Sjálfstæðisflokksins og Morgunblaðsins. Eins hvort upp-ljóstrarinn hafi greitt skatta af tekjunum sem hann fékk frá flokki og málagnu. Væntanlega var farið að lögum um skattskil og bókhald, en ekki hvað. Annars hafa bæði flokkur og blað gerst brotleg við skattalög, bókhaldslög og jafnvel fleiri lög. Kannski segir Styrmir frá því í næstu bók.



Stjórnmalamenn með bankavald

Jón Sigurðsson, fyrrum formaður Framsóknarflokksins, skrifar grein þar sem hann fjallar um skuldaleiðréttinguna. Og finnur að ýmsu: „Það er alvarlegt að nú hafa stjórnmalamenn tekið sér bankavald með pólitískum inngrípum í útstandandi lán, og slíkt boðar sjaldnast farsæld. Ýmsar hættur geta fylgt þessum aðgerðum.“ Jóni, sem einnig var seðlabankastjóri, er órótt: „Vonandi fer núverandi ríkisstjóri ekki lengra en orðið er út á þessa hættubraut. Nú er nefnilega hætt á því að í hvert sinn sem hér verður einhver bylta krefjist menn sambærilegra aðgerða. Kjörorðið verður á hvers manns vörum: „Almennur forsendubrestur.““

sme@frettabladid.is

HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Pránsón ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egiðsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Við kynnum

Philips Ambilight

9000 sjónvörpin

Engin venjuleg upplifun

Ultra HD með Android

PHILIPS

með Android

AKRANES • AKUREYRI • HÚSAVÍK • EGILSSTADIR • SELFÖSS • REYKJANESBÆR • REYKJAVÍK

Orkuauðlindin okkar

ORKUSETUR



Sigurður Ingi Friðleifsson

Sumir hafa lýst yfir áhyggjum af því að arðurinn af raforkuauðlindinni renni í vasa fárra og telja að aðeins útvaldir sleiki smjörð sem af stráunum drýpur. Hið sanna er að Landsvirkjun, sem sér um stærsta hluta auðlindanýtingarinnar, er alfarið í þinni eigu, lesandi góður. Landsmenn og engir aðrir eiga Landsvirkjun milliliðalaust og allt eigið fé sem þar myndast vegna nýtingarinnar, ca. 200 milljarðar í dag, er okkar eign. Landsvirkjun á að kanna hvar er hægt að virkja en við sem samfélag eigum svo að ákveða hvort eigi að virkja. Raforkuauðlindin hér er svo stór að langstærstan hluta hennar verður að selja á stærri markað. Það sama gildir um fiskinn okkar, þar eru veiðar langt umfram það sem þjóðin getur torgað en almenn sátt virðist vera um að veiða hann samt og selja á sem hæstu verði á erlendum markað. Núverandi stefna Landsvirkjunar er einmitt sú sama, þ.e. að reyna að fá sem allra besta verðið fyrir auðlindina þína hvort sem það er til fyrirtækja sem starfrækt eru hér eða með mögulegum sæstreng.

Sumir telja að auðlindin hafi í gegnum tíðina hreinlega verið gefin erlendum auðhringjum. Það má deila um verðið sem fæst frá stóriðjunni en grundvallarmis- skilningur er að stóriðjan eigi auðlindina og ekkert sé skilið eftir fyrir framtíðina. Hið rétta er að líftími flestra orkumann-

→ Það má deila um verðið sem fæst frá stóriðjunni en grundvallarmis- skilningur er að stóriðjan eigi auðlindina og ekkert sé skilið eftir fyrir framtíðina.

virkja er miklum mun lengri en þeir samningur sem gerðir hafa verið við stórnotendur. Við samningslok getum við, eigendur auðlindarinnar, ákveðið að ráðstafa auðlindinni með allt öðrum hætti eða á allt öðru verði.

Önnur umræða er svo flutningur á raforku en þar snýst málið um hvort raforkuauðlindinni er tæknilega skilað jafnt til landsmanna. Í dag er það ekki svo þar sem byggðalínan er á þanmörkum og landið skiptist í tvennt. Suðvesturhorn landsins býr við sterkt kerfi og getur nýtt raforkuauðlindina að vild til atvinnuuppbyggingar. Hinn hlutinn af landinu býr hins vegar við veikt kerfi og á víða erfitt með bjóða upp á framtíðar atvinnuuppbyggingu þar sem raforkuþörf er eitthvað umfram meðalnotkun. Að mínu mati er bara tvennt í boði. Það er að fara í einhverja af þessum raforkufisuppfærslum sem Landsnet er að kynna eða að skapa þjóðarsátt um að SV-hornið verði eitt um að njóta framtíðar atvinnuþörfu sem tengjast raforkuauðlindinni okkar allra.

Úr neikvæðu í jákvætt

Frá árinu 2009 hefur það verið baráttumál Framsóknarflokksins að koma til móts við heimilin í landinu með niðurfellingu skulda.

HEIMILIN



Helgi Haukur Hauksson
formaður SUF



Ágúst Bjarni Garðarsson
varaformaður SUF

nærri vanskilum eða í vanskilum og greiðslubyrði lána var almennt of há. Í kjölfar leiðréttingarinnar er gert ráð fyrir að hagkerfið fái viðspyrnu til frekari vaxtar. Þegar við náum að styrkja enn frekar efnahags-

lífið getum við haldið áfram að styrkja þá innviði sem við erum flest sammála um að standa beri vörð um, s.s. heilbrigðis- og menntakerfið.

Dreifing 110% leiðarinnar

Í 110% leið fyrri ríkisstjórnar var heildarniðurfærsla verðtryggðra húsnæðiskulda um 45 milljarðar. Aðgerðin nýttist aðeins um 10% heimila með verðtryggðar húsnæðisskuldir, rúmlega sjö þúsund heimilum. Aðeins eitt prósent heimilanna (775 heimili) fékk um helming niðurfærslunnar eða rúmlega tuttugu milljarða. Þessi 775 heimili fengu öll yfir fimmtán milljóna króna niðurfærslu og meðaltal þeirra var um 26 milljónir.

Dreifing leiðréttingarinnar

Einstaklingar sem skulda minna en fimmtán milljónir króna og heimili sem skulda minna en þrjátíu milljónir króna fá rúmlega 70% af fjárhæð leiðréttingarinnar. Flestar fjölskyldur fá 1,4 milljónir króna í höfuðstólslækkun vegna leiðréttingarinnar og

flestir einstaklingar fá um 800 þúsund krónur. Um 75% af fjárhæð leiðréttingarinnar renna til einstaklinga með sjö milljónir eða minna í árstekjur og heimila með minna en 16 milljónir króna í árstekjur. Fólk sem var yngri en 50 ára við forsendubrestinn fær 68% af fjárhæð leiðréttingarinnar í sinn hlut. Þeir einstaklingar sem eiga minna en fjórar milljónir króna í eigið fé og heimili sem eiga minna en 13 milljónir króna í eigið fé fá um 55% fjárhæðar leiðréttingarinnar. Mest fá þeir sem ekkert eiga. Meira en helmingur af heildarfjárhæð leiðréttingarinnar rennur til fólks sem er undir meðallaunum.

Frá fyrsta degi hefur Framsóknarflokkurinn sagt að rétt væri að sækja fjármuni til þrotabúa föllnu bankanna og nota hluta þeirra fjármuna til að leiðrétta þann forsendubrest sem heimilin urðu fyrir.

Áhrifin

Ráðstöfunartekjur hjá þeim sem nýttu sér leiðréttinguna munu aukast um 17% eða 130-200 þúsund krónur á ári á árunum 2015-2017. Afborganir og vaxtagjöld heimilanna lækka um 22% til ársins 2017.

Eiginfjárstaða 54 þúsund heimila styrkist með beinum hætti og fjögur þúsund aðilar færast úr því að eiga minna en ekki neitt, yfir í að eiga jákvætt eigið fé í fasteignum sínum.

Heimilin eru undirstaða efnahagslífsins. Há skuldsetning heimilanna dregur úr krafti efnahagslífsins. Um 30% heimila voru

Heimilin eru undirstaðan

Heimilin eru undirstaða efnahagslífsins. Há skuldsetning heimilanna dregur úr krafti efnahagslífsins. Um 30% heimila voru

Barnasáttmálinn 25 ára!

Barnaheill, umboðsmaður barna og UNICEF óska öllum börnum til hamingju með afmæli Barnasáttmálans, en í dag er hann 25 ára. Heill aldarfjórðungur er liðinn frá því að Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ákvað að tryggja börnum sjálfstæð mannréttindi. Barnasáttmálinn er í dag útbreiddasti mannréttindasáttmáli heims og er afmæli hans fagnað um allan heim á þessum degi.

BARNASÁTTMÁLINN



Margrét María Sigurðardóttir
umboðsmaður barna á Íslandi



Erna Reynisdóttir
framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi



Bergsteinn Jónsson
framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi

að taka réttmætt tillit til skoðana barna. Það er lítil lýðræðisleg hefð fyrir því í samfélagi okkar að börnum sé gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir sem snerta þau. Slíkt krefst vitundarvakningar um lýðræði og þátttöku barna, jafnt sem fræðslu um hvernig réttindi þeirra eru sett í hversdagslegt samhengi. Aðrar grundvallarforsendur Barnasáttmálans eru að öll börn eigi rétt á að lifa og þroskast, ekki megi mismuna börnum með nokkrum hætti og að allar ákvarðanir sem varða börn skulu grundvallaðar á því sem þeim er fyrir bestu.

Barnasáttmálinn er mikilvægt skjal sem hefur alla burði til að bæta líf okkar allra. Séum við samtaka í að halda réttindum barna á lofti sköpunum við betra samfélag fyrir börnin okkar. Þannig byggjum við grunn að framtíð betra samfélags. Á þessari vegferð er mikilvægt að fræða börn um réttindi þeirra. Ef börn eru meðvituð um þau eru þau líklegri til að vera talsmenn réttinda sinna og samferðamanna sinna. Þau verða sterkari einstaklingar sem láta sig óréttlæti varða, í hvaða mynd sem það birtist. Barnasáttmálinn er hagnýtt verkfæri sem getur hjálpað okkur að skapa réttlátara og betra samfélag.

Tökum höndum saman og stöndum vörð um réttindi allra barna í krafti Barnasáttmálans!

Nú er tilefni til að líta yfir farinn veg og gleðjast yfir öllu því sem hefur áorkast í réttindabaráttu barna á þessum 25 árum. Þó að Ísland teljist fyrirmynd innan alþjóðasamfélagsins með tilliti til lífsskilyrða og réttinda barna, verðum við að vera meðvituð um þá ábyrgð sem felst í þessu hlutverki. Okkur miðar vel, en betur má ef duga skal – stuðla þarf markvisst að innleiðingu réttinda barna ef tryggja á að sýn Barnasáttmálans verði að veruleika fyrir öll börn.

Hinn 20. febrúar 2013 samþykkti Alþingi Íslendinga einróma að lögfesta Barnasáttmálann. Sáttmálinn hefur því lagalegt gildi hér á landi. Barnasáttmálinn boðar byltingarkennda sýn á stöðu barna. Sáttmálinn viðurkennir að börn séu viðkvæmur hópur sem tryggja þurfi sérstaka vernd og umönnun. Samhliða því gengur hann út frá því að börn séu fullgildir þátttakendur í samfélaginu og búi yfir þekkingu og reynslu sem sé verðmæt fyrir samfélagið.


Ein af fjórum grundvallarforsendum sáttmálans gengur út á að börn eigi rétt til að tjá sig í öllum málum sem þau varða og skyldu hinna fullorönu til þess

Hagvöxtur og lífsskjör

Hagspá Landsbankans kynnt á morgunfundi í Hörpu

Miðvikudagur 26. nóvember kl. 8.30–10.00 í Silfurbergi Hörpu.

Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 8.00.



Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, tölur fyrir árið 2013

Dr. Daníel Svavarsson

forstöðumaður Hagfræðideildar Landsbankans, kynnrir greiningu á þróun og horfum í efnahagsmálum.

Gunnar Alexander Ólafsson

heilsuhagfræðingur ræðir stöðu og horfur í heilbrigðisþjónustu á Íslandi.

Björgvin Skúli Sigurðsson

markaðs- og viðskiptaþróunarsviði Landsvirkjunar, fjallar um orkuíðnaðinn og möguleika Íslands til framtíðar.

Fundarstjóri er Þórdís Ingadóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Skráning á landsbankinn.is.

#hagspa



Er heimakennsla leyfð á Íslandi?

Við erum bjartsýn fjölskylda og ánægð með að fá að ala dóttur okkar upp á Íslandi. En áhyggjurnar af því að þurfa að treysta íslenskum grunnskólum fyrir tíu árum af ævi hennar skyggja á. Hvern hryllir ekki við því að setja börnin sín inn á stofnun þar sem 30% drengja og 14% stúlkna ná ekki grunnleskilningi? Þegar menntamálaráðherra talaði um skólakerfið á Hrafnseyri þann 17. júní og óskaði eftir umræðu og tillögum að umbótum fannst okkur hann tala til okkar. Við ákváðum að kynna okkur kennslu á grunnskólastigi og komumst að því að heimakennsla gæti leyst mörg vandamál sem ráðamenn glíma nú við. Í heimakennslu eru foreldr-

MENNTUN



Guðni Þór Þrándarson

arnir kennarar svo heimili og skóli verða eitt. Árið 1746 varð það lögbundin skylda foreldra að kenna börnum sínum að lesa og síðan þá hafa heimaæfingar verið mikilvægasti þáttur lestrarkennslu. Til eru ótal aðferðir við heimakennslu en allar hafa þær meiri sveigjanleika í tíma og efnistöku en skólakennsla. Efnid má nálgast út frá áhugasviði og getu hvers barns en þar með má fara yfir breiðara svið og kafa dýpra ofan í fræðilegan bakgrunn eða hagnýtingu þegar hugur stendur til. Rannsóknir sýna að heimakennsla býr börnin betur undir framhaldsmenntun og vinnu- markað en skólarnir.

Margir halda að börn sem fá heimakennslu skorti félagsfærni.

Fjöldi nemenda lendir þó úti á kanti í skólakerfinu, á erfitt með að sitja undir eintali kennara, er útilokaður af samnemendum eða líður af einhverjum ástæðum ekki vel. Í heimakennslu gefst góður tími til tómsundastarfs og virkrar samfélagsþátttöku. Börnunum líður betur, eru öruggari með sig og að sjálfsögðu er einelti nánast óþekkt.

Brot á jafnræðisreglu

Það kemur flestum á óvart að heimakennsla sé lögleg á Íslandi, enda hefur u.þ.b. einn nemandi fengið heimakennslu frá 2008. Áhugi foreldra er til staðar, en regluverkið bannar í reynd foreldrum að nýta þann sjálfsgæða rétt að kenna börnum sínum sjálfir. Hins vegar mega grunnskólakennarar kenna heima, ef þeir fylgja námsskránni í einu

og öllu. Þetta fyrirkomulag er óþolandi, skýrt brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og þekkt ekki neins staðar annars staðar. Vissulega hafa grunnskólarnir sínu hlutverki að gegna og eðlilegt að hafa styrka umgjörð um heimakennsluna, en ef kerfið útrýmir skipulega allri samkeppni, þarf ekki að koma neinum á óvart að gæði kennslunnar fari hríðversnandi.

Við höfum sex ár til að gefa dóttur okkar færri á heimakennslu, en okkur langar ekki að flytja til Danmerkur, Frakklands eða annarra landa þar sem heimakennsla er vel skipulögð og árangursrík. Við ætlum að berjast fyrir fleiri valkostum í menntun barna. Menntamálaráðherra gæti svarað eigin ákalli um aukinn árangur grunnskólakerfisins og afnumið ein-

→ Margir halda að börn sem fá heimakennslu skorti félagsfærni. Fjöldi nemenda lendir þó úti á kanti í skólakerfinu, á erfitt með að sitja undir eintali kennara, er útilokaður af samnemendum eða líður af einhverjum ástæðum ekki vel.

faldlega skilyrði um kennaramenntun í gildandi reglugerð. Námsskrána, og skilyrði um að fylgja henni nákvæmlega eftir, þyrfti líka að endurskoða, en þar gætum við lært af þeim þjóðum sem hafa skýra umgjörð um heimakennslu. Loks hvetjum við alla til að kynna sér kosti heimakennslu, árangurinn og umsagnir foreldra.

Hvert viljum við stefna? Tökum áskoruninni!

Líffræðikennari á Íslandi spurði hóp 16 ára unglinga við hvað líffræðingar starfa. Fyrst var dauðabögn, engin svör. Eftir dágóða stund nefndi einn nemandi að líffræðingar gætu jú kannski kennt.

Ef þetta er staða raungreina í huga barna og unglinga er ekki furða að skortur sé á raunvísindas- og tæknimenntuðu fólki á Íslandi í dag. Starfsvettvangur raunvísindamenntaðs fólks hjá hátækni- fyrirtækjum og -stofnunum, s.s. í líftækni, nanótækni, hafrannsókn- um, vistheimt, jöklarannsóknunum og loftslagsfræðum er nemendum oft ókunnur.

Efning náttúrufræðimenntunar er afar brýn. Atvinnulífið kallar á skýrari tengingu við skólana og óskar eftir hæfu raunvísinda- og tæknimenntuðu fólki, stjórnsmá- menn kalla á markvissari og öfl- ugri náttúrufræðimenntun vegna

MENNTUN



Birgir U. Ásgeirsson
framhaldsskóla-
kennari



Ester Ýr Jónsdóttir
framhaldsskóla-
kennari



Svava Pétursdóttir
grunnskólakennari

slakari frammistöðu íslenskra nema í alþjóðlegum samanburðar- könnunum og skólakerfið kallar eftir vel menntuðum raungreina- og tæknikennurum.

Menntavísindasvið Háskóla Íslands leggur um þessar mundir sitt af mörkum til eflingar náttúrufræðimenntunar og áhuga nemenda á náttúruvísindum og tækni

með NaNO verk- efninu (Náttúruvísindi á nýrri öld). Verkefnið er margþætt; símenntun- námskeið fyrir kennara um ný vísindi; kennslu- ráðgjöf; gagna- banki fyrir kennara með viðfangsefnum náttúruvísinda

og tækni 21. aldar; viðburðir með náttúrufræðikennurum þar sem þeir læra hver af öðrum og fagleg einangrun þeirra rofnar; rannsóknir á náttúrufræðimenntun á Íslandi ásamt fleiru.

Meiri samvinnu

Starfsfólk NaNO hefur nú þegar verið í samstarfi við ýmsa aðila

í vinnu sinni. Þar má nefna Haf- rannsóknastofnun, Matís, Sjávar- klasann, Raunvísindastofnun Háskólans, Lyfjafræðideild HÍ, ORF líftækni, Orkuveitu Reykja- víkur, Landbúnaðarháskóla Íslands, Landgræðsluna, Sorpu, Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Landsvirkjun. Menntavísinda- svið HÍ hefur einnig kallað á aðila vinnumarkaðarins, Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Sam- band íslenskra sveitarfélaga og fleiri aðila til að halda umræðunni um náttúrufræðimenntun gangandi og stilla saman strengi.

Nú er kominn tími til að vinna meira saman, vinna að símenntun kennara með markvissari hætti, tengja skólana betur atvinnulífinu, leyfa nemendum að fjalla í ríkari mæli um nútímavíðfangsefni vísinda í skólum ásamt því að þjálf

→ Efling náttúrufræði- menntunar er afar brýn. Atvinnulífið kallar á skýrari tengingu við skólana og óskar eftir hæfu raunvísinda- og tæknimenntuðu fólki.

nemendur í að takast á við álitamál og flókin viðfangsefni. Þannig búum við nemendur betur undir framtíðina í samfélagi sem ekki er ljóst hvað ber í skauti sér.

Þegar nemendur eru spurðir hvað líffræðingar og annað raungreinafólk gerir ættu þeir að sjá fyrir sér hlaðborð af störfum með fjölbreytta möguleika í náttúru og vísindum sem snúa að rannsóknum og þróun vara, tækja og hugmynda sem bæta líf okkar og auka sjálfbæra nýtingu auðlinda.

2FYRIR1

af Varilux margskiptum glerjum

Breiðari
lespunktur
með nýrri tækni

augað
KRINGLUNNI, 2. HÆÐ.
SÍMI 568 9111

Skertur verkfallsréttur – áhrif á launaþróun lækna

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að lækna eru nú í kjarabaráttu og í fyrsta sinn að nýta verkfallsrétt. Samt sem áður sinna þeir neyðarþjónustu. Slíkt er ekki sjálfgefið í hörðum kjaradeilum. Síðabálkur lækna, eiður þeirra og ábyrgðartilfinning ráða því að á stundum sem þessum mæta lækna til vinnu til að sinna bráðveikum. Lækna sæta skerðingu á rétti til kjarabaráttu skv. lögum, sem aðrar stéttir telja sjálf- sagt að ganga að vísnum. Það er því með ólíkindum að viðsemjandinn skuli reyna að nýta sér slíka stöðu. Höfðu dregið í hartnað á að setjast að samningaborðinu og reyna nú að draga samningaviðræðurnar á langinn.

Hjá læknum er mælirinn fullur. Ástandið er óviðunandi. Ekki bara vegna þess að launaþróun hefur ekki haldið í horfinu borið saman við aðrar háskólamenntaðar starfsstéttir, hvort heldur um er að ræða grunnlaun eða þróun heildar- tekna. Líka vegna þess að mönnum í læknaöðrum hefur dregist saman meðan annars staðar fjölga hjá ríkinu. Lækna fást ekki til starfa. Endurnýjun er of hæg. Meðalaldur hækkar of hratt. Fleiri verk á færri hendur. Yfirfullar göngudeildir og biðtími eftir þjónustu lengist. Lækkandi þjónustustig. Samkeppnisgrundvöllur ríkisrekna heilbrigðiskerfisins hefur farið halloka fyrir betri kjörum og vinnuáætlunum á öðrum vettvangi.

KJARAMÁL



Reynir Arngrímsson
varaformaður
Læknafélags
Reykjavíkur

Á meðan Íslendingum fjölga ört fækka læknum og vinnuálagið vex í heilsu- gæslu og á sjúkrahúsum landsins. Frá janúar 2007 til desember 2013 fækkaði stöðugildum lækna um tæp tvö prósent og fer ástandið versnandi. Ásókn í sér- hæfða þjónustu Landspítalans er vaxandi. Sjúkdómar hlýða ekki fyrir mælum um niðurskurð og jafnvægi í ríkisreikningi. Halda þarf í við og innleiða nýjungar í meðferð. Til þess þarf nýtt blóð í starfsemi. Velmenntaða sér- fræðilækna. Viðhalda þekkingar- brunni og bæta þjónustu. Kenna nemum í heilbrigðisföllum og þjálf- unga lækna. Á því byggist framtíð kerfisins.

Ekki við sama borð

Á sama tíma og lækna hverfa frá störfum og þeim fækka hefur ríkið fjölgað stöðugildum ljós- mæðra um 25%, háskólamenntuð- um starfsmönnum stjórnarráðsins (FHSS) um 29%, BHM-starfsmönnum um 19%, verkfræðingum um sjö prósent og hjúkrunarfræðingum um þrjú prósent.

Fjármálaráðuneytið hefur nýlega lýst því yfir að kostnaður ríkisins við að ganga til samninga við Læknafélag Íslands þýði óviðráð- anlega hækkun á útgjöldum ríkisins, sérstaklega launakostnaði. Þegar þróun launakostnaðar ríkisins vegna ofangreindra starfsstétta á þessu tímabili er skoðuð kemur í ljós að heildarútgjaldahækkun

→ Samkeppnisgrundvöllur ríkisrekna heilbrigðiskerfisins hefur farið halloka fyrir betri kjörum og vinnuáætlunum á öðrum vettvangi.

vegna kjarasamnings Læknafélags Íslands var aðeins um 31%, en hjúkrunarfræðinga 55%, ljós- mæðra 120%, verkfræðinga tæp 60%, BHM 81% og FHSS 95%.

Lækna hafa ekki setið við sama borð. Tekjur þeirra eða heildar- laun hafa hækkað langminnst á tímabilinu eða um 34%. Hjá öðrum ofangreindum stéttum hafa heildar- laun hækkað á bilinu 47% til 52%. Mestu munar þó í saman- burði við ljósmæður þar sem hækkun í heildarlaunum á milli 2007 til 2013 var 77% eða 46% meiri en hjá læknum. Í þessu umhverfi er læknum nú boðin 3% hækkun. Þess vegna þurfa lækna að grípa til aðgerða. Engum blöðum er um það að fletta að lækna hafa setið eftir. Vaxandi álagi hefur ekki verið mætt með fjölgun stöðugilda eins og í öðrum geirum ríkisins. Sérfræðilækna fást ekki til starfa við núverandi aðstæður og almenn- ir lækna stoppa stutt við. Lækna í starfi á heilbrigðisstofnunum ríkisins krefjast umtalsverðrar og sann- jarnrar leiðréttingar á launalið- um. Fjölga þarf starfandi læknum, bæta grunnlaun þeirra og starfsað- stæður.

Vissir þú að...

Ófæðisfullir tölvaletkir hafa áhrif á börn.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

HÁSKERPU 4K OFURUPPLAUSN

Philips Ambilight sjónvarp með Android stýrikerfinu

20% AFSLÁTTUR



49"

55"

4K - ULTRA HD LED

PHILIPS



- Glæsileg rammalaus hönnun
- Ultra HD – 4K ofur háskerpuupplausn 3840x2160
- Pixel Precise Ultra HD myndvinnsla með quad core örgjörva
- Alvöru myndgæði með 600Hz PMR Ultra, Perfect Natural Motion og Micro Dimming Pro
- Ambilight baklýsing, eykur upplifun til muna
- Android stýrikerfi, nýr heimur leikja, kvikmynda og afþreyingar, til dæmis sjónvarp Símans, OZ appið og Google Play Movies beint í tækið
- Twin tuner – hægt að horfa á eina stöð og taka upp aðra á sama tíma
- Snjöll fjarstýring – Vönduð fjarstýring með músabendli, lykklaborði og hægt að tala við tækið!
- Endalausir möguleikar með Cloud TV, Simplyshare, Multiroom server, Dropbox og Miracast
- Hægt er að horfa á 3D myndir – 4 gleraugu fylgja!



með Android

ULTRA
RESOLUTION

PixelPrecise
ULTRA HD

Twin Tuner

2xDVB-T2
2xDVB-C
2xDVB-S2



QuadCore

600Hz
PMR ULTRA

49" Philips 49PUS7909

TILBOÐ

299.996

VERÐ ÁÐUR 374.995

55" Philips 55PUS7909

TILBOÐ

399.996

VERÐ ÁÐUR 499.995

PHILIPS



Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Örugg búseta með þriggja ára leigusamningi

Við ætlum að gera leigu að raunhæfum valkosti á húsnæðismarkaði

Almenna leigufélagið býður leigusamninga til allt að þriggja ára. Leigjendur okkar búa ekki við þá óvissu sem fylgir skammtíma-leigu, búseta þeirra er tryggð og það er leiguverðið líka. Við leigjum út tæplega 400 íbúðir af öllum stærðum á höfuð-

borgarsvæðinu. Þannig hafa leigjendur okkar sveigjanleika til að stækka eða minnka við sig eftir því sem fjölskylduhagir breytast. Við viljum að það sé raunhæfur valkostur að leigja íbúðarhúsnæði í stað þess að kaupa fasteign.



Langtíma leigusamningur



Sveigjanleiki



24/7 þjónusta

**ALMENNA
LEIGUFÉLAGIÐ**

almennaleigufelagid.is



Fjölmenning og fordómar í garð trúaðra

Umræða samfélagsins um trú og trúarhefðir hefur aukist mjög á undanförunum árum og trúarbrögð skipa veigameiri sess í umræðu um alþjóðastjórnsmál en þekktist undir lok 20. aldar. Ástæður þess eru margvíslegar en líklega hefur sú aukna vátta, sem bókstafleg túlkun trúarlegra texta til að réttlæta ofbeldisverk hefur verið, haft þar mest áhrif. Umræða fjölmiðla um trúarhefðir er því miður oft byggð á upphrópunum, sem og þeirri tilhneigingu að setja allar trúarhefðir undir sama hatt. Sú tilhneiging á við um umræðu er snýr að öllum trúarhefðum, þótt fordómar í garð múslima fari hæst í opinberri umræðu.

Líkt og í umræðu um kristindóminn fá þær raddir mest vægi sem halda á lofti bókstaflegri túlkun trúarlegra texta til að réttlæta ofbeldi og valdbeitingu. Meirihluti múslima iðkar trú sína með friðsömum hætti en ofbeldisverk hryðjuverkasamtaka og fjölskylduharmleikir heidursmorða þykja bitastæðara fréttaefni en friðsöm trúariðkun innflytjenda á Vesturlöndum. Afleiðingin er sú að sú mynd sem birtist í opinberri orðræðu gefur þá mynd að islam sé í grunninn ofbeldisfull trúarbrögð.

Einföldun byggð á fordómum

Við á löndum þar sem múslimar eru í meirihluta eru framin mannréttindabrot og staða kvenna í hinum íslamska heimi er sannarlega áhyggjuefni. Staðreyndin er hinsvegar sú að sú tilhneiging í opinberri umræðu að kenna islam, eða trúarbrögðum almennt, um er einföldun sem elur á fordómum og kyndir undir enn frekara ofbeldi. Bókstafshygja sem réttlætning ofbeldisverka er tilhneiging sem einskorðast hvorki við islam, né trúarbrögð almennt, heldur hefur birst á undangenginni öld í túlkun á guðlausum stefnuyfirlýsingum stjórnsmálafla.

TRÚMÁL



Sigurvin Lárus Jónsson
prestar



Sunna Dóra Möller

Upplýst umræða

Ofbeldi í garð kvenna er vandamál sem herjar á mannkyn allt og þó staða kvenna í hinum íslamska heimi sé víða bágborin er mikilvægt að skoða hana í samhengi. Til dæmis er umskurn kvenna ekki einungis iðkuð í löndum þar sem múslimar eru í meirihluta, líkt og í Erítreu og Eþíópíu, löndum þar sem kristnir eru í meirihluta. Slæðan, sem oft er túlkuð sem tákmynd kúgunar kvenna, hefur á köflum verið tákmynd kvenfrelsis, samanber í Íran áður en að klerkabyltingin átti sér stað. Kúgun kvenna og mannréttindabrot gagnvart þeim eru sammannlegt vandamál og þeim ber að berjast gegn hvar sem þau birtast en það er einföldun að halda því fram að islam sé kvenfjandsamlegri en önnur trúarbrögð.

Innflytjendur auðga samfélagið

Upplýst fjölmenningarsýn byggir á jákvæðri afstöðu í garð menningarlegrar og trúarlegrar fjölbreytni á sama tíma og hún mótmælir mannréttindabrotum og ofbeldi í öllum myndum. Á Íslandi er smám saman að verða til fjölmenningarsamfélag, þar sem innflytjendur af ýmsum þjóðarbrotum og trúarhefðum auðga samfélag okkar með því að gerast Íslendingar. Íslensku samfélagi stendur ekki ógn af menningarlegum fjölbreytileika en okkur stendur ógn af for-

→ **Upplýst fjölmenningarsýn byggir á jákvæðri afstöðu í garð menningarlegrar og trúarlegrar fjölbreytni**

dómum í samfélagi okkar, hvar sem þeir birtast. Upplýst umræða gerir þær kröfur að alhæfingar og upphrópanir séu ekki umbornar á vettvangi fjölmiðla, heldur sé fjallað um menningu og trúarbrögð með þeim hætti að gerður sé greinarmunur á því hvað er rætt um hverju sinni.

Kristnar kirkjudeildir eru mjög ólíkar og það sama á við um birtingarmyndir islam í ólíkri menningu þjóða. Hvorugum trúarbrögðum er gert rétt til með því að alhæfa um eðli þeirra eða bera fram upphrópanir byggðar á framgöngu þeirra sem beita trúnni fyrir sig til að réttlæta ofbeldi. Ef við viljum varðveita trúfrelsi á Íslandi getur það ekki byggð á útskýfun trúariðkunar úr hinu opinbera rými eða á því að fordæma alla trú sem er þjóðinni framandi. Trúfrelsi byggir á jákvæðri afstöðu í garð trúariðkunar og menningarlegrar tjáningar innan þeirra marka sem mannréttindi og lög setja allri tjáningu.

Nýlega var haldin í Nes Kirkju hátíð á vegum Félags Horizon en það eru menningarsamtök múslima sem vilja berjast gegn fordómum í samfélagi okkar. Á boðstólum voru fegurstu ávextir tyrkneskrar menningar, þjóddansar, ebru-listmálun og ashura-grautur, en hann byggir á helgisögn sem segir að spámaðurinn Nói hafi blandað saman framandi hráefnum og fengið út einstakt bragð. Slíkir viðburðir varða veginn í átt að upplýstri fjölmenningu þar sem haldið er á lofti því besta sem menning og trú hafa fram að færa.

Fyrsta plata AmabAdama er komin út!

Fæst á geisladisk, vinyll og á tónlistarveitum

Inniheldur lagið „Hossa Hossa“!

Record Records

Skattkerfisbreytingar eru nauðsynlegar

Nú þegar önnur umræða um fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar stendur fyrir dyrum, er nauðsynlegt að ítreka enn einu sinni mikilvægi þess að þær skattkerfisbreytingar, sem lagt er upp með, nái fram að ganga. Um langa hríð hefur sá mikli munur sem er á efra og neðra þrepi í virðisaukaskatti, verið atvinnulífínu þyrnir í augum. Þar fara skoðanir atvinnulífsins saman við skoðanir bæði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og OECD, en þessir aðilar hafa oft bent á þá staðreynd að bilið milli skattþrepanna hér á landi sé óvenju mikið í alþjóðlegum samanburði. Þetta mikla bil mismuni atvinnugreinum á óréttmætan hátt, eftir því í hvoru þrepi virðisaukaskattsins varan eða þjónustan lendir.

Burt með vörugjöldin

Sá skattur sem hvað lengst hefur þó verið þyrnir í augum verslunarinnar eru vörugjöldin, sem sett voru á sem tímabundinn skattur við innngöngu Íslands í EFTA árið 1970. Það er eins með vörugjöldin og aðra tímabundna skatta að þeir hafa tilhneigingu til að endast allra skatta lengst. Það er því verulegt fagnadarefni að stjórnvöld gera nú ráð fyrir að afnema almenn vörugjöld með öllu, lækka efra þrep virðisaukaskatts þar sem bróðurpartur allrar vöru og þjónustu er, jafnframt því sem boðað er að neðra þrep virðisaukaskattsins verði hækkad. Fyrir afnámi vörugjalda

SKATTAR



Margrét Sanders
formaður Samtaka verslunar og þjónustu

hafa Samtök verslunar og þjónustu barist um langa hríð. Stóri ókosturinn við vörugjöldin er að þau eru „falinn skattur“, m.ö.o. þau eru almennt ekki sýnileg í verði vörunnar til neytandans.

Svo það sé nú rifjað upp þá ber stór hluti byggingarefnis og þeirra vara sem fara inn á baðherbergi 15% vörugjald, öll raftæki sem fara inn í eldhús og þvottahús 20%, og stór hluti almennra raftæka eins og t.d. sjónvarps-tækja ber 25% vörugjald. Eins er vörugjald lagt á ýmiss konar matvöru, sem á einhvern óskiljanlegan hátt hefur verið fellt undir samheitið sykurskattur. Sem dæmi um matvöru sem bera „sykurskatt“ eru vörur á borð við morgunkorn, tómatsósu og niðursoðna ávexti. Álagning vörugjalds á matvöru er oft tilviljanakennd og framkvæmdin ótrúlega flókin bæði fyrir verslunina og tollayfirvöld. Það yrði því mikið heillaspor fyrir allan almenning ef loks tækist að afnema almennu vörugjöldin með öllu. Með því móti næðist fram sambærileg lækkan á vöruverði, jafnframt því sem byggingarkostnaður myndi lækka verulega.

Einhliða umræða

Umræða undanfarinna vikna um fyrirhugaðar skattkerfisbreytingar hefur verið mjög einhliða. Umræðan hefur verið nær eingöngu snúid að hækkun neðra þreps virðisaukaskattsins og áhrifum þeirrar breyt-

→ **Æskilegt hefði verið ef umræðan, m.a. á Alþingi, fjallaði um heildaráhrif fyrirhugaðra skattkerfisbreytinga á hag almennings.**

ingar sérstaklega. Það er bagalegt. Æskilegt hefði verið ef umræðan, m.a. á Alþingi, fjallaði um heildaráhrif fyrirhugaðra skattkerfisbreytinga á hag almennings. Með því móti hefði fólk betur getað áttað sig á til hvers hinar fyrirhuguðu breytingar muni leiða, en samkvæmt öllum útreikningum munu breytingarnar hafa jákvæð áhrif á nær alla tekjuhópa. Hafi breytingarnar neikvæð áhrif fyrir einstaka hópa, ætti að mæta því með mótvægisáðgerðum fyrir þá hópa sérstaklega, frekar en að kasta frá sér þessu tækifæri sem nú liggur á borðinu.

Verslunin styður breytingarnar

Samtök verslunar og þjónustu lýstu strax yfir stuðningi við fyrirhugaðar skattkerfisbreytingar, þegar þær voru kynntar sl. haust. Að mati samtakanna eru þessar breytingar í öllum aðalatriðum mikið framfaraspör og stefna í átt að einfaldari og sanngjarnari skattheimtu en verið hefur. Það ætti því að vera samenginglegt hagsmunamál almennings og verslunarinnar í landinu að þessar breytingar nái fram að ganga. Það er nefnilega mikilvægast fyrir alla aðila að skattkerfið í landinu sé gagnsætt og sanngjarnt og það sem ekki er síður mikilvægt, ódýrt í framkvæmd.



Vissir þú að...

holl og góð fæða studlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga retta

GOTT Í SKÓINN

SKÓDAGAR Í ÚTILÍF

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKÓM,

JÁ ÖLLUM SKÓM.

OPIÐ TIL 22 Í SMÁRALIND,
Í DAG FIMMTUDAG.

ÚTILÍF

síðan 1974

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

utilif.is

Jafnrétti – er von?

Enn er langt í land þegar litíð er til jafnréttis í okkar samfélagi. Niðurstöður gefa okkur neikvæða mynd af viðhorfum ungmenna til jafnréttis. Samfélagið í heild sinni virðist engan veginn vera að standa sig í stykkinu. Hugmyndir ungmenna um hlutverk kynjanna gefa til kynna að hægt þokist áfram og jafnvel sé um afturför að ræða. Vonbrigði leynd sér ekki, hver jafnréttisráðstefnan

MENNTUN



Sara Dögg Svanhildardóttir skólastýra Vífils-skóla miðstíggsskóla

á fætur annarri er haldin þar sem farið er yfir frekar vonlausu stöðu, mikinn launamun kynjanna, kynbundið ofbeldi í garð kvenna, hlutfall kvenna ekki sem skyldi í stjórnendastöðum svo ekki sé upptalin staða minnihlutahópa samfélagsins sem hallar á á degi hverjum. Mikil vonbrigði fylla hjórtu jafnréttissinna.

En er von?

Ástæða þessara skrifa er hins vegar raunveruleikinn sem ég bý við í starfi mínu með börnum í Hjallastefnuskóla, sú jafnréttiskennsla sem ég hef orðið vitni að og skilar áþreifanlegum árangri í þankagangi barna. Það er nefnilega þannig að við getum haft mikil áhrif á jafnréttismál með því að fylgja jafnréttiskennslu eftir í leik- og grunnskólum. Meðvitaðir kennarar um stöðu jafnréttismála, kennarar sem láta sig málið varða og láta verkin tala.

Þar sem unnið er með viðhorf sem móta börn og ungmenni, vinna sem leiðir af sér ný viðhorf, nýja sýn sem gefur okkur ástæðu til þess að trúna því að það sé von.

Tæki til jafnréttiskennslu

Að starfa með börnum frá 10-12 ára sem hafa flest gengið í Hjallastefnuskóla frá því þau hófu skólagöngu sína í leikskóla og sjá og heyra hvernig viðhorf þeirra mótast og taka breytingum frá ári til árs er undursamlegt. Leið Hjallastefnunnar til

jafnréttiskennslu er aðeins ein af mörgum og alls ekki sú eina rétta en hún virkar hins vegar og það er dásamlegur veruleiki sem við búum við.

Það að vinna með leið sem skilar árangri gefur okkur tilfærni til þess að fyllast jákvæðni og trú á að það sé virkilega von. Kynjaskipt skólustarf með markvissri uppbotavinnu fyrir bæði kyn er gríðarlega öflug leið en ég er hins vegar algjörlega sannfærð um að það eigi það sama við um fleiri leiðir. Aðalatriðið er eftirfylgni, markmið og skýr sýn á leiðir að árangrinum – í jafnréttiskennslu líkt og í allri annarri kennslu.

Ný aðalnámskrá – jafnrétti

Í nýrri aðalnámskrá fyrir grunnskóla er sérstaklega fjallað um jafnrétti sem grunnþátt í öllu námi barna og því ber öllum skólum að fræða og búa börnum tækifæri innan skólakerfisins til frekari þroska, aukna jafnréttisvitund sem leiðir af sér breytt viðhorf fyrir komandi kynslóðir.

Það er hægt að koma mikilvægi jafnréttisviðhorfa til skila til barna og hafa jákvæð áhrif á viðhorf þeirra til jafnréttismála með því að standa með jafnréttiskennslu strax í leikskóla og áfram menntaveginum. Það hefur sýnt sig svo um munar hjá 12 ára hjallastefnubörnum. Þar verðum við áþreifanlega vör við að slík vinna beri raunverulegan ávinning þar sem stúlkur standa með sjálfum sér og drengir tala fyrir mikilvægi jafnrétti stúlkna jafnt sem drengja af hjartans einlægni. Ég nefni sérstaklega 12 ára börn vegna þess að viðhorfakennsla tekur tíma. Það þarf virkilega að standa með slíkri kennslu eins og við kjósum að kalla það hjá Hjallastefnunni. Galdurinn er nefnilega m.a. sá að standa með ákvörðunum og fylgja verkefnum eftir af trúmennsku. Þá á einhverjum tímapunkti springur afraksturinn út eins og blóm í haga.

Ef skólasamfélagið virkilega beitir sér þá er von!

→ Kynjaskipt skólustarf með markvissri uppbotavinnu fyrir bæði kyn er gríðarlega öflug leið en ég er hins vegar algjörlega sannfærð um að það eigi það sama við um fleiri leiðir. Aðalatriðið er eftirfylgni, markmið og skýr sýn á leiðir að árangrinum – í jafnréttiskennslu líkt og í allri annarri kennslu.



www.lyfja.is

Litlu jólin í Lyfju Smáralind

Full búð af flottum jólagjöfum fyrir alla í fjölskyldunni.

Flottar kynningar í göngugötunni.

Opið til kl. 22:00 í kvöld.



25% afsláttur af öllum snyrtivörum, gjafavörum og sokkabuxum.

Lyfja Smáralind



Vissir þú að...
það er barnd
af mismunandi
lörum
eða líkamlegri eða
andlegri geislu



LÍNA

LANGSOKKUR

10 FROSTPINNAR Í NÆSTU VERSLUN

HÉR SÉRÐU LÍNU LANGSOKK,
TRALLA HÓ, TRALLA HEI,
TRALLA ÍSPINNA



Einföld mótvægis- aðgerð sem virkar

Flestir hafa sterkar skoðanir á hinum svokallaða matarskatti og þeirri hækkun sem blasir við heimilum landsins með tilkomu hans. Hækkun matvælavæðs er vissulega eitthvað sem öll heimili í landinu finna fyrir. Stjórnvöld hafa hins vegar ítrekað að lýst því yfir að samhliða þeirri hækkun verði gripið til mótvægisáðgerða sem eigi að leiða til þess að heimilin í landinu finni lítið sem ekkert fyrir þeim áðgerðum.

Ýmsar skattaútfærslur eru helst nefndar í þessu sambandi og sitt sýnist hverjum um gagnsemi þeirra. Sumar eiga að gagnast einum þjóðfélagshópi meir en öðrum, meðan aðrar koma betur við tekjuhærrni hópa en þá tekjulægri.

Ein hugmynd hefur þó ekki verið rædd, en það er einföld mótvægisáðgerð sem virkar. Hún felur í sér að virðisaukaskattur á fatnaði, skóm og fylgihlutum verði lækkaður niður í sama skattþrep og fyrirhugaður matarskattur, eða 12%.

Fæstir átta sig á að stærsti söluáðili á fatnaði, skóm og fylgihlutum á Íslandi, starfrækir ekki einu sinni verslun á Íslandi. Fjármálaráðgjafafyrirtækið Meniga segir sænska risann H&M eiga þann heiður og það segir meira en margt annað um stöðu mála hér á landi. Íslendingar vilja hins vegar versla heima í héraði, heima á Íslandi og þessi breyting á virðisaukaskatti getur auðveldað það til muna.

Ef virðisaukaskattur á fatnaði,

VERSLUN



Sigurjón Örn Þórsón
framkvæmdastjóri
Kringlunnar

→ Ef virðisaukaskattur á fatnaði, skóm og fylgihlutum yrði lækkaður í 12%, yrði það afar stór aðgerð í þágu verslunar.

skóm og fylgihlutum yrði lækkaður í 12%, yrði það afar stór aðgerð í þágu verslunar í landinu sem myndi óhjákvæmilega leiða til þess að fleiri keyptu sér fót hér á

landi, sem þýddi að fleiri krónur yrðu eftir í íslenska hagkerfinu, fleiri störf yrðu til, skattgreiðslur til ríkisins yrðu hærrni og svo mætti áfram telja. Síðast en ekki síst myndi þetta verða alvöru mótvægisáðgerð við hinn svonefnda matarskatt.

Gagnrýndur þessarar leiðar gætu bent á að kostnaður við hana gæti verið í fyrsta kasti rúmir tveir milljarðar króna en því er til að svara að raunverulegur kostnaður yrði umtalsvert minni vegna áðurnefndrar keðjuverkunar. Þessar tekjur væri ríkið fljótt að ná inn til baka í aukinni veltu.

Við þurfum ekki að leita langt yfir skammt að leið sem ekki aðeins virkar til að bæta heimilum landsins upp aukakostnað við matarskattinn, þurfum ekki að fara í flóknar skattbreytingar. Við þurfum bara að lækka virðisaukann á fatnaði, skóm og fylgihlutum í 12% og þá blasir við einföld mótvægisáðgerð sem virkar. Það yrði ekki bara stór aðgerð fyrir verslunina í landinu, heldur ekki síður fyrir heimilin í landinu.

Auðkennisþjófar á Íslandi

Við sem á Íslandi búum höfum blessunarlega verið að mestu verið laus við þá ógn sem felst í þjófnáði á auðkennum og persónuupplýsingum, m.a. greiðsluupplýsingum. Fámenn þjóð hefur til þessa ekki vakið áhuga glæpamanna sem þessa rányrkju stunda. Hinsvegar virðist nú vera breyting orðin á. Það er því ástæða til vekja athygli almennings á þessari stöðu.

SAMFÉLAG



Helgi Teitur Helgason
framkvæmdastjóri
Einstaklingssviðs
Landsbankans

Í sumar bærust fréttir af því að afritunarbúnaði hefði verið komið fyrir á hraðbönkum á Íslandi. Þetta var ekki í fyrsta skiptið sem slíkur búnaður finnst hérlandis, oftast hefur hann verið fremur viðvæningslegur þó breyting hafi orðið á því á síðustu árum. Afritunarbúnaðurinn sem uppgötvaðist í sumar var hinsvegar af fullkominni gerð.

Þessi tegund þjófnáðar er þekkt víða um heim. Hún felst í því að stela greiðsluupplýsingum og persónuauðkennum greiðslukorthafa sem nota sjálfsafgreiðslutæki. Þetta geta verið hraðbankar, bensínsjálfsalar, stöðumælur og í raun öll tæki sem taka við greiðslu með greiðslukortum. Persónulegum greiðsluupplýsingum og pin-númerum notenda þessara tækja er stolið og þær seldar á netinu þeim sem áhuga hafa á að gera sér þær að féþúfu. Eftirspurnin eykst sífellt enda er fjarlægðin milli glæpamann-

anna og brotapolanna mikil og óveruleg hætta á að þeir sem auðgast mest náist nokkru sinni.

Framleiðendur öryggisbúnaðar fyrir sjálfsafgreiðslutæki þróa varnir gegn auðkennisþjófnáði af þessu tagi. Sú þróun er alltaf eftir á eðli málsins samkvæmt. Notendur geta samt viðhaft einfaldar varúðarráðstafanir sem gera þjófum ómögulegt að

komast í fjármuni þeirra þrátt fyrir afritun og er rétt og skylt að vekja athygli á þeim.

Vísending

Sjálfsafgreiðslutæki eiga alltaf að vera í fullkomnu lagi. Auðkennisþjófar eiga gjarnan við tækin með einhverjum hætti og eru biluð ljós á tækinu, losarabragur á því, utánaliggjandi snúrur eða annað óeðlilegt ástand þeirra gjarnan vísending um að ekki sé allt með felldu.

Raufin sem greiðslukorti er stungið í á alltaf að vera laus við aðskotahluti. Afritun greiðsluupplýsinga á sér stað með búnaði sem notendur renna greiðslukortum sínum í gegnum þegar þeir stinga kortinu í tækið. Hægt er að koma auga á afritunarbúnaðinn með því að kíkja inn í raufina og hann fer sjaldnast framhjá notendum sé hann til staðar.

Auðkennisþjófar koma myndavélum fyrir á tækjunum til að taka upp pin-númer notenda,

→ Raufin sem greiðslukorti er stungið í á alltaf að vera laus við aðskotahluti. Afritun greiðsluupplýsinga á sér stað með búnaði sem notendur renna greiðslukortum sínum í gegnum þegar þeir stinga kortinu í tækið. Hægt er að koma augu á afritunarbúnaðinn með því að kíkja inn í raufina og hann fer sjaldnast framhjá notendum sé hann til staðar.

sem þeir para svo við greiðsluupplýsingar greiðslukortanna. Við innslátt pin-númers er góð regla að hylja lykaborðið með veski eða lófa, þannig að ekki sé hægt að sjá hvaða tölur eru slegnar inn.

Sem betur fer hefur fjárhagstjórn vegna atvika af þessu tagi verið óverulegt til þessa. Óþægindi notenda þegar persónuauðkennum þeirra er stolið eru hinsvegar talsverð. Almenn vitund og mótaðgerðir eru til þess fallnar að auðkennisþjófnáður af þessu tagi mistakist og það er þannig með þessa þjófa, eins og aðra, að rýr árangur af verkum þeirra er besta vörnin gegn þeim.

AF NETINU

Kyndbundnar lánveitingar



Víða í veröldinni hafa komið fram lánastofnanir sem lána nær eingöngu til smáfyrrtækja sem konur reka og sú lánastarfsemi hefur almennt gefist vel. Þá má ekki gleyma að velmegun þjóða er mest þar sem atvinnuþáttaka kvenna er mest. Þess vegna gæti kynbundin lán af því tagi sem ríkislánastofnunin boðar verið góðra gjalda verð. Ýmis rök geta því mælt með lánveitingum af þessu tagi

<http://www.jonmagnusson.blog.is>

Jón Magnússon

Ríkisaðstoð til fjölmíðla?



Í millitíðinni hlýtur að vera eðlilegt að eiga samtál um hvort fjölmíðlar gegni nægilega veigamiklu hlutverki til þess að hægt sé að réttlæta að berja í markaðsbrestina með ríkisaðstoð. Veigamikill hluti þess samtals ætti að snúast um hvort rekstur ríkisfréttastofu sé heppilegasta leiðin til þess að styðja við sjálfstæða efnisöflun og rannsóknarblaðamennsku, eða hvort það væri heppilegra að nýta fjármunina til stuðnings við einkarekna fréttamiðla eins og tíðkast víða í Evrópu.

<http://www.deiglan.is>

Hafsteinn Hauksson



GLERAUGNASÝNING Í LINSUNNI • 20% AFSLÁTTUR

Glæsileg gleraugnasýning frá
ALAIN MIKLI og ETNIA BARCELONA

Fimmtudag, föstudag og laugardag

20% afsláttur af Alain Mikli og Etnia Barcelona
umgjörðum sýningardagana

Komdu – Mátaðu – Upplifðu

LINSAN

Skólavörðustíg 41 • 551 5055

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á greinar@visir.is og við komum henni á framfæri hið snarasta.

Vnr. 88471058
Jólakúla,
75 mm, kopar.

325kr.

Vnr. 42372604
Kerti, 24 cm,
10 stk. í pk., rauð.

985kr.

VIÐ ERUM Í
JÓLASKAPI

JÓLIN ERU KOMIN Í BYKO



Vnr. 88167885-8
Sería, 120 eða 240 LED
ljós, hvít eða mislit.

Verð frá:
3.695kr.



Vnr. 88167876/8019
Krans, 15 hvít eða mislit
ljós, 38 cm, rafhlöður.

2.395kr.



Vnr. 51880172/6
Stjarna með ljósi,
messing eða hvít.

3.995kr.



Vnr. 88167597/9
CAMILLA adventljós,
hvítt eða svart.

3.295kr.



Vnr. 88167108
Ljósþrámídi með
35 ljósum, 60 cm.
2.995kr.

Vnr. 88167105/7
Ljósþrámídi með
20 ljósum, 40 cm.
1.995kr.



Vnr. 88470847
Jólafigúra, 20 cm.

1.795kr.



Vnr. 88470951
Jólalest með ljósi.

1.995kr.



Vnr. 88470874
Lukt, kirkja,
14x13x31 cm.

2.995kr.



Vnr. 55095034
Jólastjarna.

895kr.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

www.ver.is / VERT markaðsstoifa

34
DAGAR
TIL JÓLA!

Allt sem þarf til að gera jólin að þínum



BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

VERÐVERND BYKO

LÆGRA
VERÐ

sodastream

Vnr. 94990142-7
SODA-STREAM PLAY.
Rautt, blátt, grátt eða svart.
19.995 kr.



Vnr. 42374683
MELISSA
töfrasproti, 170W.
1.995 kr.



Vnr. 42352028
TRISTAR
hraðsuðukanna, 1,7 l.
3.995 kr.



Vnr. 42378863
MELISSA
panini grill,
2000W.
6.995 kr.



Vnr. 42351393
TRISTAR
handþeytari,
200W.
3.495 kr.



BOSCH
Vnr. MCM2054
BOSCH matvinnsluvél, 450W,
tekur 1 kg af efni, 1,5 l plast
skál, 2 hraðastillingar,
1 Turbo takki.
9.995 kr.



OBH NORDICA
Vnr. 42351480
OBH hrærivél
6680, 450W.
25.995 kr.



BOSCH
Vnr. 65742017
BOSCH kaffivél,
10/15 bolla.
9.895 kr.



Vnr. 65103328
BUCKINGHAM
hraðsuðuketill, 1,7 l.
10.995 kr.



Vnr. 65103329
BUCKINGHAM
brauðrist.
9.895 kr.



Vnr. 65103330
BUCKINGHAM
kaffivél.
10.995 kr.



PHILIPS
Vnr. HD7810SVORT
PHILIPS Senseo II
kaffivél.
14.995 kr.



Vnr. 42378877
MELIS örbylgjuofn,
20 l, með grilli.
19.995 kr.

Allt sem þarf til að gera jólin að þínum

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



SWIFT SNÝR AFTUR

Söngkonan Taylor Swift verður meðal þeirra sem koma fram á hinni vel þekktu tiskusýningu Victoria's Secret sem fram fer í London 9. desember. Þetta er í annað sinn sem Swift kemur fram á sýningunni en í fyrra sló hún í gegn í búningi í bresku fánalitunum.

TÆKIFÆRISGJAFIR

TILBOÐ



Hnífaparatóskur - 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990

Tékk
KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

GEFÐU JÓLAGJÖF SEM NÆRIR

GENGUR VEL KYNNIR Þarftu að gefa einhverjum gjöf sem á allt? Af hverju ekki að gefa gjöf sem nærir og þú getur verið viss um að verði notuð!

Benecos-snyrtivörurnar hafa slegið í gegn hér á landi fyrir þær sakir að þær eru lífrænt vottaðar, náttúrulegar og á verði sem ekki hefur áður sést hér á landi á slíkum vörum. Einnig hefur mikil vitundarvakning orðið úti um allan heim um innihaldsefni snyrtivara. Rannsóknir sýna að sum innihaldsefni snyrtivara hafa fundist í krabbameinsæxlu og því er það mikilvægt nú sem aldrei fyrr að vera vel upplýst um þau.

MÆLIR MEÐ BENECOS SNYRTIVÖRUNUM

„Fyrir mörgum árum byrjaði ég að skipta yfir í eiturefnalausar og lífrænar snyrtivörur af því mig langaði ekki til að bera á mig efni sem ég þekkti ekki og vissi ekki hvaða áhrif myndu hafa á mig og mína. Þar sem húðin er stærsta líffærið og allt sem við berum á hana fer inn í líkamann og þaðan út í blóðrásina og hefur þannig áhrif á alla líkamsstarfssemina, fannst mér þetta afar mikilvægt.

Ég fagna því mjög að geta keypt Benecos húð- og snyrtivörurnar hér á landi því þær eru bæði lífrænar, umhverfis- og mannvænar, auk þess að vera á mjög góðu verði. Það er líka svo gaman að geta borið á sig krem með góðri samvisku og bent unglingsstúlkum, sem eru að byrja að mála sig, á þessar góðu og litríku vörur svo ég tali nú ekki um litlu fingurna sem vilja stundum naglalakk.

Uppáhaldsvörurnar mínar frá Benecos eru húðvörurnar, augnskuggarnir og naglalökkin,“ segir Ebba Guðný Guðmundsdóttir hjá www.pureebba.com.



BER Á SIG MEÐ GÓÐRI SAMVISKU „Ég fagna því mjög að geta keypt Benecos-húð- og snyrtivörurnar hér á landi því þær eru bæði lífrænar, umhverfis- og mannvænar,“ segir Ebba Guðný.



TILVALIN JÓLAGJÖF

Benecos-snyrtivörurnar eru lífrænt vottaðar, náttúrulegar og á mjög góðu verði.

GÓÐ GJÖF

„Ég ætla að gefa Benecos í jólagjöf.“

NOTAR EKKERT ANNAÐ

„Ég kys að nota alltaf eiturefnalausar húð- og snyrtivörur.“



Ný sending frá



TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777



Njóttum lífsins

Jólagjafirnar í ár...

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

Reverie

REVERIE 3E Essential með IQ care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 399.900.-

REVERIE 7S Supremem með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 499.900.-



20-50% afsláttur
Dömu- og herrasloppar
Mikið úrval
Frábær jólagjöf



20% afsl.

Vinsæli viðhaldskoddinn
Verð áður kr. 19.900.-
Verð nú aðeins kr. 15.920.-



20% afsl.

Frábær jólagjöf
IQ-CARE heilsukoddinn
Verð áður kr. 14.900.-
Verð nú aðeins kr. 11.920.-



Sængurverasett
20-50% afsláttur
Frábær jólagjöf

12 mán.
vaxtalaugar greiðslur*

Svefn & heilsa
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
www.svefn.is Ópið virka daga kl. 10:00 - 18:00

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Umboðsaðilar: Húsgagnafl - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

Betri melting!



SWANSON
HEALTH INTERNATIONAL

Probiotic 16 Strain

- 16 tegundir góðra gerla
- Sérvalin steinefni
- Má taka hvenær sem er dags

Swanson – ánægðustu viðskiptavinirnir í USA árið 2013.
Söluaðilar á Íslandi á www.swanson.is.



FALLEGT Fyrr á öldum var orkering efristéttarhandavinna. Í dag hanna Togga fallet skart með því að orkera.

VIKUTILBOÐ
25% AFSLÁTTUR
Af öllum vörum frá

zhenzi ZE-ZE

Stærðir 38-58 Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

ELSKAR AÐ ORKERA

SKART Þorgerður Kjartansdóttir orkerar fallet skart úr garni. Orkering er það kallað þegar blúndur eru hnýttar með skyttu eða sérstakri orkeringar-nál.

Orkering er handverk sem er talið eiga uppruna sinn í ítölskum nunnuklastrum fyrir rúmum fimm hundruð árum. Handverkið er notað í dúka, blúndur til skreytingar á íslenska þjóðbúningnum, blúndu á peysufatabrjósti, blúndu á skírnarkjóra, skart og fleira. Þorgerður Kjartansdóttir, sem er alltaf kölluð Togga, lærði að orkera með því að horfa á myndbönd á netinu. „Ég hef alltaf verið handavinnukona og heklað mikið. Fyrir þó nokkru síðan fór ég að hekla skartgripi en fannst heklið ekki nógu fínlegt í skartið. Þá fór ég að grúska á netinu og rakst á þessa handavinnuáðferð og lærði hana í fyrstu tilraun. Ég vissi ekki fyrr en seinna að þetta væri notað á íslenska þjóðbúninginn. Núna hanna ég eigin mynstur en mér finnst skemmtilegast að hanna skartið alveg frá grunni.“



HANDAVINNUKONA Togga uppgötvaði orkeringu á netinu og hanna nú sína eigin skartgripi með aðferðinni. AÐSENDAR MYNDIR

Nokkrar aðferðir eru til við að orkera en sú aðferð sem Togga notar náði ekki mikið til Íslands á fyrri öldum. „Flestir nota svokallaða skyttu við að orkera en ég nota nál. Á Viktoríutímanum í Englandi var orkering efristéttarhandavinna því skyttan var úr silfri og útskornum beinum og því mjög dýr. Á átjándu öld kom nálin til sögunnar þannig að almúginn fór að orkera líka. Fínu frúrnar urðu svo móðgaðar yfir að allir gátu orkerað að þær kölluðu aðferðina með nálinni „betlarablúndugerð“ en í raun sést enginn munur á þessu tvennu,“ segir Togga og brosir.

Hún gerir líka hálsmen og armbönd úr perlum í mörgum litum. „Ég er mjög rómantísk í mér og þess vegna hef ég valið rómantíska og fallega liti saman í perluskartið. Mér finnst líka gaman að blanda saman perlunum og orkeruðum blúndum og blómum,“ segir hún. Leynardómsfull á svip bætir hún því við að ýmislegt nýtt sé í bígerð. „Ég er alveg á kafi við að stúdera nýja handavinnu en ég er ekki tilbúin að segja frá henni fyrr en ég kem með línu í þess konar skarti sem verður vonandi fyrir jóli.“

Skartið hennar Togga má skoða nánar á Facebook-síðu hennar.



RÓMANTÍSKT Perluskartið er í rómantískum litum en Togga finnst gaman að blanda saman perlunum og orkeruðum blúndum og blómum.



BLÚNDUGERÐ Togga gerir blúndugerð eða orkeruð hálsmen, eyrnalokka og armbönd. Í skartið notar hún aðallega egyptska bómull sem heldur sér vel.

Flottir kjólar



Kr. 14.900.-
Str. S-XXL

nýtt kortatímabil

Ríta

Við erum á Facebook Bæjarlind 6 • S. 554 7030



*klassísk
matargerð*

TORFAN
restaurant

STÆRÐIR 42-56

JÓLAKJÓLARNIR ERU KOMNIR!

Pantaðu á www.curvy.is eða kíktu til okkar í Fákafen 9

Opið Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16



Curvy.is

Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

KEIRA KNIGHTLEY Í FLOTTASTA KJÓLNUM

HÁTÍÐ Þær voru margar stjörnurnar sem stigu á svið þegar kvikmyndaverðlaunin The Hollywood Film Awards voru veitt á föstudag. Hátíðinni var í fyrsta skipti sjónvarpað en hún hefur verið haldin frá árinu 1997.

Hollywood Film Awards hefur ekki vakið sérstaklega mikla athygli í gegnum árin en nú varð nokkur breyting þar á. Einkum þar sem sjónvarpsstöðvar sýndu verðlaunahátíðinni athygli að þessu sinni. Hátíðin fór fram í Palladium í Los Angeles og var glæsileg í alla staði. Rauði dregillinn dregur alltaf að hóp ljósmyndara, enda mæta þangað kvikmyndastjörnur í sínu fínasta pússi. Verðlaunin eru veitt fyrir framúrskarandi kvikmyndagerð á árinu.

Að þessu sinni hlutu mörg þekkt nöfn verðlaun og má þar nefna Michael Keaton, Morten Tyldum, Julianne Moore, Robert Duvall, Keira Knightley, Shailene Woodley, Eddie Redmayne, Jean-Marc Vallee, Jack O'Connell, Gillian Flynn, Janelle Monae og Mike Myers svo einhverjir séu nefndir.

Tískuráðgjafar segja að svo virðist sem hvítir eða ljósir kjólar séu mikið í tísku, en margar leikkonur klæddust ljósu þetta kvöld. Undantekning var þó Reese Witherspoon sem kom í tvílítum kjól, svörtum og appelsínugulum. Keira Knightley þótti í fallegasta kjólnum, hann kemur úr vortísku franska tískuhönnuðarins Giambattista Valli fyrir 2015. Kjóllinn er úr silki og þykir einstaklega fallegur.




FLOTTUST Keira Knightley þótti langglæsilegust á hátíðinni.



HVÍTT OG BLEIKT Óskarsverðlaunaleikkonan Hilary Swank mætti í fallegum ljósum og skreyttum kjól með bleikt veski.

GLÆSILEG Leikkonan Julianne Moore þótti glæsileg í ljósum, síðerma kjól.



Í SVÖRTU Leikkonan Felicity Jones skar sig úr í síðum svörtum kjól.



Í LJÓSU Leikkonan Shailene Woodley í síðum ljósum, einföldum kjól.



ÖÐRUVÍSI Reese Witherspoon skar sig rækilega úr hópnum í tvílítum hnésíðum kjól.



HIN UNGA Amanda Steele kom töluvert öðruvísi til fara en eldri leikkonurnar.

SOHO

Vinsælu dúnúlpanar eru komnar aftur



9 litir í boði
Verð aðeins 9.990 kr.

TILBOÐ VIKUNNAR

SOHO MARKET Grensáveggi 8 - Sími 553 7300
Opit mánudaga - fimfundaga 12-18
Íshúlega 12-19 og laugardaga 12-17

Vissir þú að...

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

börn eiga rétt
að leika sér



Góðar stærðir
og **FRÁBÆR** verð!

ZIK ZAK
TÍSKUHÚS



TÚNIKA
3.990kr
st. 42-56



PILS
3.990kr
st. S-XXXL



SÍÐUR BOLUR
4.990kr
st. S-XXXL



KJÓLL
8.990kr
st. S-XXXL



SÍÐUR BOLUR
5.990kr
st. S-XXXL



TÚNIKA
3.990kr
st. 42-56



BOLUR
2.990kr
st. S-XXXL



KJÓLL
12.990kr
st. 42-56



KJÓLL
2.990kr
st. S-XXL



LEGGINGS
2.990kr
st. 36-56



BOLUR
1.490kr
st. S-XXL



Fylgstu með Tískuhúsi Zik Zak á Facebook

1. hæð Kringlunnar

Hægt er að panta í síma: 551-1314

VIKUTILBOÐ
25% AFSLÁTTUR
 Af öllum vörum frá
zhenzi **ZE-ZE**
 Staerðir 38-54

My Style
 tiskuhús

mystyle
 Bæjarlind 1-3
 201 Kópavogur
 s: 571-5464

VORIÐ 2015 VERÐUR BLÓMLEGT

TÍSKA Fjölbreyttir straumar og stefnur ráða ríkjum í tískunni vorið 2015. Einn straumurinn liggur á blómum skrydd engi, í blómabeð og á skógarbotna ef marka má nýliðnar tískusýningar þar sem tískuhönnuðir kynntu það sem heitast verður í vor.



MAX MARA



DIANE VON FURSTENBERG



CELINE



VICTORIA BECKHAM



ERDEM



SIMONE ROCHA



THOM BROWNE

SVEFNSÓFAR

SEM BREYTAST Í RÚM Á AUGABRAGÐI

== **NÚ Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI** ==



TILBOÐ
 111.900

UNFURL DELUXE Svefnsofi • Svefnflötur 120x200 cm
 • Vönduð springdýna • kr. 128.900



RECAST Svefnsofi • Svefnflötur 140x200
 Vönduð springdýna • kr. 129.900

TILBOÐ
 112.900

TILBOÐ
 98.900



UNFURL Svefnsofi • Svefnflötur 120x200 cm
 Vönduð springdýna • kr. 109.900

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS
 OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 12 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Opið til
kl.22:00 í kvöld
í Smáralind

200%

AFSLÁTTUR AF ÖLLU

VORUM AÐ FÁ NÝJAR VÖRUR

evans.
TOPSHOP
WAREHOUSE
KAREN MILLEN
DOROTHY PERKINS

OptiBac
probiotics

Virkar lausnir frá OptiBac „Bifidobacteria & Fibre“

- Virkari melting
- Lausn við hægðatregðu



Fæst í apótekum og heilsubúðum



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



FÓLK|TÍSKA



HEIMILISLÍNA Guðný leggur fyrst og fremst áherslu á töskur, veski og heimilislínur.



TÖSKUR Vörur Guðnýjar eru fánlegar í safnbúð Þjóðminjasafnsins.

Slim gallabuxur

Stærð 36 - 46.

Verð 11.900 kr.
3 litir: grátt, blátt, svart

Rennilás neðst á skálm.

Opið virka daga kl. 11-18.
Opið laugardaga kl. 10-16.

Nýtt kortatímabil.

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516

LITAR MEÐ RYÐI

ÍSLENSK HÖNNUN Guðný Katrín Einarsdóttir lauk námi í textilhönnun frá Myndlistaskóla Reykjavíkur í vor. Hún hannar töskur og púða undir heitinu Basalt. Opið hús verður á vinnustofu Guðnýjar á laugardaginn.

Þetta var frumraun má segja en ég sýndi vörur eftir mig á sýningu Handverks og hönnunar í Ráðhúsinu. Ég lauk námi í textilhönnun frá Myndlistaskólanum í Reykjavík nú í vor," segir Guðný Katrín Einarsdóttir textilhönnuður, en hún sýndi handgerðar töskur, púða og lítil veski undir heitinu Basalt.

Vörurnar hlutu góðar viðtökur á sýningunni en Guðný litar, þrykkir og saumar sjálf.

Meðal íslensku höfundanna eru þau Finnabogi Hermannsson og Guðrún Guðlaugsdóttir, sem bæði eru nýliðar í glæpasagnaritun, þótt þau hafi skrifað fjölmargar bækur. Aðrir höfund-

Sumir vilja setja alla krimma undir einn hatt og kalla afþreyingu. Að efnið sé alltaf glæpur og síðan leitinn að glæpamanninum og/eða að kitla spennutaugar fólks, en það er auðvitað til fjöldinn allur af góðum krimmum sem eru afskaplega hægir og rólegir og ganga aðallega út á að skoða mannsálina, glæpirnir eru meira bara krydd í frásögnina.

Ævar Örn Jósepson, glæpasagnahöfundur og talsmaður Hins íslenska glæpafélags



ar sem lesa upp eru þau Steinar Bragi, Jón Óttar Ólafsson, Yrsa Sigurðardóttir og Ragnar Jónasson, sem öll lesa auðvitað úr nýutkomnum bókum sínum.

Það vekur athygli að sjá þá Finnaboga og Steinar þarna meðal glæpasagnahöfundanna, bók Finnaboga er sagnfræðileg skáldsaga um glæp og bók Steinars snýst meira um hefnd en glæpin sjálfan. Það liggur því beint við að spyrja Ævar Örn hver sé eiginlega skilgreiningin á glæpasögu. „Það er næstum því eins loðið og teygjanlegt hugtak og klám,“ segir hann og dæsir. „Og menn hafa rifist um þessa skilgreiningu lengi. Sumir vilja setja alla krimma undir einn hatt og kalla afþreyingu. Að efnið sé alltaf glæpur og síðan leitinn að glæpamanninum og/eða að kitla spennutaugar fólks, en það er auðvitað til fjöldinn allur af góðum krimmum sem eru afskap-

lega hægir og rólegir og ganga aðallega út á að skoða mannsálina, glæpirnir eru meira bara krydd í frásögnina. Hin klassíska glæpasaga snýst hins vegar vissulega um það að það er framinn glæpur og upphefst leit að þeim sem framdi hann. Oftast endar svo sagan á að viðkomandi finnst en það hefur þó dálítið verið vikið frá þeirri reglu undanfarið ár, menn eru orðnir raunsærri.“

Á milli upplestra verður leikinn „glæpsamlegur“ djass undir forystu Eðvarðs Lárussonar og Ævar segir stemninguna verða í anda búlla sem fólk kannist við úr amerískum glæpamyndum, sem sé glæpsamlega góð. Hann ítrekar að frítt sé inn og allir hjartanlega velkomnir og bendir í lokin glæpabyrstum á að kynna sér dagskrá Iceland Noir á slóðinni icelandnoir.com.

fridrikab@frettabladid.is

2. sæti

Eymundsson - Allar bækur
19.11.2014



„YRSA HEFUR
KOMIÐ SÉR FYRIR
Á EÐA VIÐ TIND
NORRÆNNA
GLÆPASAGNA.“
THE TIMES



ADRESSEAVISEN
UM ÉG MAN ÞIG

**TRYGGÐU
ÞÉR DNA
YRSU!**

VERÖLD

Stelpumenn- ing í Ljós- myndasafni



Kristín Tómasdóttir heldur fyrirlestur í Ljósmyndasafni Reykjavíkur á morgun klukkan 12. Í fyrirlestri sínum mun Kristín fjalla um sýn sína á ljósmyndasýninguna Stelpumening eftir Lauren Greenfield sem stendur yfir í safninu. Kristín mun tengja efni sýningarinnar við sína upplifun af stelpumeningu á Íslandi.

-fsb

Orðaævintýri lýkur með sköpunarsmiðju

Davíð Stefánsson skáld stýrir sköpunarsmiðju fyrir alla fjölskylduna í Norræna húsinu á laugardag.

Sýningunni Orðaævintýri í Norræna húsinu lýkur á laugardaginn með sköpunarsmiðju fyrir alla fjölskylduna. Davíð Stefánsson, einn sýningarstjóra Orðaævintýris, stýrir smiðjunni. Smiðjan hefst klukkan 14 og er öllum opin.

Hugmyndin er einföld: Fjölskyldur mæta til leiks, fá innblástur og innspýtingu af hálfu umsjónarmanns og svo freistar hver fjölskylda þess að skapa eigin sögu í sameiningu og með handleiðslu. Bíómynd? Skáldsaga? Smá-

saga? Örsaga? Ljóðsaga? Myndsaga? Það skiptir ekki máli hvert formið er – bara að mæta með opinn huga og sjá hvað gerist.

Aldurinn skiptir heldur ekki máli – bara frelsi og fúsleiki til að prófa að skapa með börnum sínum og foreldrum, að því er fram kemur í kynningu.

Orðaævintýrið var opnað þann 4. október síðastliðinn og hefur verið ein vinsælasta sýning Norræna hússins síðustu ár.


-fsb



STÝRIR SKÖPUN
Davíð Stefánsson skáld mun leiða sköpunarsmiðju í Norræna húsinu á laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

iPhone viðgerðir



iSíminn
Skiopholti 21



ÍSLENSKI SÖNGLISTAHÓPURINN „Hin í hópnum eru öll meira lærd en ég, maður verður að velja sér gott fólk til að vinna með,“ segir Eygló, sem er önnur frá vinstri á myndinni.

Faðirvor Jóns Ásgeirssonar sem loklag

Íslenski sönglistahópurinn flytur trúarlega tónlist án undirleiks í Laugarneskirkju í hádeginu á morgun og nefnir tónleikana Libera me.

„Dagskráin verður í stíl við yfirskriftina á tónleikaröðinni Á ljúfum nútum. Okkur finnst svo hentugt að bjóða upp á hugljúft hádegi með innilegri tónlist á föstudegi,“ segir Eygló Rúnarsdóttir, félagi í Íslenska sönglistahópnum um hádegistónleikana í Laugarneskirkju á morgun.

„Allt eru þetta trúarleg verk við biblíutexta, eða úr öðrum

ritum, afar falleg lög og öll sungin án undirleiks,“ útskýrir Eygló. Hún segir tónlistina spanna þrjár aldir, því elsta tónskáldið, Antonio Lotti, sé fætt 1667 og það yngsta sé tuttugustu aldar tónskáldið Jón Ásgeirsson. „Við ákváðum að taka Faðirvorið hans Jóns sem loklag á tónleikunum.“

Íslenski sönglistahópurinn hefur verið til frá haustinu 2010 er hann

var stofnaður í tengslum við Dag íslenskrar tungu. Hann er skipaður menntuðu söngfólki. „Hin í hópnum eru öll meira lærd en ég, maður verður að velja sér gott fólk til að vinna með,“ segir Eygló glæðlega.

Tónleikarnir hefjast klukkan 12 og taka um hálfu klukkustund. Aðgangseyrir er 1.500 krónur og ekki er posi á staðnum.

gun@frettabladid.is

Allt um gull í íslenskri náttúru

Dr. Hjalti Franzson jarðfræðingur segir sögu gulleitar og lýsir möguleikum á gullvinnslu á Íslandi í fyrirlestri í Hönnunarsafni Íslands í kvöld.

„Gulleit hefur verið við lýði á Íslandi allt frá aldamótunum 1900 þegar framfarahugur Íslendinga var sem mestur. Ég ætla aðeins að fjalla um frumkvöðlana,“ byrjar Hjalti Franzson jarðfræðingur þegar forvitnast er um fyrirlestur hans í Hönnunarsafni Íslands á Garðatorgi í kvöld klukkan 20. „Svo ætla ég að segja frá hvernig gull verður til og lýsa því hvernig leitar-svæðin voru valin.“

Hjalti starfar hjá Íslenskum orkurannsóknum og hefur leitað gulls frá 1989. „Aðferðafræðin verður sífellt hnitmiðaðri,“ segir hann og kveðst ætla að lýsa niðurstöðum leitarinnar. „Svo ætla ég að tæpa á hvernig vinnsluferlið er þegar búið er að taka ákvörðun um gullvinnslu.“ Sér hann fyrir sér að það gerist innan tíðar? „Við erum ekki búin að finna námu, en getum sýnt fram á að gull verður til í íslenska jarðhitakerfinu við sérstakar aðstæður og höfum fundið svæði sem við teljum áhugavert að halda áfram rannsóknunum á.“

Hjalti segir Þormóðsdal í Mosfellssveit stað númer eitt hjá gulleitarmönnum nútímans, rétt eins og á dögum Einars Ben. „En við erum með fleiri svæði sem hafa sýnt góð merki,“ tekur hann fram. Hann segir litlar upplýsingar til um tilraunavinnslu gulls á Íslandi til þessa og engar um hluti unna úr íslensku gulli.

gun@frettabladid.is



GULLEITARMÆÐURINN „Við erum ekki búin að finna námu en getum sýnt fram á að gull verður til í íslenska jarðhitakerfinu við sérstakar aðstæður,“ segir jarðfræðingurinn Hjalti.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Eitt mesta
bakpoka úrval
landsins!**

Komdu og mátaðu,
þú finnur muninn.

- Klifurbakpokar
- Leiðsögumannabakpokar
- Fjallgöngubakpokar
- Fjallaskíðabakpokar
- Hjólabakpokar
- Tölvubakpokar

**Stuttar og
áhugaverðar
kynningar í dag:**

17:00 - Freedive
17:30 - Ævintýranám Keilis
18:00 - Kayakklúbburinn

Léttar veitingar

20%
afsláttur af öllum vörum
aðeins í dag fimmtudag


Opið frá 10:00 til 20:00

GG-sport

Smiðjuvegur 8 (Græn gata), 200 Kópavogi
sími: 571 1020 • www.ggsport.is



„Finndu okkur
á Facebook“



Ástin er ekki sinueldur

BÆKUR ★★★★★

Ástarmeistarinn

Oddný Eir Ævarsdóttir

BJARTUR

Oddný Eir Ævarsdóttir hlaut einróma lof fyrir síðustu bók sína Jarðnæði sem á dögum hlaut Evrópsku bókmenntaverðlaunin. Það var fyllilega verðskuldað lof og það er því með talsverðri eftirvæntingu sem maður hefur lesturinn á nýju skáldsögunni hennar Ástarmeistarannum. Eins og nafnið bendir til er ástin hér í forgrunni en sagan er þó nánast eins langt frá hefðbundinni ástarsögu og hægt er að komast. Þetta er engin „strákur hittir stelpu og eftir smá misskilning og spillandi afskipti vonds fólks ná þau saman og lifa hamingjusöm upp frá því“. Svo óralangt frá því. Hér eru reyndar ýmis ljón í vegi elskendanna, en ljónin eru flest innra með þeim sjálfum og alfaríð á þeirra sjálfra ábyrgð að takast á við þau. Eftir hálfmisheppnaða tilraun til að ná saman í holdinu bregða elskendurnir verðandi á það ráð að skrifast á, tefla bréfskák, í leit sinni að ástinni. Hverju bréfi lýkur með einum leik í skákinni, sem reyndar segir þeim sem hvorki þekkir haus né sporð á skákansi lítið, en er skemmtilegt tvíst. Leikurinn berst víða og elskendurnir ganga fram af bæði sjálfum sér og öðrum í tilraunum sínum til að finna uppsprettu ástarinnar og þó enn frekar kynorkunnar. Kynorkulaus manneskja getur ekki kynnst ástinni samkvæmt þessari bók.

Bókin ber skýr höfundareinkenni Oddnýjar Eirar; hina fersku sýn á mannlegt eðli og náttúruna, bæði innan manns og utan, kristaltæran stíl þar sem nánast hvert orð er þrungið merkingu og ekkert japl og jaml og fuður, og heimspekilega nálgun á viðfangsefnið. Undirtóninn er þó háerótískur en meira að segja samfaralýsingar, sem alltof oft vilja verða yfirmáta tilgerðarlegar eða klénar vísanir í klámbókmenntir, tekst henni að gera hreinar og beinar, fullkomlega eðlilegan lið í lýsingum á daglegu lífi fólks og athöfnum. Maður tekur ofan fyrir slíku tilgerðarlausu hispursleysi.

Persónusköpunin er svo kapituli út af fyrir sig. Aðalpersónurnar Fjölur og Anna eru vel skapaðar og tiltölulega venjulegar manneskjur sem við þekkjum öll en aukapersónur fá gjarna ýktari drætti og eru sumar hverjar frekar goðsögulegar staðalmyndir en eftirmyndir raunverulegs fólks. Það er þó greinilega ekki fyrir neina slysi því þannig tekst höfundi að láta þær vísa út fyrir verkið í ýmis önnur verk, bæði forn og ný,




ODDNÝ EIR ÆVARSDÓTTIR „Maður tekur ofan fyrir slíku tilgerðarlausu hispursleysi,“ segir Friðrika Benónýsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

og bæta þannig enn einni vídd við söguna.

Undirtitill bókarinnar er Blindskák, sem á vel við og tengist bæði skákþemanu fyrrnefnda og þeirri staðreynd að ástin er alltaf ófyrirsjáanleg og engin leið að segja fyrir um næsta leik. Raunar mætti lesa þessa sögu sem kennslubók í ástarleit en hún er þó mun breiðari og umfangsmeiri en svo að slíkur stimpill eigi við. Hér er einfaldlega öll lífshamingjan undir. Fyrst og fremst er þó Ástarmeistarinn fantalega skemmtileg og frumleg saga sem fær lesandann til að hugsa málin upp á nýtt og sjá ástina og lífið frá óvæntu sjónarhorni. Það er sannarlega ekkert smá afrek.

Friðrika Benónýsdóttir

NIÐURSTAÐA: Frumleg og fersk ástarsaga sem opnar lesandanum nýjar víddir.



Bjarni og Sigurbjörg í Gunnarshúsi

Sigurbjörg Prastardóttir og Bjarni Bjarnason lesa úr nýjum bókum sínum.

Húsráð Gunnarshúss stendur fyrir vikulegum höfundakvöldum í Gunnarshúsi fram að jólum. Á hverju fimmtudagskvöldi mæta tveir höfundar og spjalla um bækur sínar, lesa aðeins úr þeim, og síðan gefst áhorfendum kostur á að spyrja. Meiningin er að lyfta jólabókavertíðinni aðeins upp úr fari hinna hefðbundnu upplestrar-kvöldu og gefa hverri bók og hverjum höfundi meiri tíma.

Í kvöld mæta þau Bjarni Bjarnason og Sigurbjörg Prastardóttir, lesa upp og svara spurningum Hildigunnar Þráinsdóttur um nýút-komnar bækur sínar, Hálfsnert stúlka og Kátt skinn (og gloría). Allir eru velkomnir á meðan stólar leyfa.



HÖFUNDKVLÖLD Sigurbjörg Prastardóttir og Bjarni Bjarnason verða höfundar kvöldsins í Gunnarshúsi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR/GVA

Undirbúningur jólaanna er hafinn!

**LÉTT
BYLGJAN**
967
- JÓLASTÖÐIN ÞÍN!



Létt Bylgjan er í Útvappinu
Útvappið má nálgast á Google Play eða App Store
undir leitarorðinu "Bylgjan"

Google play

App Store



**Blaðberinn
bíður þín**


Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Disney



Disney FROZEN



Ævintýri Önnu

Skemmtileg sögubók. Saga systranna sögð frá sjónarhóli hinnar hugrökku og krafmiklu Önnu.



Frozen matreiðslubókin

63 gírnilegar og hollar uppskriftir fyrir alla fjölskylduna.



Frozen hárbókin

Lærðu að greiða þér eins og Anna og Elsa! Konunglegar hárgreiðslur fyrir þá sem vilja lifa sig inn í töfraveröld systranna úr Arendell.




Fáanlegar í næstu verslun

 [eccdaistand](#)

edda

SKILD'A VERA JÓLABÓK?



Orðbragð

Vildarverð: 4.799.-

Verð: 5.999.-



Ferðalag um fiskfélagið

Vildarverð: 7.200.-

Verð: 8.000.-



Dóra landkönnuður - 1000 límmiðar

Vildarverð: 2.969.-

Verð: 3.299.-



Þrír snéru aftur

Vildarverð: 5.669.-

Verð: 6.299.-



Kjaftað um kynlíf

Vildarverð: 4.139.-

Verð: 4.599.-



Teningur Mortimers

Vildarverð: 3.869.-


Verð: 4.299.-



Hugrækt og hamingja

Vildarverð: 5.849.-

Verð: 6.499.-



Hallgrímur Pétursson

Vildarverð: 3.419.-

Verð: 3.799.-



Í krafti sannfæringar

Vildarverð: 6.299.-

Verð: 6.999.-



Tækifærin

Vildarverð: 5.399.-

Verð: 5.999.-



Ástarmeistarinn

Vildarverð: 5.849.-

Verð: 6.499.-




Dimmuþríleikurinn

Vildarverð: 7.199.-

Verð: 7.999.-



**NÝ VERSLUN
LAUGAVEGI 77**



Kamp Knox

Verð: 5.799.-



Táningabók

Vildarverð: 5.849.-


Verð: 6.499.-



Hinn litlausi Tsukuru og pílagrímsár hans

Vildarverð: 5.669.-

Verð: 6.299.-



DNA

Vildarverð: 5.299.-

Verð: 5.799.-



Galdraskjóða Gurriar

Vildarverð: 3.599.-

Verð: 3.999.-



Stundarfró

Vildarverð: 5.399.-

Verð: 5.999.-



Öræfi

Vildarverð: 5.849.-

Verð: 6.499.-



Skálmöld

Vildarverð: 5.669.-

Verð: 6.299.-



Þegar litirnir fengu nóg

Vildarverð: 3.149.-

Verð: 3.499.-



Jógahandbókin

Vildarverð: 4.949.-

Verð: 5.499.-



Frozen - Ævintýri Önnu

Vildarverð: 2.294.-

Verð: 2.699.-

**THEODÓRA SÝNIR
GREIÐSLUR Í DAG
KL 17:00 - 19:00
SMÁRALIND**



Frozen hárbókin

Vildarverð: 2.974.-

Verð: 3.499.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Flugstöð Leifs Eiríkssonar



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er frá 20. nóvember, til og með 23. nóvember. 5% vildarafsláttur gildir af öllum tilboðum nema þeim sem merkt eru „Vildarverð“. Vildarverð gilda aðeins fyrir meðlimi Vildarklúbbs Eymundsson. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

TJARNARBÍÓ

Lúfia

STÓRSKEMMTILEGT *drullumall*
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
SÝNT Í TJARNARBÍÓ

★★★★★
"Frumleg, skemmtileg og myndræn sýning fyrir fólk á öllum aldri."
-S.J. Fréttablaðið.

★★★★★
- DV

ALLAR STJÖRNURNAR Í HÚSINU!
"Það er allt fallett við þessa sýningu".
G.S.E. Djöflaeyjan.

SÍÐUSTU SÝNINGAR!!

Sun. 23. nóv kl.13.00
Sun. 7. des. kl. 13.00
Sun. 18. jan kl. 13.00
Sun. 18. jan. kl.15.00

Í UPPSETNINGU LEIKHÚSSINS 10 FINGUR SEM SLÓ Í GEGN MEÐ LEIKRITID
SKRIMSLIÐ LITLA SYSTIR MÍN
LEIKARAR SÓLVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR OG SVEINN ÓLAFUR GUNNARSSON
LISTRÆNIR STJÖRNENDUR CHARLOTTE BØVING OG HELGA ARNALDS

MIÐASALA Á MÍDI. IS OG Í TJARNARBÍÓ

FIMMTUDAGUR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

20. NÓVEMBER

Tónleikar

20.00 Trevor Gordon Hall og Tyler Ludwick spila á Húrra og síðan tekur DJ Ernir við. 1.000 krónur inn.

bókum sínum í sagnakvöldi Safnahúss í Borgarnesi. Fram koma Guðni Líndal Benediktsson, Dr. Guðmundur Eggertsson, Kristín Steinsdóttir, Púriður Guðmundsdóttir og Ævar Þór Benediktsson. Boðið verður upp á veitingar að kynningunum loknum.

Bókmenntir

09.00 Iceland Noir, önnur alþjóðlega glæpasagnahátíðin, verður

DJ Dorrit þeytir skífum en frá 18.00 til 19.00 mun Futuregrapher spila lífandi sveimtónlist og segja sögur.

20.00 DJ Einar Sonic spilar ljúfa tóna í kjallara Paloma í kvöld.

21.00 DJ Milla spilar á Frederiksen Ale House í kvöld.

21.00 Trúbadorarnir Alexander og Guðmann troða upp á English Pub í kvöld.

21.00 DJ JónBjörn og Housekell þeyta skífum á Dollý í kvöld.



21.00 Berglind María Tómasdóttir, flautuleikari og tónskáld, kynnir verk sitt The Darmstadt Piece í hljóði og myndum í Mengi í kvöld.

21.00 Hljómsveitin Triple Trouble treður upp á Hressingarskalanum í kvöld.

21.00 Camerartica heldur sína árlegu kertaljósátónleika í kirkjum nú rétt fyrir jólin. Í kvöld er það Mozart við kertaljós í Kópavogskirkju. Aðgangseyrir er 2.500 krónur og 1.500 krónur fyrir nemendur og eldri borgara og fritt inn fyrir börn.

21.00 Pink Street Boys halda söfnunartónleika á Dillon í kvöld. 500 krónur inn.

21.00 Gítarleikarinn Trevor Gordon Hall spilar á Café Rosenberg í kvöld.

22.00 Tónleikar SEINT og Mar á Dillon í kvöld. SEINT er eins manns hljómsveit hjá forsprakka Celestine og fyrrverandi meðlimi I Adapt en Mar er tilrauna-verkefni sem tileinkar sér ýmsar mismunandi tónlistar- og listastefnur.

22.00 Magnús R. Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da í kvöld. Aðgangur er ókeypis.

haldin í Norræna húsinu í kvöld. Meðal gesta eru Peter James, David Hewson, Johan Theorin, Vidar Sundstol og Antti Tuomainen. Hægt er að nálgast miða hjá Úlfhildi Dagsdóttur í Borgarbókasafninu.

17.00 Í tilefni af útgáfu bókarinnar Eldhúsið okkar, Íslenskur hátíðamat, verður útgáfuhóf á Sjávarbarnum við Grandagarð 9 í dag. Veitingar í föstu og fljótandi formi.

20.00 Sjötta Höfundakvöldið fer fram í Gunnarshúsi í kvöld. Þá mæta þau Bjarni Bjarnason og Sigurbjörg Prastardóttir, lesa upp og svara spurningum Hildigunnar Práinsdóttur um nýútkomnar bækur sínar. Allir velkomnir á meðan stólar leyfa, aðgangur 500 kr.

20.00 Glæpakvöld á Sólon í kvöld. Lesið verður upp úr nýjum, íslenskum glæpasögum og leikinn glæpsamlegur djass, auk þess sem þrjár erlendir höfundar, gestir á Iceland Noir-hátíðinni, munu lesa úr sínum verkum. Þessi myrkraverk fara fram á efri hæðinni á Sólon.

21.00 DJ B-Ruff og Logi Pedro spila vel valin lög á Húrra í kvöld.

22.00 DJ GLM spilar á Prikinu í kvöld.

Leiðsögn

20.00 Í kvöld mun Porvaldur Jónsson myndlistarmaður taka þátt í leiðsögn og ræða við gesti um verk sín á sýningunni Vara-litir í Hafnarborg.

Fyrirlestrar

12.00 Dr. Michael T. Corgan, prófessor við Boston-háskóla flytur opin fyrirlestur um kosningarnar í Bandaríkjunum í sal 101 í Odda, Háskóla Íslands.

12.00 Fyrirlestur Jórunnar Sigurðardóttur um bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fer fram í dag í Norræna húsinu. Allir velkomnir, aðgangur ókeypis.

16.30 Í dag í stofu 101 í Odda verða fluttir tveir fyrirlestrar í fyrirlestraröð Miðaldastofu Háskóla Íslands um Landnám Íslands. Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, sjálfstætt starfandi sagnfræðingur, fjallar um örnefni frá landnámsöld við Faxaflóa og Elisabeth Ida Ward ræðir um skynjun landnámsmanna á landslagi frá sjónarhóli fyrirbærafræðinnar.

17.00 Streitustúdíó er nýjung á Íslandi. Þetta er samstarfsverkefni Streituskólans og Hörpu með það að markmiði að gera nýjustu þekkingu á streitu og áhrifum hennar á líf okkar og heilsu aðgengilega. Í kvöld flytur Sigurður Hólmur Karlsson, fíkniráðgjafi fyrirlesturinn Glasið bak við brauðristina. Verð er 3.500 krónur en veittur er 20% afsláttur ef greitt er fyrir þrjú eða fleiri námskeið.

20.00 Dr. Hjalti Franzson, jarðfræðingur hjá Íslenskum orkurannsóknnum, mun flytja fyrirlestur um gull í náttúrunni í Hönnunarsafni Íslands í kvöld. Hann mun einnig rekja sögu gulleitar á Íslandi og hvað það er í íslenskri náttúru sem leiðir til að gullútfellingar myndast.

Markaðir

15.00 Risalagersala Yggdrasils. 50-70% afsláttur af heildsöluverði. Lífrænar matvörur, fæðubótarefni, snyrtivörur, hreinlætisvörur og margt fleira.

Umræður

17.00 Í tilefni af útgáfu bókarinnar Latína er list mæt eftir Sigurði Péturson, lektor emeritus, býður Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur til viðræðu um klassísk áhrif í íslenskum bókmenntum í Hannesarholti. Höfundur mun kynna efni bókarinnar og sitja fyrir svörum. Viðmælandi er Hjalti Snær Ægisson bókmenntafræðingur. Að viðræðunni lokinni verður útgáfu bókarinnar fagnað með léttum veitingum.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.



22.00 Mammút troða upp á Húrra og síðan tekur DJ Simon FKNHNSM við. 1.500 krónur inn.

Uppákomur

17.00 Rafrænn aðgangur að Seltirningabók Heimis Þorleifssonar verður opnaður formlega í Bókasafni Seltjarnarness í dag en bókin, sem hefur verið ófáanleg um langt skeið, verður öllum aðgengileg án kostnaðar. Við sama tækifæri verður opnuð sýningin Frónari í Eiðiskeri þar sem Sigurveinn H. Jóhannesson leiktjaldamálari sýnir meðal annars verk frá Seltjarnarnesi. Boðið verður upp á veitingar.

20.00 Fimm höfundar segja frá

Pub Quiz

20.00 Annað kvikmyndakviss vetrarins í Bíó Paradís verður haldið í kvöld. Höfundar spurninga og spyrjar eru Davíð Roach Gunnarsson og Helgi Valur Ásgeirsson. Það mega mest vera þrjár í liði og efstu þrjú liðin fá bjór og bíómíða í verðlaun. Þá verða veitt verðlaun fyrir besta liðsnafnið og fyrir rétt svar við svokallaðri bjórspurningu. Eftir Pub Quiz mun Smutty Smiff þeyta skífum.

Tónlist

17.00 Útgáfukaffi í Lucky Records í tilefni af útgáfu plötunnar Skynveru með Futuregrapher. Hægt verður að kaupa geisladiskinn og forkaupa vínyl.

www.vinna.is



„... nálgast
fullkomnun.“

ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR
FRÉTTATÍMINN



2.
PRENTUN
VÆNTANLEG

BÓKMENNTAVERÐLAUN
EVROÞUSAMBANDSINS
2011



„... raunsæisleg
og töfrum slungin
... skemmtileg bók.“

ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR
FRÉTTATÍMINN

„Algjörlega heillandi ...
Ofboðslegur brilljans
... Ein áhugaverðasta
og athyglisverðasta
skáldsaga ársins.“

KOLBRÚN BERGPÓRSDÓTTIR
KILJAN

„Bráðskemmtileg
bók.“

EGILL HELGASON
KILJAN



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu

AFMÆLISBARN DAGSINS



33 ára Andrea Riseborough leikkona

Pekktust fyrir: Oblivion

BÍÓFRÉTTIR

Semur fyrir Burton

Bandaríska tónlistarkonan Lana Del Rey mun semja tvö lög fyrir nýjustu mynd Tims Burton, Big Eyes. Myndin fjallar um ævi listamannsins Margaret Kane, sem málaði myndir af börnum með stór augu. Meirihluti verka hennar var aftur á móti eignaður þáverandi eiginmanni hennar, Walter. „Lög Lönu endurspegla svo vel hvernig Margaret leið,“ sagði framleiðandinn og annar handritshöfundar myndarinnar, Larry Karaszewski. Amy Adams og Christoph Waltz eru í aðalhlutverkum.



Kúreki, ninja, víkingur

Chris Pratt úr Guardians of the Galaxy hefur tekið að sér hlutverk í annarri mynd byggðri á teiknimyndasögum, eða Cowboy Ninja Viking. Myndin, sem er byggð á samnefndum sögum AJ Lieberman og Riley Rossmo, hefur verið í undirbúningi í nokkur ár. Cowboy Ninja Viking fjallar um Duncan sem er með þríklofinn persónuleika og notfærðu stjórnvöld sér hann til að búa til þrjár bardagakempur í einni manneskju.



FRUMSÝNINGAR



The Hunger Games: Mockingjay – Part 1
Ævintýramynd

Aðalhlutverk: Jennifer Lawrence, Josh Hutcherson og Liam Hemsworth.

IMDb 7,5/10



The Railway Man
Drama

Aðalhlutverk: Colin Firth, Nicole Kidman og Stellan Skarsgård.

IMDb 7,1/10



Gleðisveitin FM Belfast hefur sent frá sér sína þriðju breiðskífu!

Fáanleg á geisladisk og vínýl í öllum betri plötubúðum og einnig á tónlistarveitum

„Hressileg blanda af Daft Punk og Diplo.“
-Clash Magazine

„Fjórar stjórnur“
-All Music Guide

Record Records



SÖFNUÐU GULLMOLUM Kári segir Þórð hafa verið mikinn máttarstólpa.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eins og Björk síns tíma

Jöklarinn, heimildarmynd um ævi Þórðar frá Dagverðará, verður frumsýnd á morgun.

„Það sem hann stendur fyrir í kjarnann er að hann var náttúruverndarsinni, sagnamaður og boðberi þess góða úr fortíðinni. Hann hefur þessa eiginleika sem við teljum skipta mestu máli eins og góðsemi, hjálpssemi og aðstoð við náungann,“ segir Kári G. Schram, leikstjóri heimildarmyndarinnar Jöklarans. Hún fjallar um ævi alþýðuhetjunnar Þórðar Halldórssonar frá Dagverðará, sem frumsýnd verður í Bíó Paradís á morgun.

Þórður var stjarna út af fyrir sig, segir Kári, en hann var allt í senn sagnarpar, refaskytta, listmálari, rithöfundur og skáld, mannvinnur, náttúruverndarsinni og sagnaþulur. „Hann var eiginlega eins og Björk síns tíma,“ segir Kári en Þórður hafði mikil áhrif á ýmsa samtímamenn sína svo sem Gunnar Dal heimspeking, Dieter Roth myndlistarmann og Halldór Kiljan Laxness, en margar sögur

„Hann var sagnfræðingur „par excellence“ síns tíma.“

sem Þórður sagði honum eitt sinn rötudu í Kristnihald undir jökli.

„Áhersla verður lögð á að kynna manninn á bak við goðsögnina og þau snæfellsku áhrif sem mótuðu örlög hans og ævi en honum hefur oft verið líkt við barón Münchhausen í því sambandi,“ segir Kári, enda var Þórður stundum kallaður mesti lygari allra tíma. „Hann myndi segja: „Það er alveg satt,“ en það er út af því að hann setti sína eigin snúninga á sögur sínar. Hann var sagnfræðingur „par excellence“ síns tíma.“

Að sögn Kára eru ýmsar upptökur í myndinni sem aldrei hafa heyrst eða sést áður. „Við náðum að safna gullmolum og gersemum sem glæða þessa mynd miklu lífi



en nærvera hans skiptir öllu máli. Markmiðið var alltaf að leyfa Þórði sjálfum að segja sögu sína.“
torduringi@frettabladid.is

Madonna ræður handritshöfund

Næsta leikstjórnarverkefni Madonnu, Adé: A Love Story, er í undirbúningi.

Söngkonan Madonna hefur ráðið handritshöfund fyrir nýjasta leikstjórnarverkefnið sitt.

Dianne Houston, sem er einnig að vinna við væntanlega mynd um ævi Missy Elliott, hefur samþykkt að skrifa handritið fyrir Adé: A Love Story, að því er tímaritið The Hollywood Reporter greinir frá.

Myndin er byggð á vinsælli skáldsögu Rebeccu Walker sem fjallar um ástarsamband bandaríks nema sem er á ferðalagi um Afríku og manns sem hún hittir á eyju undan ströndum Kenía. Á meðal vandamála sem blossa upp

er þegar konan sýkist af malaríu og borgarastyrjöld ríkir í kringum þau.

Þegar skáldsagan kom út á síðasta ári lagði Madonna blessun sína yfir hana á bókarkápunni með ummælunum: „Lesið þessa bók! Ótrúleg ferðalag! Falleg ástarsaga!“

Madonna hefur áður leikstýrt einni mynd í fullri lengd, We, sem fjallaði um samband Edwards VIII. konungs og Wallis Simpson. Hún hlaut slæmar viðtökur gagnrýnenda og dræma aðsókn árið 2011.



MADONNA Söngkonan leikstýrir næst myndinni Adé: A Love Story.

Það er metnaður okkar hjá Frumherja að veita góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum.

Klikkaðu ekki á skoðun!

Örugg bifreið veitir betri akstur í vetur.



ÖRUGG BIFREIÐASKOÐUN
UM ALLT LAND

HAGSTÆTT VERÐ HJÁ FRUMHERJA

Verð á aðalskoðun bíls undir 3.500 kg*

FYRIRTÆKI

Frumherji 9.700 kr.

Frumherji með afslætti..... 8.320 kr.*

Aðalskoðun..... 10.420 kr.

Tékkland 8.995 kr.

* Verðskrár fyrirtækjanna með opinberum gjöldum þ. 5.8.2014



Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



LÍFIÐ

TREND Fimmtíu tónar af gráu

Á tiskusýningunum fyrir veturinn var grái liturinn mjög vinsæll frá toppi til táar. Nú þegar allt er grátt úti er um að gera að reyna að sjá jákvæðu hliðina og nota veðrið sem innblástur.



STELLA MCCARTNEY



JASON WU



MICHAEL KORS



JASON WU

KÖL

KITCHEN • BAR

JÓLA-STEMNINGIN ER Á KÖL

...og matsæðillinn er kominn í léttan jólabúning

SJÖ RÉTTA JÓLAMATSEÐILL

Verð 8.490 kr. á mann

KOL RESTAURANT • SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 40 • SÍMI 517 7474 • KOLRESTAURANT.IS

Bono í bölvuðu basli

Undanfarnar vikur hafa verið erfiðar fyrir Bono, söngvara U2. Fyrst fékk hann og hljómsveit hans á sig gagnrýni fyrir að þröngva nýjustu plötu sinni upp á notendur iTunes, svo opnaðist lúga í einkapotu hans yfir Berlín og loks datt hann illa á hjóli í New York. Fjögur ár eru liðin síðan söngvarinn gekkst undir bakaðgerð.

„Við búumst við að hann nái sér að fullu,“ sagði skurðlæknirinn Dean Lorich eftir að Bono gekkst undir fimm klukkustunda aðgerð í kjölfar hjólréiðaslyss í Central Park í New York.

Farið var með Bono umsvifalaust í aðgerð þar sem olnbogi hans og auga var lagfært. Að sögn læknisins fór söngvarinn í alls kyns rannsóknir eftir aðgerðina og þarf hann að gangast undir stífa endurhæfingu.

Áður en söngvarinn flaug til New York tók hann upp nýja útgáfu af Do They Know It's Christmas? með Band Aid 30. Allur ágóðinn rennur til baráttunnar gegn ebólueirunni í V-Afríku.

Lúga losnaði í miðju flugi

„Hann var ótrúlega heppinn. Flugvélin hefði getað hrapað,“ sagði heimildarmaður sem tengist Bono í viðtali við Irish Daily Mail eftir að lúga losnaði af einkapotu hans skömmu fyrir lendingu í Berlín.

Ralf Kunkel, talsmaður flugvallarins í Schönefeld, sagði aftur á móti að söngvarinn hefði ekki verið í mikilli hættu.

Rannsókn stendur yfir á því hvers vegna lúgan losnaði af þotunni. Bono var að fljúga frá Dublin en í Berlín var hann viðstaddur hátíð þar sem alþjóðlegu tónlistarverðlaunin Bambi voru afhent.

Fóru fram úr sér á iTunes

„Ég fékk þessa fallegu hugmynd en við fórum fram úr

okkur. Listamenn eiga það til að gera það,“ sagði Bono, þegar hann var beðinn á Facebook um að að fjarlægja nýjustu plötu U2, Songs of Innocence, af iTunes. Hún hafði verið sett inn á spilunarlista notenda án þess að þeir bæðu um það og þótti mörgum það dónalegt. „Þetta var brot af mikilmennskubrjálæði, smá gjafmildi, örlítið af kynningu á okkur sjálfum og djúpstæður ótti við að lögin okkar sem við lögðum allt okkar í síðustu ár myndu ekki heyrast. Það er mikið af hávaða þarna úti. Við urðum dálítið hávaðasamir sjálfir til að ná eyrum fólks,“ bætti söngvarinn við.

Gekkst undir bakaðgerð

„Mér líður vel og ég er vongóður um framhaldið. Ég á eftir að verða í toppformi,“ sagði Bono eftir að hann gekkst undir skurðaðgerð vegna bakmeiðsla árið 2010. Hljómsveitin varð að aflýsa sextán tónleikum í Bandaríkjunum og spilamennsku á tónlistarhátíðinni Glastonbury. Söngvarinn sagði meiðslin hafa verið „frekar alvarleg“ og „ekki skemmtileg“ en „að horfa upp í loftið getur haft sína kosti“. Hann bætti við að hann hefði notað tímann til að semja nokkur „frábær“ ný lög.



Bono

Fæddur: Dublin 10. maí 1960
Rétt nafn: Paul David Hewson
Eiginkona: Alison Hewson
Börn: Tvær dætur, tveir synir

13.11.2014 → 19.11.2014



LAGALISTINN

1 ▲ Kaleo	All The Pretty Girls
2 ► Meghan Trainor	All About That Bass
3 ▲ Hozier	Take Me To Church
4 ► George Ezra	Blame It On Me
5 ▼ Sam Smith	I'm Not The Only One
6 ▼ Tove Lo	Habits (Stay High)
7 ► Ásgeir Trausti	Stormurinn
8 ▲ Taylor Swift	Shake It Off
9 ► Ed Sheeran	Thinking Out Loud
10 ▲ Lilly Wood and The Prick	Prayer in C



TÓNLISTINN

	Með vættum
1 ► Skálmöld	Pottþétt jól (2014)
2 ► Ýmsir	SG jólalögin
3 ▲ Ýmsir	Fyrir börnin
4 ▲ Ýmsir	80 ára
5 ▲ Raggi Bjarna	Í ást sólar
6 ▼ Halveig Rúnarsdóttir	25 ár
7 ► Páll Rósinkranz	Kaleo
8 ▲ Kaleo	Skýjaborgin
9 ▲ Hjálmar	Innra
10 ▲ Rökkurró	

Skýringar ► Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ★ Nýtt á lista Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. **Þáttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2 og K100.5. Auk þess er tekið mið af sölu og spilun á Tónlist.is og spilun á Spotify. **Verðslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, Samkaup, Kaupfélag Skagfirðinga, Lucky Records, Vefverslun Record Records, N1 og tonlist.is

5 vikur til jóla

Jólatilboð 20. – 26. nóvember

Fyrir mýkri, heilbrigðari og fallegri húð.
20% afsláttur af völdum gjafaöskjum
í verslunum og vefverslun okkar.



www.bluelagoon.is

Fegurðin kemur að innan

Skyggnast inn í vinnuferli tónlistarmanna í nýjum þætti

Guðni „Impulze“ stýrir Hljóðheimum, nýjum tónlistarþætti sem hefur brátt göngu sína á Vísi.

„Það er verið að fjalla meira um sögurnar á bak við þessar hljómsveitir, ef til vill aðeins minni nördismi í gangi þótt það verði náttúrulega fjallað um einhverjar græjur,“ segir raftónlistarmaðurinn Guðni „Impulze“ Einarsson, sem stýrir hinum vikulega tónlistarþætti Hljóðheimum, sem hefur göngu sína á Vísi næsta miðvikudag.

Guðni framleiðir þáttinn með myndatökumanninum Síndra Gréttarssyni. „Þetta er samt sem áður beint framhald af síðustu seríum,“ segir Guðni. Síðast stýrði hann þættinum Á

bak við borðin ásamt plötusnúðnum Adda Introbeats þar sem þeir heimsóttu stúdíó og grennsuðust fyrir um vinnuferli mismunandi tónlistarmanna.

„Þetta er svolítið frábrugðið hinni seríunni þar sem var bara verið að fjalla um raftónlistina en þetta er meira blanda. Við erum með popp, rokk, raftónlist og svo heimsækjum við líka hljóðver og fleira,“ segir Guðni. „Það má segja að þessir þættir séu gerðir fyrir breiðari hóp heldur en fyrri serían.“

- þij

„Við erum með popp, rokk, raftónlist og svo heimsækjum við líka hljóðver og fleira.“



MINNI NÖRDISMI Þættirnir eru fyrir breiðari hóp heldur en fyrri þáttaröðin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HÚRRA REYKJAVÍK

HVERFISGATA 50 | 101 REYKJAVÍK | 571 7101 | WWW.HURRAREYKJAVIK.IS



EKKI Í RUGLI Zayn Malik var ósáttur við sögurnar sem gengu um hann.

Neitar sögum um fíkniefni

Sögusagnir um að Zayn Malik, einn meðlima One Direction, ætti við fíkniefnavanda að stríða fóru um eins og eldur í sinu um Twitter á mánudag, þegar félagar hans í hljómsveitinni héldu til Orlando á sunnudagskvöld til að kynna nýjstu plötu þeirra, Four, án hans.

Í þætti Today Show á mánudagsmorgun voru þeir spurðir út í fjarveru félaga síns og hvort ástæðan væri fíkniefnavandi. Þvertóku strákarnir fyrir það og sögðu Malik vera heima með slæma magakveisu. Síðar um daginn svaraði Malik fyrir sig á Twitter og tísti meðal annars: „Ég er mjög sár og reiður. Ég var mjög veikur og þess vegna gat ég ekki flogið til Orlando.“

- asi



FÉKK NEITUN Stúlkan neitaði Kim um ættleiðingu.

Kim mátti ekki ættleiða hana

Raunveruleikabáttastjarnan Kim Kardashian West fór og heimsótti munaðarleysingjahæli í Taílandi í apríl. Munaðarleysingjahælið er í Phang Nga-héraðinu, en mikill mannskaði varð þar í flóðbylgjunni á annan í jólum 2004.

Þar heillaðist hún af þrettán ára stúlku, Pink, og vildi ólm fá að ættleiða hana. Ungu stúlkann var hins vegar ekki á sama máli og afþakkaði ættleiðinguna og sagði að Taíland þarfnaðist hennar. „Ég veit að það þrá allir betra líf, en ég get ekki farið frá öllu hér, ég er ekki tilbúin,“ sagði Pink.

Eitthvað einstakt við systur

Leitar að stúlkum á aldrinum 8-11 ára til að leika aðalhlutverk í nýrri stuttmynd.

„Það er eitthvað einstakt við systur, maður elskar þær út yfir endimörk alheimsins en svo geta samskiptin líka farið í klessu. Síðan aftur á móti fyrirgefst allt og mig langaði að skoða það,“ segir Anna Gunnís Guðmundsdóttir, sem undirbýr nú stuttmyndina I Can't Be Seen Like This sem hluta af meistaranámi sínu í kvikmyndagerð við NYU, New York-háskóla.

„Kveikjan að þessu var slys sem ég lenti í þegar ég var átta ára – hárið á mér festist í hrærivélinni og rifnaði af,“ segir Anna en myndin fjallar um tvær ungar systur sem ákveða að baka köku í til efni afmælis pabba síns. Allt fer síðan úr böndunum þegar yngri systirin festir hárið í hrærivél-

“ Kveikjan að þessu var slys sem ég lenti í þegar ég var átta ára – hárið á mér festist í hrærivélinni og rifnaði af.

inni en atburðurinn afhjúpar bresti í sambandi stelpnanna. Ólafur Darri leikur föðurinn í myndinni en Anna leitar nú að efnilegum leikkonum á aldrinum 8-12 ára til að leika aðalhlutverkin.

Anna mun flytja heilt tókulið til Íslands í sumar en hún heldur einmitt úti söfnun á Karolina Fund fyrir flugmiðum og segir hana ganga vonum framár.



- þj KVEIKJAN VAR SLYS Anna mun flytja heilt tókulið til landsins. MYND/MALIN SYDNE



VÍGAMENN IS-liðar miða byssum á íraska hermenn sem þeir hafa tekið höndum. GETTY/NORDICPHOTOS

IS heldur úti hlaðvarpi

Íslamska ríkið heldur úti hlaðvarpinu The ISIS Show þar sem vígamenn IS eru spurðir spjörnum úr um líf þeirra á vígvellinum. Í fyrsta þættinum er viðtal við breska öfgamanninn Kabir Ahmed, sem talinn er hafa látist í sjálfsmorðsárás fyrir tveimur vikum. „Þetta er reyndar ansi skemmtilegt, betra en ... hvað heitir leikurinn aftur, Call of Duty?“ sagði Ahmed í þættinum.

Fyrstu tveir þættirnir eru fáanlegir á Soundcloud en svo virðist sem þeir hafi verið fjarlægðir af ýmsum síðum sem þeir voru settir inn á. Í þáttunum kemur ýmislegt miður geðslegt fram, eins og hvernig vígamenn IS skipuleggja „drive-by“ skotárásir og fleira.



CUMBERBATCH Heillaði John Stewart upp úr skónum.

Eftirsóttur Cumberbatch

Spjallþáttarstjórnandinn John Stewart hélt ekki vatni yfir breska leikaranum Benedict Cumberbatch þegar sá síðarnefndi var gestur hans á dögnum.

Stewart, sem stjórnar þættinum The Daily Show, virtist alveg heillaður af Cumberbatch og bað hann meðal annars að giftast sér.

Einnig hafði Stewart orð á því að ef Cumberbatch færi í myndatöku í líkingu við þá sem Kim Kardashian fór í á dögnum myndu himinn og jörð farast.

Líklegt þykir að Stewart hafi verið að henda gaman að viðbrögðum aðdáenda Cumberbatch er tilkynnt var um trúlofun hans og Sophie Hunter.



Gleðilegan rjóma

Góðar hugmyndir á gottimatinn.is



LÖGFRÆÐIADSTOD
ORATORS

- félag laganema við Háskóla Ísland



Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð
fimmtudaga milli 19:30 – 22:00
í síma 551-1012.



SAMRUNI TVEGGJA HEIMA Vök, Ingvar og Blaz Roca ásamt tveimur mennskum penslum. MYND/BADDI

Tónlist og menskir penslar í gjörningi

Ingvar Björn Þorsteinsson flytur í næstu viku gjörning upp úr „stærsta samfélagsmiðalistaverki heims“.

„Ég er eiginlega að bjóða heim í vinnustofuna til að geta leyft fólki að upplifa þessa stemningu og kveikja á öllum skynfærum, þetta er gjörningur sem fólk á að upplifa á margbreytilegan hátt,“ segir myndlistarmaðurinn Ingvar Björn Þorsteinsson sem mun framkvæma gjörninginn United Transformation á sviði Gamla bíós 27. nóvember.

Ingvar, sem er stundum kenndur við popplist, mun notast við fjóra mennska pensla sem hann tengir við tákn úr verkinu The Largest Artwork, sem kallað er stærsta samfélagsmiðalistaverki í heimi. „Hugmyndin var að sameina heiminn í að gera eitthvað skemmtilegt en í kringum 78.000 manns frá 138 löndum tóku þátt. Þegar þú forst inn á verkið las tölvan á hvaða stað

„Í United Transformation mun ég sameina þessa tvo heima og fá fjórar stelpur til að mála líkama sína.“

þú værir og hversu marga vini þú ættir á Facebook og þá myndaðist ákveðið tákn.

Í United Transformation mun ég sameina þessa tvo heima og fá fjórar stelpur til að mála líkama sína. Þá stýri ég þeim á milli tákna sem ég mála,“ segir Ingvar en gjörningurinn verður tvinnadur við tónlistarflutning hljómsveitarinnar Vakar og rapparans Blaz Roca. „Ég valdi sitthvora tónlistarstefnuna til að skapa ákveðna stemningu,“ segir Ingvar sem lofar góðri skemmtun. -þij

Dans í gegnum plötu

Halla Ólafsdóttir sýnir verkið DEAD Beauty and the Beast á Reykjavík Dancefestival í næstu viku.

„Við erum báðar haldnar þráhyggju um hugmyndina um rokkstjörnur,“ segir Halla Ólafsdóttir dansari, sem ásamt Amöndu Apetrea sýnir verkið DEAD Beauty and the Beast á Reykjavík Dance Festival.

„Verkið DEAD Beauty and the Beast er sjálfstætt framhald af verkinu okkar Beauty and the Beast, sem hefur farið sigurför um heiminn. Verkið er enn í vinnslu og við munum deila hluta af verkinu með áhorfendum,“ segir Halla. Fyrri verkið var rokktonleikar, dulbúinir sem danssýning, og því fannst þeim liggja vel við að næsta verk yrði plata og í gegnum gerð plötunnar semja þær dansverk. Textana sem þær skrifa segir Halla vera blöndu af ljóði (poem) og klámi (porn) sem þær kalla „poernm“. „Við erum mikið að vinna með kynlíf, kynhegðun, muninn á fantasíu og veruleika og alls kyns klisjur. Það vonandi leiðir til þess að við fáum aðrar hugmyndir en þessar fyrirframákveðnu. Við erum að leika okkur með klisjur og þá



ÚR DEAD BEAUTY AND THE BEAST Halla, í pelsinum, ásamt Amöndu Apetrea.

hluti sem okkur finnst skemmtilegir,“ segir Halla. Síðustu tvö ár hefur Halla unnið með hljómsveitinni The Knife, sem kom fram á sínum síðustu tónleikum á Iceland Airwaves. „Það var ótrúlegur lúxus að vera með þeim svona lengi, þar sem verkefnið í dansinum eru yfirleitt tímabundin. Þarna gafst okkur tækifæri til þess að búa til verk í lotum og það að geta farið frá hugmyndinni og komið að henni aftur gefur henni eigið líf,“ segir Halla. -asi

SPARIKLÆDDIR SPJÁTRUNGAR



STÓRGLÆSILEGIR Herramennirnir stilltu sér upp í lok sýningar.



GOLFARI Þessi piltur var klæddur í glæsilegan golffatnað.

Árleg herrafatasýning verslunarinnar Kormáks og Skjaldar var haldin með pomp og prakt í Þjóðleikhúskjallaranum á þriðjudagskvöld. Á sýningunni var meðal annars kynnt ný herrafatalína Kormáks og Skjaldar í samstarfi við Gunnar Hilmarsson og starfsmenn verslunarinnar. Boðið var upp á skemmtiatriði og uppistand, en sýningin markar upphaf jólaundirbúnings hjá mörgum og er talin einn af hápunktum skemmtanalífs Reykjavíkur.



VÍGALLEGUR Leikarinn Vignir Rafn Valþórs-son leikari sýndi sínar bestu hlíðar.



SKEMMTU SÉR VEL Þeir Jakob H. Magnússon, Bjarni Snæðingur og Hreinn Breiðfjörð voru hæstánægðir með sýninguna.



EIGANDINN SJÁLFUR Kormákur Geirharðsson lét sitt ekki eftir liggja.



SÆT SAMAN Þarið Jóhann Wium og Ásdís Rán.



TÖFFARAR Eigendur GK Reykjavík og SUIT, þau Guðmundur Hallgrímsson og Ása Ninna Pétursdóttir.



KRÓKÓDÍLAMÆÐURINN Aron Bergmann Magnússon stillti sér upp með þessum forlata krókódíli.



Frábærar umhverfisvænar vörur



netto
Kræsingar & kostakjör

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss · Grandi |

Segir Bill Cosby hafa nauðgað sér árið 1982

Fyrirverandi ofurfyrirsætan Janice Dickinson steig fram og sagði sögu sína, sem hefur vakið mikið umtal.

Ofurfyrirsætan Janice Dickinson segir í viðtali við Entertainment Tonight að grínarinn Bill Cosby hafi nauðgað sér árið 1982. Janice, sem nú er 59 ára, segist fyrst hafa hitt spéfuglinn, nú 77 ára, þegar umboðsmaður hennar kom á fundi með þeim til að ræða um mögulegt hlutverk hennar í skemmtiþættinum The Cosby Show.

Þau hittust aftur eftir að Janice hafði farið í meðferð, en þá bauð grínarinn henni umrætt hlutverk. Cosby bauð henni til Lake

Tahoe til að horfa á uppstand með honum. Janice segir að hann hafi gefið henni vínglas og verkjalyf því hún þjáðist af tíðaverkjum.

„Ég vaknaði daginn eftir og var ekki í náttfötunum og ég man eftir að hafa hugsað, áður en ég leið út af, að ég hefði verið kynferðislega misnotuð af þessum manni. Það síðasta sem ég man var Bill Cosby í náttlopp. Síðan fór hann úr náttloppnum og lagðist ofan á mig. Og ég man eftir miklum sársauka. Næsta morgun vaknaði ég í

engum náttfötum og með sæði á milli fótanna.“

Janice segist hafa reynt að skrifa um atvikið í sjálfsvævisögu sinni No Lifeguard on Duty: The Accidental Life of the World's First Supermodel, sem kom út árið 2002, en lögfræðingar Cosbys þvinguðu hana til að gera það ekki.

„Ég er að gera þetta núna því að það er hið rétta í stöðunni og af því að þetta kom fyrir mig og þetta er sönn saga. Ég trúir öllum

„Það síðasta sem ég man var Bill Cosby í náttlopp. Síðan fór hann úr náttloppnum og lagðist ofan á mig.“

Janice Dickinson.

hinum konunum,“ segir Janice. Greint var frá því fyrir stuttu að þrettán konur hefðu sakað Cosby um nauðgun en lögmaður grínistans hafnar þeim ásökunum.



REYNDI AÐ SEGJA FRÁ Janice ætlaði að skrifa um nauðgunina í ævisögu sinni.



CHRIS HEMSWORTH Þykir afar þokkafullur. NORDICPHOTOS/GETTY

Hemsworth valinn kynþokkafyllstur

Ástralski leikarinn Chris Hemsworth er kynþokkafyllsti maður heims að mati tímaritsins People. Chris, sem er 31 árs, segir í samtali við People að honum hafi þótt fyndið þegar hann fékk að vita að hann væri kynþokkafyllstur. Eigin konu hans, fyrirsætunni Elsu Pataky, sem er 38 ára, fannst það einnig spaugilegt.

„Ég held að nú megi ég monta mig í nokkrar vikur heima. Ég get bara sagt við hana: Mundu að þetta er það sem fólki finnst þannig að ég þarf ekki að vaska upp lengur. Ég þarf ekki að skipta um bleyjur. Það er fyrir neðan mína virðingu. Nú er ég búinn að meika það,“ segir Chris.



GALLAGHER Von er á sólóplötu númer tvö í mars.

Leggur sig ekki allan fram

Tónlistarmaðurinn Noel Gallagher kláraði á dögunum plötuna Chasing Yesterday sem kemur út í mars á næsta ári.

Er hann líklega þekktastur fyrir að hafa verið einn af meðlimum bresku hljómsveitarinnar Oasis ásamt bróður sínum Liam Gallagher.

Eftir að hafa hætt í Oasis árið 2009 einbeitti hann sér að sólóferli sínum og gefur nú út sína aðra sólóplötu. Plötuna tók hann upp í London þar sem hann segir afar erfitt að einbeita sér.

Gallagher segir að hann leggi sig aldrei 100 prósent fram við tónlistarsköpun eða tónleikahald vegna þess að hann vilji ekki skilja alla orkuna eftir uppi á sviði.

STYRK TARTÓNLEIKAR CARITAS ÍSLAND



KRISTSKIRKJU
LANDAKOTI

SUNNUDAG
23. NÓVEMBER
2014 KL. 16.00

Von og bati fyrir
ungt fólk með alvarlega
geðsjúkdóma

Í ár ætlar Caritas að styrkja
Laugarásinn - endurhæfingardeild
innan geðsviðs Landspítalans



Astor Piazzolla Veturinn úr Árstíðunum fjórum
einleikari **Sigrún Eðvaldsdóttir** konsertmeistari
Kjartan Valdemarsson harmonika/hljómborð
Bryndís Halla Gylfadóttir selló

Antonio Vivaldi Haustið úr Árstíðunum fjórum
einleikari **Guðný Guðmundsdóttir** konsertmeistari - nemendur úr LHÍ
Johann Sebastian Bach Air svíta í G dúr einleikari **Gunnar Kvaran** selló - Antonia Hevesi orgel
Wolfgang Amadeus Mozart Laudate Dominum einsöngvari **Hallveig Rúnarsdóttir**
strengir - klarinet - kórar undir stjórn **Margrétar J. Pálmadóttur**
Leonardo Marzagalia Preghiera einsöngvari **Kristján Jóhannsson**
strengir - klarinet - kórar

Miðaverð kr. 4500

Forsala aðgöngumiða er á midi.is og við innganginn



LAUGARÁSBIÓ

HEIÐ ERU MATTIR AFTRIN

CARREY DANIELS

DUMB & DUMBER TO **NIGHTCRAWLER**

7 16 16 16

LAUGARÁSBIÓ Sýningartimar

DUMB & DUMBER TO	5:40, 8, 10:30	7
NIGHTCRAWLER	8	16
BORGRIKI 2	5:50	16
KASSATRÖLLINN 2D	5:50	L

SAMBIO.IS

DUMB & DUMBER TO **NIGHTCRAWLER**

★★★★★ ★★★★★

EMPIRE NEW YORK POST

★★★★★ ★★★★★

TV SERÍE & REYKT TIME OUT LONDON

FRÁ CHRISTOPHER NOLAN, MANNNUM SEM FEARÐI OKKUR INCEPTION OG DARK KNIGHT TRILEMINTI KEMUR SAMKALLAD MEISTRARVERK

ST. VINCENT

MISSIÐ EKKI AF "FEELGOOD" MYND ÁRSINS!

★★★★★

R.J. FREYRMINN

ALFABAKKA

DUMB AND DUMBER TO	kl. 5:40 - 8 - 10:20
INTERSTELLAR	kl. 6 - 8 - 10
INTERSTELLAR VIP	kl. 5 - 8:30
ALGJÖR SVEPPI	kl. 5:40 - 8
JOHN WICK	kl. 10:20
THE REWRITE	kl. 5:40 - 8
ANNABELLE	kl. 10:20
TÖFRAHÚSIÐ	kl. 5:50

EGILSHÖLL

INTERSTELLAR 4K	kl. 8
INTERSTELLAR	kl. 6:30 - 10
ST. VINCENT	kl. 5:40 - 8 - 10:20
ALGJÖR SVEPPI	kl. 5:40
JOHN WICK	kl. 5:40 - 8 - 10:20

KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

INTERSTELLAR	kl. 5:30 - 8 - 9
ALGJÖR SVEPPI	kl. 5:40
THE JUDGE	kl. 10:20
AFINN	kl. 5:40 - 8

KEFLAVÍK

DUMB AND DUMBER TO	kl. 8 - 10:20
INTERSTELLAR	kl. 8

AKUREYRI

INTERSTELLAR	kl. 6 - 8:30 - 9:30
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6

TRYGGÐU PÉR MIÐA Á **SAMBIO.IS**

SMÁRA BIÓ **HÁSHÖLA BIÓ**

JIM CARREY JEFF DANIELS

DUMB & DUMBER TO

ST. VINCENT

MISSIÐ EKKI AF "FEELGOOD" MYND ÁRSINS!

SMÁRA BIÓ **5%**

DUMB AND DUMBER	KL. 8
DUMB AND DUMBER LÚXUS	KL. 5:30 - 8
INTERSTELLAR	KL. 5:30 - 9
INTERSTELLAR LÚXUS	KL. 10:25
GRAFIR OG BEIN	KL. 5:45 - 8
FURY	KL. 8 - 10:50
BORGRIKI	KL. 5:45
GONE GIRL	KL. 10:10
KASSATRÖLLIN ISL TAL 2D	KL. 3:30
SMÁHEIMAR ISL TAL 2D	KL. 3:30

HÁSHÖLA BIÓ **5%**

DUMB AND DUMBER	KL. 5:30 - 8
ST. VINCENT	KL. 5:30 - 8 - 10:20
NIGHTCRAWLER	KL. 8 - 10:25
GRAFIR OG BEIN	KL. 5:50 - 8
BORGRIKI	KL. 5:45 - 10:10

Topshop áfrýjar dómi

Eigendur Topshop hafa áfrýjað dómi um að tiskuverslunin megi ekki selja föt með mynd af söngkonunni Rihönnu.

Verslunin þurfti að fjarlægja stuttermaboli og önnur föt með myndum af söngkonunni úr hillum sínum á síðasta ári. Rihanna hafði kvartað yfir fötonum og taldi að addændur hennar myndu halda að hún hefði gefið samþykki sitt fyrir þeim, sem hún gerði ekki. Dómstólar voru sammála poppstjórnummi en núna hafa eigendur Topshop sem sagt áfrýjað og telja sig hafa rétt til þess að selja fötin á nýjan leik.



Réttindi góða fólksins

BAKPANKAR
Frosta Logasonar

Það er mjög gott að búa á Íslandi. Hér njóta allir ákveðinna grundvallaréttinda sem ekki verða af þeim tekin og eru vernduð af sjöunda kafla stjórnskrár Íslands, mannréttindakaflanum.

MANNRÉTTINDUM er gjarnan skipt niður í frelsi og réttindi. Ég er hrifnastur af frelsinu til tjáningar og svo trúfrelsinu.

Ég myndi ekki vilja búa í landi þar sem allt er ritskodað og hægt er að skerða málfrelsi manna. Ég vil að allir eigi kost á því að segja skoðanir sínar umbúðalaust.

NEMA þegar ég er ósammála viðkomandi. Þá getur auðvitað verið rétt í ákveðnum tilvikum að banna fólki að tjá sig.

HÉR á Íslandi kærur við góða fólkið okkur ekki um að fá stefnumótaráðgjafann Julien Blanc í heimsókn. Hann hefur tilkynnt á vefsíðu sinni að hann sé væntanlegur til Íslands í júní á næsta ári til að halda námskeið fyrir karlmenn um hvernig sé best að ná sér í konur, niðurlægja þær og láta þær hlýða.

Ég er einn af þeim fáu sem átta sig á því að þetta er ekki í lagi. Almennur á Íslandi gerir sér ekki grein fyrir hversu rangt þetta er þannig að ég skerst í leikinn.

Ég deili greinum af knúz.is og hvet fólki til þess að sniðganga viðburðinn ef okkur tekst ekki að stöðva komu mannsins með undirskriftalistum á netinu. Þannig get ég látið ljós mitt skína á samfélagsmiðlum og komið fólki í skilning um hversu frábær manneskja ég er. Tjáningarfrelsið er jú til þess að vernda réttar skoðanir og engar aðrar.

TRÚFRELSISÁKVÆÐIÐ er svo auðvitað til þess að vernda kristna menningu okkar og tryggja það að við getum flutt skólabörnum boðskap Jesú Krists. Ekki til þess að leyfa múslimum að byggja moskú. Við erum jú kristin þjóð.

JÁ, ég fagna því að á Íslandi geta menn tjáð skoðanir sínar um hvaða málefni sem er en á sama tíma geri ég þá kröfu að skoðanir sem samræmast ekki mínum eigin verði bannaðar með öllu. Svona er ég nú frábær.



BIGGI HILMARS Endurúttsetningin var skemmtilegt verkefni, að sögn Bigga Hilmars.

MYND/MARÍA KJARTANSDÓTTIR

Endurúttsetti lagið Imagine fyrir bandaríska safnplötu

Biggi Hilmars gaf lagið út í samstarfi við Pusher Music sem sérhæfir sig í tónlist fyrir kvikmyndir og þætti.

Endurúttsetning Bigga Hilmars á laginu Imagine eftir John Lennon er komin út á safnplötu í Bandaríkjunum. Biggi gaf lagið út í samstarfi við Pusher Music í Los Angeles, sem sérhæfir sig í tónlist fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti.

Að sögn Bigga var þetta skemmtilegt en mjög krefjandi verkefni, þar sem hann ákvað að víkja langt frá upprunalegri útgáfu Lennons, breyta hljómunum og laglínunni og búa til sína persónulegu útgáfu, sem einkennist af lágstemmdri píanó- og strengjauðsetningu, rödd og dansakti.

„Ég er búinn vera svolítið fyrir það að „covera“ eitt og eitt

af mínum uppáhaldslögum. Ég tók [Leonard] Cohen um árið og svo núna þetta. Pusher Music var spennt fyrir því að gera eitthvað svoléiðis með mér, þannig að okkur datt í hug að ráðast á þennan háa garð sem þetta lag er,“ segir Biggi, sem þurfti að taka á honum stóra sínum við endurúttsetninguna. „Þetta var ekkert grín. Ég gerði nokkrar útgáfur og þurfti að kljást mikið við þetta lag. Ég sneri öllu við, því það er alls ekki hægt að toppa upprunalegu útgáfuna,“ segir hann. „Ég bjó hálfpartinn til nýtt lag úr þessu en notaði laglínur og hluti frá gamla módelinu.“

Biggi má ekki gefa lagið út hér á landi fyrr en á næsta ári en er

samt vongóður um að hann fái undanþágu og geti leyft Íslendingum að heyrja það frá og með 8. desember, deginum sem Lennon var myrtur. „Mig langar að gefa út lagið þegar slokknar á Friðarsúlunni og halda smá lífi í kallinum.“

Nýverið gerði Biggi einnig tónlist við kynningarstíku alþjóðlegu sjónvarpsþáttaráðarinnar Olive Kitteridge með Frances McDormand og Bill Murray í aðalhlutverkum. Sýningar á þættinum hefjast á bresku sjónvarpsstöðinni Sky í desember.

Biggi hefur verið með fleiri járn í eldinum. Hann var tónlistarstjóri fyrir leikhúsverkið Strengi, sem listahópurinn Vinnslan framleiddi

Mig langar að gefa út lagið þegar slokknar á friðarsúlunni og halda smá lífi í kallinum

og sýndi á dögnum í Tjarnarbíói, auk þess sem hann er þessa dagana að semja og hljóðrita tónlist fyrir heimildarmyndina Suðurlandið. Hún fjallar um samnefnt farmskip sem fórst við Noregsstrendur árið 1986. Elf Films framleiddi myndina og leikstjóri var Ágústa Einarssdóttir.

Nánar upplýsingar um tónlist Bigga má finna á vefsíðu hans, Biggihilmars.com.

freyr@frettabladid.is



BIÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Leviathan, síðustu sýningar	17.00
Clouds of Sils Maria	17.30, 20.00, 22.00
Turist	17.45, 20.00
Salóme, síðasta sýning	20.00
20.000 Days on Earth	22.00
París norðursins (Eng sub)	22.15



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is





PIPARKÖKU- HÚSALEIKUR

SKRÁÐU ÞIG TIL LEIKS FYRIR 4. DESEMBER Á KATLA.IS



HINN Markaðsámskipti / SÍA

**ALLIR
GETA
UNNIÐ!**

STÓRI VINNINGURINN!

Allir sem skrá sig til keppni, fyrir 4. desember, fara sjálfkrafa í pott. Stórglæsilegur pakki fyrir bakarann að andvirði **80.000 kr.** frá DÚKA

GLÆSILEGIR VINNINGAR

50.000 kr. gjafabréf frá Hagkaup
40.000 kr. gjafabréf frá Vero Moda / Jack & Jones
30.000 kr. gjafabréf frá Penninn Eymundsson

BARNAFLOKKUR

10.000 kr. gjafakort í 66°Norður og 2 bíómiðar

KOMDU FJÖLSKYLDUNNI Í JÓLASKAP!

Einfaldaðu málið. Piparkökudeigið og glassúrinn hentar arkitektum á öllum aldri



VERO MODA

JACK & JONES

Kringluspretturinn 2014

Boðhlaupshópur Frjálsíþróttasambands Íslands verður með sprettlaupskæppi í Kringlunni á sunnudaginn kemur en þetta er sprettkeppni og fjárlunarviðurður á Blómatorginu. Stóra markmið Boðhlaupshópsins er að komast á alþjóðleg stórmót í boðhlaupum í fyrsta skipti, en horft er meðal annars til Evrópumeistaramótsins í Amsterdam árið 2016. Ísland var ekki langt frá því að ná inn sveit á EM í Zürich. Frjálsíþróttasamband Íslands hefur samþykkt að stuðla að aukinni þjálfun boðhlaupssveitanna en sprettkeppnin er haldin til að kynna þetta spennandi verkefni og um leið að gefa fólki kost á að styrkja hópinn. Frá klukkan 14.00 til 15.00 verður 60 metra hlaup karla, kvenna og frægra einstaklinga, en meðal þeirra sem hafa boðað þátttöku eru Steindí, Erpur, Dýri Kristjánsson, Gillz, Ívar Guðmundsson, alþingismaðurinn Haraldur Einarsson, Evert Víglunds, Ragna Ingólfsdóttir, Vala Grand, Margrét Edda Gnarr og Ilmur Kristjánsdóttir.



Hafnarfjarðarliðin mætast í níunda sinn á árinu 2014

HANDBOLTI Stórleikur kvöldsins í Olís-deild karla er heimsókn FH-inga til Hauka í Schenker-höllina á Ásvöllum. Leikur Hafnarfjarðarliðanna hefst klukkan 20.00. Það er jafnan mikil hátíð í Hafnarfirði í kringum leiki liðanna enda erfitt að finna meiri rígg milli félaga á Íslandi.

Árið 2014 hefur þegar boðið upp á metframboð af viðureignum Hauka og FH sem mætast í kvöld í sínum níunda mótsleik á árinu. Auk deildarleikjanna og leiks í árlegu Hafnarfjarðarmóti fór undanúrslitaviðureign liðanna í úrslitakeppni í oddaleik og liðin mættust einnig í undanúrslitum bikarsins.

Haukar steinláu í síðasta leik á Akureyri, en FH-ingarnir eru fjórnum stigum og þremur sætum á undan nágrönnum sínum í töflunni. Hvort það hjálpar FH-ingum eitthvað í kvöld verður að koma í ljós en þeir hvítu og svörtu eiga margar slæmar minningar frá Haukaleikjum ársins.

Haukaliðið er nefnilega með mikla yfirburði í leikjum liðanna á árinu þar sem það hefur unnið sex af átta leikjum, þar af fjóra síðustu leikina eftir að FH komst í 2-0 í undanúrslitaeinvígi liðanna í úrslitakeppninni síðasta vor. Haukarnir unnu þá þrjá leiki í röð og sendu FH-liðið í sumarfrí.



ERFITT Magnús Óli Magnússon og félagar í FH hafa bara unnið tvo af átta leikjum ársins á móti Haukum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Er Kolbeinn nokkuð kólnaður?

Kolbeinn Sigþórsson náði ekki að skora í síðustu þremur leikjum íslenska fótboltlandsliðsins og er þetta í fyrsta sinn á landsliðsferlinum sem hann hefur spilað þrjá heila landsleiki í röð án þess að skora. Búinn að bíða í 283 mínútur eftir að ná Ríkharði Jónssyni.

FÓTBOLTI Kolbeinn Sigþórsson hefur ekki skorað í 283 mínútur með íslenska landsliðinu og eftir ótrúleg markaskor hans í landsliðsbúningnum undanfarin ár er þetta eitthvað sem stuðningsmenn íslenska landsliðsins eiga ekki að venjast.

Íslenska þjóðin er vön góðu

Íslenska þjóðin hefur heldur betur vanist góðu frá aðalmarkaskorara sínum undanfarin ár sem var, fyrir þessa markaburrð, búinn að skora í 15 af 24 landsleikjum sínum. Heimsklassatölfræði Kolbeins hefur kallað á meiri kröfur og um leið áhyggjur yfir markaleyfinu nú.

Kolbeinn hefur aðeins einu sinni þurft að bíða lengur eftir marki með landsliðinu en hann skoraði ekki í 304 mínútur eftir að hann kom til baka eftir axlaraðgerð í ársbyrjun 2013.

Umrótið í kringum Kolbeinn hjá félagsliði hans Ajax er ekki að hjálpa til og margir bíða eftir því að hann komist að hjá liði sem spilar meira upp á styrkleika hans.

Íslenska landsliðið náði ekki að halda áfram sigurgöngu sinni í Tékklandi um helgina og fyrsta tapið er staðreynd. Íslenska liðið fékk vissulega færi til að ná í stig en Kolbeinn var meira í því að hjálpa til að búa til færi fyrir félagana en komast í færin sjálfur.

Sextánda markið gegn Tyrkjum Kolbeinn skoraði sitt sextánda landsliðsmark í sigrinum á Tyrk-

um í fyrsta leik undankeppinnar en hann var þá að spila sinn 24. landsleik.

Kolbeinn vantar aðeins eitt mark til að jafna Ríkharð Jónsson, annan marka-

hæsta leikmann íslenska landsliðsins frá upphafi. Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir landsliðsferil Kolbeins og magnað markaskor hans í landsliðsbúningnum.

Á undan Eiði í leikjum og árum

Eiður Smári á metið en hann hefur átta marka forskot á Kolbein, Eiður Smári jafnaði met Ríkharðs í sínum 41. leik (28 ára gamall) og bætti það sjö leikjum síðar (29 ára gamall). Kolbeinn er enn bara 24 ára gamall og ekki búinn að spila nema 27

landsleiki. Metið hans Eiðs Smára er því enn í stórhættu.

Kolbeinn þurfti að bíða eftir landsliðsmarki í 304 mínútur fyrri hluta árs 2013 en þegar markastíflan brast skoraði hann í fimm landsleikjum í röð og setti nýtt met. Sú markaveisla endaði ekki fyrr en hann meiddist illa á ökkla í fyrri hálfleik í fyrri umspilsleiknum við Króata.

Brestur stíflan á næsta ári

Það er lífsnauðsynlegt fyrir íslenska landsliðið að koma Kolbeini aftur í gang á næsta ári þegar seinni hluti undankeppinnar fer fram og það mun reyna á íslenska landsliðið við að tryggja sér sæti á stórmóti í fyrsta sinn. Bresti stíflan með sama hætti og síðast ætti íslenska landsliðið hins vegar að vera í góðum málum á árinu 2015. ooj@frettabladid.is



LANDSLIÐSFERILL KOLBEINS SIGPÓRS.

LEIKIR	2010	2011	2012	2013	2014																					
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22					
SPILAÐAR MÍNÚTUR																										
84	90	18	15	90	90	78	84	45	58	90	60	89	90	90	90	90	90	45	75	90	90	90	90	90	90	
37. m		89. m		86. m	176 mín án marks		4. m	34. m	27. m	90. og 29. m	304 mín án marks		65. m	56. m	47. m	60. m	12. m	244 mín án marks		46. m	54. m	77. m	283 mín án marks			

DOMINOS-DEILD KVENNA Í KÖRFUBOLTA

HAUKAR - SNÆFELL 77-80 (69-69)

Stig Hauka: LeLe Hardy 39 (13 frák., 7 stoðs., 6 stolnir), Sólrún Gísladóttir 12, Guðrún Ámundadóttir 6, Sýlvía Rún Hálfanadóttir 6, Auður Ólafsdóttir 5, María Lind Sigurðardóttir 4, Dagbjört Samueldsdóttir 3, Þóra Kristín Jónsdóttir 2.

Stig Snæfells: Kristen Denise McCarthy 29 (16 frák., 8 stolnir), Hildur Sigurðardóttir 18, Gunnhildur Gunnarsdóttir 10 (13 frák.), Berglind Gunnarsdóttir 9, María Björnsdóttir 8, Helga Hjördis Björngvinsdóttir 3, Rebekka Rán Karlsdóttir 2, Huguína Eva Valdimarsdóttir 1.

BREIÐABLIK - KEFLAVÍK 68-76

Stigahæstar: Arielle Wideman 24, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 12, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 9, Berglind Karen Ingvarsdóttir 9 - Carmen Tyson-Thomas 22. Sara Rún Hinriksdóttir 13, Bríet Sif Hinriksdóttir 10, Lovísa Falsdóttir 8, Marín Laufey Davíðsdóttir 8, Ingunn Emla Kristínardóttir 7.

HAMAR - GRINDAVÍK 49-73

Stigahæstar: Þórunn Bjarnadóttir 18, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 10, Heiða B. Valdimarsdóttir 9 - Rachel Tecca 20, Pálfína Gunnlaugsdóttir 17, María Ben Erlingsdóttir 10, Guðlaug Björt Júlíusdóttir 7, Petrunella Skúladóttir 7.

VALUR-KR 80-58



SIGUR Á GÖMLU FÉLÖGUNUM Gunnhildur Gunnarsdóttir var með tvennu gegn sínu gamla félagi í sigri í framlengingu á Ásvöllum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Endar útivallarmatröðin í kvöld?

Grindvíkingar heimsækja ÍR-inga í Seljaskólann með þrjá stóra skelli á bakinu.

KÖRFUBOLTI Grindvíkingar hafa komist í fimm af síðustu sex úrslitaleikjum í deild og bikar en byrjun þessa tímabils í Dominos-deild karla hefur reynt á skapmanna í Grindavíkinni. Fjögur tölur í fyrstu sex leikjunum er eitthvað sem menn eiga ekki að venjast í Grindavík eftir sigursæl ár á undan.

Það eru þó þrjú vandræðaleg tölur Grindavíkurlíðsins á útivelli sem stinga mest í augu en liðið hefur tapað þremur fyrstu útileikjum tímabilsins með 30 stigum að meðaltali. Varnarleikur Grindavíkurlíðsins í þessum leikjum hefur örugglega verið mikil pína fyrir þjálfarann Sverri Þór Sverrisson sem lagði líf og sál sína í varnarleikinn sem leikmaður. Grindvíkingar hafa fengið á sig 106 stig að meðaltali í þessum þremur útileikjum og skotnýting mótherjanna jókst í hverjum leik.

Kanaleysi og meiðli lykilmanna afsaka kannski töpin en ekki skellina. Nú er svo komið að Grindavíkurlíðið þarf að fara að vinna leiki ætli liðið sér að keppa um fjögur efstu sætin inn í úrslitakeppnina.

Grindvíkingar eiga á hættu að missa ÍR-inga upp fyrir sig og að detta niður í 10. sæti deildarinnar takist þeim ekki að enda útivallarmatröð sína í Seljaskólannum í kvöld. ÍR-ingar hafa aðeins unnið



LIGGJA Í VALNUM Ómar Sævarsson, fyrirlíði Grindavíkur, í leik á móti Haukum sem er einn af útileikjunum sem Grindavíkurlíðið hefur tapað stórt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

ÚTILEIKIR GRINDAVÍKUR Í DEILDINI Í VETUR:

20 STIGA TAP FYRIR HAUKUM 77-97

- Haukar mest 23 stigum yfir í leiknum.

25 STIGA TAP FYRIR STJÖRNUNNI 78-103

- Stjarnan mest 28 stigum yfir í leiknum.

45 STIGA TAP FYRIR KR 73-118

- KR mest 53 stigum yfir í leiknum.

einn af sex leikjum sínum en stóðu vel í heimamönnum í Keflavík í síðasta leik þar sem Bandaríkjamadurinn Trey Hampton lék sinn fyrsta leik.

Grindvíkingar frumsýndu líka nýjan Kana í síðustu umferð en Rodney Alexander varð að setta sig við tap á heimavelli á móti Njarðvík í fyrsta leik.

Það fara þrjú aðrir leikir fram í kvöld. Njarðvík tekur á móti Snæfelli í Ljónagryfjunni, Tindastólsmaðurinn Darrel Lewis fær sína gömlu liðsfélaga úr Keflavík í heimsókn á Krókinn og Stjörnumenn taka á móti Fjölni í Garðabænum. Tindastólsliðið hefur unnið alla leiki nema einn þegar Stólararnir töpuðu í framlengingu á móti toppliði KR. -66j

Þjálfari óskast

Frjálsíþróttadeild Fjölnis í Grafarvogi óskar eftir þjálfara. Um er að ræða þjálfun barna og unglunga og þátttöku í að efla starfsemi deildarinnar í samstarfi við stjórn og yfirþjálfara. Einstaklingar með reynslu og/eða íþróttanáam að baki eru hvattir til að hafa samband.

Stjórn Frjálsíþróttadeildar Fjölnis, Grafarvogi. Áhugasamir hringið í síma 697-8898 eða sendið póst á fjolamaria@hotmail.com



Hátíðarkalkúnninn er kominn!

Heitur matur er afgreiddur frá kl. 11:30



1.295,-

Hátíðarkalkúnn með sósu, fyllingu, maísbaunum, rauðkáli og brúnuðum kartöflum

Nú einnig fyrir börnin!



495,-

Barnaskammtur fyrir 12 ára og yngri
Hátíðarkalkúnn með sósu, fyllingu, maísbaunum, rauðkáli og brúnuðum kartöflum



Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-20:30 - www.IKEA.is



LEIKMENNIRNIR SEM ERU FARNIR FRÁ FRAM



Hörður Fannar Björgvinsson
17 ára
Kom til Fram 2014
Leikir (mörk) 6 (0)
Fór til KR

Jóhannes Karl Guðjónsson
34 ára
Kom til Fram 2014
Leikir (mörk) 18 (2)
Fór til Fylkis

Hafsteinn Briem
23 ára
Kom til Fram 2014
Leikir (mörk) 18 (4)
Fór til Án liðs

Ósvald Jarl Traustason
19 ára
Kom til Fram 2014
Leikir (mörk) 15 (1)
Fór til Breiðabliks

Benedikt Októ Bjarnason
19 ára
Kom til Fram 2008
Leikir (mörk) 6 (0)
Fór til ÍBV

Víktor Bjarki Arnarsson
31 árs
Kom til Fram 2013
Leikir (mörk) 40 (3)
Fór til Án liðs

Ásgeir Marteinnsson
20 ára
Kom til Fram 2014
Leikir (mörk) 13 (3)
Fór til Án liðs

Aron Pórður Albertsson
18 ára
Kom til Fram 2013
Leikir (mörk) 16 (1)
Fór til Án liðs

Haukur Baldvinsson
24 ára
Kom til Fram 2013
Leikir (mörk) 41 (3)
Fór til Víkings

Arnþór Ari Atlason
21 árs
Kom til Fram 2014
Leikir (mörk) 20 (3)
Fór til Breiðabliks

Guðmundur Magnússon
23 ára
Kom til Fram 2014 (uppalinn en fór 2011)
Leikir (mörk) 45 (4)
Fór til Án liðs

→ Leikmennirnir ellefu sem farnir eru eftir tímabilið og Fréttablaðið stillir upp til gamans í byrjunarliðinu hér að ofan spiluðu samtals 238 leiki fyrir Fram. Það gerir 21,6 leik að meðaltali á hvern sem nær ekki heilu tímabili í Pepsi-deildinni.

Fram mun koma upp aftur

Ásgeir Marteinnsson varð í gær ellefti leikmaðurinn sem yfirgefur Fram eftir að liðið féll úr Pepsi-deildinni á síðasta tímabili. Í heildina eru fjórtán leikmenn farnir frá því að síðasta tímabil hófst. Formaður knattspyrnu-deildar Fram hefur engar áhyggjur en líkar illa að engir leikmannanna gefi upp ástæður fyrir brottför.

Beittur í eldhúsinu?

Fastus býður uppá hágæða japanska hnifa og önnur eldhúsáhöld sem unun er að vinna með þegar matarundirbúningur stendur sem hæst.

Komdu í verslun okkar, Síðumúla 16 og skoðuðu úrvalið af áhöldum sem fagmenn, jafnt sem áhugamenn geta ekki án verið í góðu eldhúsi.

Tómas Þór Þórðarson
tomas@frettabladid.is

FÓTBOLT! Flóttinn mikli úr Safamýri náði nýjum hæðum í gær þegar miðjumaðurinn Ásgeir Marteinnsson varð ellefti leikmaðurinn sem yfirgefur Fram eftir að liðið féll úr Pepsi-deild karla í knattspyrnu í sumar. Þar með hefur heilt byrjunarlið sagt skilið við Fram eftir að tímabilinu lauk. Frá byrjun síðasta tímabils eru í heildina fjórtán leikmenn farnir því samningi var sagt upp við Björgólf Takefusa, Einar Már Þórisson fór aftur til KV og Ógmundur Kristinnson var seldur til Randers í Danmörku.

Óvissa ríkir um þrjá leikmenn til viðbótar. Aron Bjarnason vill komast til ÍBV, markvörðurinn Denis Cardaclija er að íhuga stöðu sína og þá er framherjinn Guðmundur Steinn Hafsteinnsson eftirsóttur af liðum úr Pepsi-deildinni. Hann virðist þó vera einn af sárafáum sem ekki voru með uppsagnarákvæði í samningi sínum.

Fram notaði 25 leikmenn á síðustu leiktíð og eru nú fjórtán farnir sem fyrr segir. Það eru því í besta falli ellefu eftir, en í versta falli átta fari Aron, Denis og Guðmundur Steinn.

Sjö af leikmönnum ellefu

sem farnir eru eftir að tímabilinu lauk sömdu við Fram fyrir leiktíðina. Þeir tóku þátt í nýju verkefni Safamýrarliðsins sem sótti unga og efnilega leikmenn og losaði sig við alla útlendinga. Bjarni Guðjónsson átti að stýra þessari uppbyggingu og gerði það í eitt ár áður en hann lét af störfum og tók við KR.

Er þessi hópur nógu góður?

Leikmenn hafa nýtt sér uppsagnarákvæði í samningum sínum til að losna frá félaginu og þykir mörgum furdulegt að leikmenn sem fengnir voru í nokkurra ára uppbyggingu hafi átt jafn einfalda undankomuleið og raun ber vitni.

„Við sömdu við þessa menn þannig að það væri uppsagnarákvæði hjá þeim og félaginu ef illa færi. Við höfðum trú á verkefninu, en ef við myndum falla þá væri liðið líklega ekki nógu gott. Þessi hópur tók við Fram sem bikarmeistarar og í Evrópukeppni og féll, þannig að ég spyr: Var hópurinn nógu góður?“ segir Sverrir Einarsson, formaður knattspyrnu-deildar Fram, við Fréttablaðið um samningagerðina fyrir tímabilið.

„Það er alveg ljóst að miðað við hvernig þetta fór þá hefðum við gert fullt af breytingum og það var líka gott fyrir okkur að vera ekki bundnir. Sumir leikmannanna auðvelduðu okkur bara vinnuna.“

Fæstir leikmannanna sem farn-

ir eru hafa sest niður með forráðamönnum Fram og tilkynnt að þeir vildu nýta uppsagnarákvæði sín eða ræða framtíð sína. „Ég er búinn að fá einhverja 6-8 pósta frá umboðsmönnum um að viðkomandi leikmenn hafi nýtt sér uppsagnarákvæði sín. Þeir hafa ekkert talað við okkur,“ segir Sverrir.

Enginn annar í spiliinu

Hann álasar strákunum ekkert fyrir ákvarðanir þeirra en finnst lélegt að menn yfirgefi félagið án þess að kveðja og sumir hverjir ekki búnir að finna sér önnur lið.

„Þetta er vissulega fúl staða fyrir okkur sem förum af stað með þetta. Maður er auðvitað pínulítið sár að menn fari án skýringa og það er eiginlega það sem ég sætti mig ekki við. Þetta er eins og að vera í tilfinningasambandi þar sem maður veit ekki hvað gerðist. Það er ekki einu sinni annar karl í spiliinu,“ segir Sverrir léttur og vitnar til þess að nokkrir leikmannanna sem farnir eru hafi ekki fundið sér nýtt félag.

Fara ekki á taugum

Þó meiri hluti liðsins sem spilaði í fyrra sé farinn frá Fram hefur Sverrir engar áhyggjur af stöðu mála. Kristinn Rúnar Jónsson, nýr þjálfari liðsins, var með 20 leikmenn á æfingu í vikunni.

„Við erum búnir að fá sex stráka inn í hópinn sem eru uppaldir hjá



HÖFÐU TRÚ Á VERKEFNINU Sverrir Einarsson, formaður knattspyrnu-deildar Fram. RETTABLAÐIÐ/VILHELM

félaginu og svo er fullt af ungum strákum sem eru tilbúnir að koma og spila fyrir Fram. Leikmennirnir sem sem við fengum í fyrra eru ekki einu ungu leikmennirnir á Íslandi. Svo má ekki gleyma því að þjálfarinn okkar stýrði U19 ára landsliðinu í átta ár. Það er mikið af leikmönnum sem hafa farið í gegnum hann og hafa trú á honum og vilja spila fyrir hann,“ segir Sverrir sem lofar því að Fram risi á ný.

„Við förum ekkert á taugum yfir þessu. Fram er orðið 108 ára gamalt félag með fullt af sögu. Fram fer upp aftur. Vonandi verður það strax en við sjáum til. Fram verður aftur með gott lið í efstu deild,“ segir Sverrir.

tomas@365.is

FASTUS

Veit á vandaða lausn

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík
Sími 580 3900 • www.fastus.is
Verslun opin mán-fös 8.30 -17.00

Forsala á Kähler afmælisvasanum er hafin

FRAMLEIDDUR Í TAKMÖRKUÐU UPPLAGI

FORSALA
Í VEFVERSLUN
MÓDERN*

AÐEINS 200 STK. Í BOÐI!



Omaggio kopar afmælisvasi, 12,5 cm
Verð 5.790 kr.

Af þessu tilefni bjóðum við 20% afslátt
af öllum öðrum vörum frá Kähler
fimmtudag, föstudag og laugardag í vefverslun Móðern

20%
AFSLÁTTUR



Lovesong vasar / Verð áður frá 5.490 kr.
Verð nú frá 4.392 kr.



Omaggio vasar / Verð áður frá 3.890 kr.
Verð nú frá 3.112 kr.



Urbania kertahús / Verð áður frá 6.490 kr.
Verð nú frá 5.192 kr.



Avvento kertastjakar / Verð áður frá 2.990 kr.
Verð nú frá 2.392 kr.



Omaggio kertastjakar / Verð áður frá 3.890 kr.
Verð nú frá 3.112 kr.



Cono kertastjakar / Verð áður frá 3.290 kr.
Verð nú frá 2.632 kr.

* Þeir sem versla á modern.is geta fengið vörurnar sendar heim gegn vægu gjaldi. Einnig er hægt að sækja vörurnar í verslun Móðern, Hlíðasmára 1. Vasar seldir í forsölu verða afhentir fimmtudaginn 4. des.

MÓDERN

Stöð 2 kl. 20.15

Heilsugengið

Önnur röð þessara vönduðu og fróðlegu íslensku þátta sem fjalla um mataræði og lífsstíl með fjölbreyttum hætti. Þættirnir eru í umsjón Völu Matt en henni til halds og trausts verða hjúkrunarfræðingurinn og næringarþerapistinn Þorbjörg Hafsteinsdóttir og heilsu- og hráfæðis-kokkurinn Sólveig Eiríksdóttir.



Í KVÖLD



X-FACTOR UK

STÖÐ 3 KL. 20.15 Einn vinsælasti skemmtipáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni en með honum við dómaraþorðið sitja Cheryl Cole, Mel B og Louis Walsh.



Minute to Win it Ísland

SKJÁREINN KL. 20.15 Lokapáttur Minute to Win it Ísland. Í þáttunum keppist fólk við að leysa tíu þrautir en fær eingöngu eina mínútu til að leysa hverja þraut. Ingó Þórarinnsson, betur þekktur sem Ingó veðurguð, stýrir þáttunum af mikilli leikni.



Modern Family

GULL KL. 19.50 Fimmta syrpan af þessum sprenglæglegu og sívinsælu gamanþáttum sem hlotið hafa einróma lof gagnrýnenda víða um heim. Fjölskyldurnar þrjár sem fylgst er með eru óborganlegar sem og aðstæðurnar sem þær lenda í hverju sinni.

Bylgjan kl. 16-18.30

Reykjavík síðdegis

Porgeir Ástvaldsson, Kristófer Helgason og Bragi Guðmundsson taka fólk tali og ræða málefni líðandi stundar.



Ómissandi um jólin

Rjúpa
Svunta & viskastykki
4.980 kr

LIN DESIGN

Laugavegi 176 Glerártorgi lindsayn.is

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 07.40 iCarly
- 08.00 Wonder Years
- 08.25 Around the World in 80 Plates
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.15 60 mínútur
- 11.00 Atlas 4D
- 11.50 Harry's Law
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Mayday
- 13.55 The Prince and Me 4
- 15.30 iCarly
- 15.55 Back in the Game
- 16.20 The New Normal
- 16.45 New Girl
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 The Simpsons
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Fóstbræður
- 19.45 Marry Me
- 20.10 Heilsugengið
- 20.40 Masterchef USA
- 21.20 NCIS
- 22.10 Person of Interest
- 23.00 Crimes That Shook Britain
- 23.50 Rizzoli and Isles
- 00.35 Homeland
- 01.25 Shameless
- 02.20 NCIS: Los Angeles
- 03.05 Louie
- 03.25 The Experiment
- 05.00 Fóstbræður
- 05.25 Marry Me
- 05.45 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

- 07.00 Göppingen - Kiel
- 13.00 Real Sociedad - Atletico Madrid
- 14.40 Real Madrid - Barcelona
- 16.25 Holland - Lettland
- 18.05 Göppingen - Kiel
- 19.25 Chicago - Cleveland
- 21.25 UFC Now 2014
- 22.15 UFC 180: Werdum vs Hunt

SPORT 2 enski boltinn

- 11.50 Sunderland - Everton
- 13.35 An Alternative Reality: The Football Manager Documentary
- 14.50 Burnley - Hull
- 16.35 Swansea - Arsenal
- 18.20 England - Slóvenía
- 20.00 Premier League World 2014
- 20.30 Liverpool - Chelsea
- 22.15 Man. Utd. - Crystal Palace
- 23.55 WBA - Newcastle
- 01.35 Premier League World 2014

IINN

20.00 Hrafnáþing á Vestfjörðum 21.00 Auðlindakistan 21.30 Suðurnesjamagasín

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro

FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1

STÖÐ 3

- 17.55 Top 20 Funniest
- 19.00 Last Man Standing
- 19.25 Are You There, Chelsea?
- 19.50 Wilfred
- 20.20 X-factor UK
- 21.45 Originals
- 22.30 Supernatural
- 23.15 Grimm
- 00.00 Constantine
- 00.45 Last Man Standing
- 01.10 Are You There, Chelsea?
- 01.35 Wilfred
- 02.00 X-factor UK
- 03.25 Originals
- 04.10 Supernatural
- 04.55 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

Krakkastöðin

07.00 Kalli á þakinu 07.25 Latibær 07.47 Hvellur keppnisbill 08.00 Könnuðurinn Dóra 08.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 08.45 Doddi litli og Eyrnastór 08.55 Rasmus Klumpur og félagar 09.00 Áfram Diego, áfram! 09.24 Svampur Sveins 09.45 Elías 09.55 UKI 10.00 Brunabílarnir 10.22 Lína Langsokkur 10.43 Ævintýraferðin 10.56 Tommi og Jenni 11.00 Kalli á þakinu 11.25 Latibær 11.47 Hvellur keppnisbill 12.00 Könnuðurinn Dóra 12.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 12.45 Doddi litli og Eyrnastór 12.55 Rasmus Klumpur og félagar 13.00 Áfram Diego, áfram! 13.24 Svampur Sveins 13.45 Elías 13.55 UKI 14.00 Brunabílarnir 14.22 Lína Langsokkur 14.43 Ævintýraferðin 14.56 Tommi og Jenni 15.00 Kalli á þakinu 15.25 Latibær 15.47 Hvellur keppnisbill 16.00 Könnuðurinn Dóra 16.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 16.45 Doddi litli og Eyrnastór 16.55 Rasmus Klumpur og félagar 17.00 Áfram Diego, áfram! 17.24 Svampur Sveins 17.45 Elías 17.55 UKI 18.00 Brunabílarnir 18.22 Lína Langsokkur 18.43 Ævintýraferðin 18.56 Tommi og Jenni 19.00 Franklín 20.15 Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

- 18.10 Strákarnir
- 18.40 Friends
- 19.05 Arrested Development
- 19.45 Modern Family
- 20.10 Two and a Half Men
- 20.35 Go On
- 21.00 The Mentalist
- 21.45 E.R.
- 22.30 The Untold History of the United States
- 23.30 A Touch of Frost.
- 01.15 Go On
- 01.40 The Mentalist
- 02.25 E.R.
- 03.10 The Untold History of the United States
- 04.15 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

- 12.45 I Am
- 14.05 Spy Kids 4
- 15.30 One Fine Day
- 17.20 I Am
- 18.40 Spy Kids 4
- 20.10 One Fine Day
- 22.00 Giv'em Hell Malone
- 23.35 The Remains of the Day
- 01.50 Dredd
- 03.25 Giv'em Hell Malone

RÚV

- 16.30 Ástareldur
- 17.20 Friðþjófur forvitni
- 17.43 Vasaljóð
- 18.08 Sveppir
- 18.15 Tákn málsfréttir
- 18.25 Dýraspítalinn
- 19.00 Fréttir
- 19.20 Íþróttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Óskalöginn 1984-1993
- 20.05 Andri á Færeyjaflandri
- 20.40 Gungur
- 21.05 Stúdíó A
- 21.50 Landakort
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.25 Glæpahneigð (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð um sérsvéit lögreglu-manna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna. Meðal leikenda eru Joe Mantegna, Thomas Gibson og Shemar Moore. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 23.05 Downton Abbey
- 23.55 Erfingjarnir
- 00.55 Kastljós
- 01.20 Fréttir
- 01.35 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.20 Dr. Phil
- 09.00 The Talk
- 09.45 Pepsi MAX tónlist
- 12.30 The Voice
- 14.00 The Voice
- 15.30 The Voice
- 16.15 The Biggest Loser
- 17.00 The Biggest Loser
- 17.45 Dr. Phil
- 18.30 The Tonight Show
- 19.10 The Talk
- 19.50 America's Funniest Home Videos
- 20.15 Minute to Win It Ísland
- 21.15 Growing Up Fisher
- 21.40 Scandal
- 22.25 Extant
- 23.10 The Tonight Show Spjallþáttasníllingurinn Jimmy Fallon hefur tekið við keflinu af Jay Leno og stýrir nú hinum geysivinsælu Tonight Show þar sem hann hefur slegið öll áhorfsmet.
- 00.00 Law & Order: SVU
- 00.45 Fargo
- 01.35 Hannibal
- 02.20 Scandal
- 03.05 Extant
- 03.50 The Tonight Show
- 04.40 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

- 08.00 PGA Tour 2014
- 13.00 European Tour 2014
- 15.30 PGA Tour 2014
- 18.30 Golfing World 2014
- 19.20 PGA Tour 2014

FM 95,7 FM957 FM 97,7 X-ið FM 100,5 K100
FM 96,3 FM Suðurland FM 98,9 Bylgjan FM 102,9 Lindin
FM 96,7 Létt Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga

Kósíkvöld *i kvöld!*

Opið til kl. 22

Matarkynning:
Matur og marmeláði
frá Nicholas Vahé



Bókakynning og smakk:
Inga Elsa og Gísli Egill
kynna hina nýútkomnu
*matreiðslubók *Sveitasæla**




Hafliði úr Mosfellsbakaríi
skaffar kruderið og
kynnir súkkuláðið sitt



Léttar veitingar:
Kynning á jólavínunum

20% afsláttur
af öllum vörum
í Tekk Company
og Habitat
Aðeins í kvöld!



Valdimar Guðmundsson
flytur ljúfa tónlist kl. 20



habitat  

TEKK
COMPANY

FIMMTUDAGSBÓKIN



„Ég er að lesa Me Talk Pretty One Day eftir David Sedaris, sem er mjög skemmtileg. Svo er ég að lesa A Bigger Message: Conversations with David Hockney.“

Snorri Ásmundsson, myndlistarmaður

Sýnir myndbönd með þekktum hlátursköstum

Kristín Einarsdóttir þjóðfræðingur er áhugakona um húnur og flytur erindi um fyrirbærið í Gerðubergi.

Kristín Einarsdóttir þjóðfræðingur segir húnur eitt aðaláhugamál sitt. Í dag flytur hún erindið Hvað á að gera við afa? en nafnið er vísun í uppáhaldsatriði hennar úr sjónvarpsþáttunum Fóstbræðrum.

„Ég man ekki hvar þetta byrjaði, ég fór bara að hafa mjög mikinn áhuga á þessum húmorpælingum,“ segir Kristín.

Í erindinu mun Kristín fjalla um húnur, tengsl hans við samfélagið og fræg hlátursköst og mun sýna myndbönd af vel þekkt-

um hlátursköstum. Myndbönd af ofsafengnum hlátursköstum hafa oft vakið mikla lukku á internetinu. „Hláturinn smitar og veldur einhvers konar slökun. Hann reynir á vöðva sem við reynum aldrei á annars og það er hluti af því af hverju okkur finnst svo ofboðslega gott að hlæja.“ En Kristín mun meðal annars sýna frægt hláturskast Péturs Blöndal í pontu.

Kristín segir húnurinn stóran hluta af menningu okkar og fólk

„Ég fór bara að hafa mjög mikinn áhuga á þessum húmorpælingum.“

jafnvel sækja í húnur og hlátur þegar því líður illa. „Við hlæjum oft að því sem veldur okkur áhyggjum. Reynum að ná tökum á erfiðum aðstæðum með hlátri og húnur. Það eru ótal dæmi um það.“

Kristín flytur erindið í Gerðubergi klukkan fimm.



HÚMORISTI Kristín segir fólk oft leita í húnurinn þegar því líði illa.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Heillandi sýning fyrir alla fjölskylduna

Hnotu-brjótturinn

St. Petersburg Festival Ballet ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands

Hrífandi jólaævintýri við tónlist eftir Tchaikovsky



Sýnt í Eldborg

21. nóvember
kl. 19:30 Frumsýning

22. nóvember kl. 13:00 2. sýning
kl. 17:00 3. sýning

23. nóvember kl. 13:00 4. sýning
kl. 17:00 5. sýning

Helmingsafsláttur fyrir 12 ára og yngri

Nánari upplýsingar í s: 528 5050, á midi.is og harpa.is



www.harpa.is/hbr

ICELANDAIR

Arion banki

CENTER HOTELS

365

Vill aðstoða konur að upplifa góða fæðingu


Kristín Mariella Friðjónsdóttir hjá Twin Within lét drauminn rætast og fór í doulu-nám. Eigin fæðingarupplifun veitti henni innblástur til að fara í námið.

„Ég hef haft áhuga á þessum fræðum lengi, þar sem móðir og barn eru í forgangi í fæðingunni,“ segir Kristín Mariella Friðjónsdóttir, hönnuður og eigandi skartgripamerkisins Twin Within – Creative Jewelry og doula. Hún lét drauminn rætast og fór á DONA International doulu-námskeið í Singapúr, þar sem hún býr ásamt manningnum sínum og ellefu mánaða dóttur.

„Eftir fæðingu dóttur minnar var ég svo hugfangin, ég átti yndislega náttúrulega fæðingu í vatni og fékk löngun til þess að fræða og leggja mitt af mörkum svo að konur fái sem mest út úr fæðingunni sinni og upplifi á eins góðan hátt og mögulegt er,“ segir Kristín. Á öðrum degi fengu þær sem sóttu námskeiðið að vera viðstaddir heima fæðingu í gegnum kennarann þeirra, en viðskiptavinur hennar fór af stað í fæðingu.

„Þetta var alveg magnað. Hún var búin að segja okkur að það væri næstum útilokað, þar sem heima fæðingar eru sjaldgæfar í Singapúr,“ segir Kristín. Hún segir upplifunina hafa verið ómetanlega og að fæðingin hafi gengið eins og í sögu. „Ofan á allt þá fæddist barnið í belgnum, sem er enn sjaldgæfara. Þetta var bara dásamlegt. Við stóðum þarna fjórar úti í horni, fylgdu með og grétum.“

Kristín segir að rannsóknir hafi sýnt fram á að þeim konum, sem hafa stuðning annarra kvenna í fæðingu, líði betur og fæðingarupplifunin sé betri. „Þessar steriótýpísku hugmyndir um að fæðingar séu hrikalega sársaukafullar og hræðilegar eru skilaboð sem maður fær ómeðvitað úr samfélaginu. Mér finnst sorglegt ef konur sem kvíða fæðingunni gefa sér ekki tíma til að undirbúa sig eða átta sig ekki á hvaða aðstoð þær geta fengið. Fyrir mér þarf að eyða þeim hugsunarhætti að það þurfi að bjarga börnum úr líkama móðurinnar sem



ÓTRÚLEG UPPLIFUN Kristín segir upplifunina af að vera viðstödd fæðingu magnaða og eitt af því stórkostlegasta sem hún hafi séð.

→ Hvað gerir doula?

Douler veita foreldrum andlegan stuðning í fæðingunni, hvort sem um keisara eða náttúrulega fæðingu er að ræða, og sjá um samskipti milli ljósmæðra, lækna og foreldra. Þær mega ekki aðhafast neitt læknisfræðilegt og veita einungis andlegan stuðning.

virðist því miður enn vera algengt viðhorf á sjúkrahúsum,“ segir hún.

Fyrir henni er þetta femínískt viðhorf líka. Þegar fæðingin var flutt inn á spítala í byrjun 20. aldarinnar hafi konur orðið að viðfangsefni og ekki með mikla rödd

í fæðingarferlinu. „Mig langar að vera partur af þessari hreyfingu þar sem konur ganga fyrir í þessu náttúrulega ferli og fyrir mig sem femínista þá snertir þessi boðskapur mig djúpt,“ segir hún.

adda@frettabladid.is

Tók upp djassplötu í herberginu

Baldvin Snær Hlynsson gefur út sína fyrstu djassplötu aðeins sextán ára.

„Ég skynja miklu meiri áhuga á djassi hjá ungu fólki heldur en ég hélt,“ segir Baldvin Snær Hlynsson, sextán ára nemandi í MH og FÍH, sem á dögnum gaf út djassplötu. Tónlistina samdi Baldvin alla sjálfur og tók upp sjálfur.

„Pabbi er að vinna hjá Axis húsgögnum svo ég fékk hljóðeinangrandi efni hjá honum og setti upp í herberginu mínu og tók upp plötuna þar,“ segir Baldvin. Með honum á plötunni spilar saxófónleikarinn Sölvi Kolbeinsson og klarínleikarinn Símon Karl Melsteð.

„Vinur pabba, Ágúst Sveinsson trommari, býr í London og

hann tók upp allar trommur úti og sendi mér bara,“ segir Baldvin, sem sjálfur spilaði á píanó, bassa og sá um allar upptökur og hljóðblöndun.

„Félagi minn ætlaði að mastera plötuna en svo ákvað ég bara að gera það sjálfur. Ég fór bara á YouTube og lærði það,“ segir hann. Aðspurður hvort jafnaldrar hans séu að fíla djassinn segir hann svo vera.

„Ég er sjálfur að stússast í elektróník og fönki ásamt því að vera í djassinum. Ætli við unga fólk séum ekki bara opnara fyrir alls konar tónlist en var,“ segir hann.



MASTERADI PLÖTUNA SJÁLFUR Baldvin fór á YouTube og lærði þar að mastera plötuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

VIÐ GERUM

BÍLINN KLÁRAN

FYRIR VETURINN



Veturinn er kominn og því þarf að sjá til þess að öryggisatriði bílsins séu í lagi. Hjá Olís fæst mikið úrval af vetrarvörum í hæsta gæðaflokki, s.s. rúðuvökvi, frostlögur, rúðusköfur, perur, tjöruhreinsir, þurrkublöð og lása- og afísunarefni. **Lykilhafar Olís og ÓB fá 10% afslátt af bílavörum hjá Olís.** Sé þess óskað sjá starfsmenn Olís um að gera bílinn kláran fyrir veturinn. Komdu við og njóttu framúrskarandi þjónustu á Olís.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Slá í gegn í Hollywood

Fatahönnuðirnir Magni Þorsteinsson og Hugrún Árnadóttir eru stödd í Los Angeles þessa dagana að kynna fatalínu sína KronByKronkron. Á föstudag voru þau viðstödd Hollywood Film Awards og birtu myndir á Instagram-síðu KronByKronkron. Þar segja þau meðal annars frá því að leikkonan Angelina Jolie hafi heillast af hönnun þeirra og fjallað hafi verið um merkið í helstu fréttamiðlum ytra svo sem Access Hollywood, E!



Entertainment og í tímaritinu People. Á sunnudagskvöld verða þau með sams konar kynningu á American Music Awards, einni stærstu tónlistarverðlaunahátíðinni í dag.

-asi

Orðinn pabbi

Útvarps- og sjónvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson er orðinn faðir. Andri og unnusta hans, Hjördís Erna Þorgeirsdóttir, eignuðust litla stúlku á þriðjudagsmorgun. Samstarfskona Andra Freys í útvarpsþættinum Virkum morgnum á Rás 2, Guðrún Dís Emilsdóttir, tilkynnti þetta með miklum látum í þættinum á þriðjudag. „Hann er orðinn pabbi!“ sagði Gunna hlustendum þáttarins en Gunnar Hansson var mættur í þáttinn til þess að leysa Andra af. -vh



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Eyðilagði jeppann í laxveiði
- 2 „Ótrúlegt atvik og vanvirða við fólk“
- 3 Búa í seglskútu við Reykjavíkurböfn
- 4 Sigurjón dæmdur í tólf mánaða fangelsi
- 5 Neyðarástand í New York
- 6 Bygðastofnun býður ný lán eingöngu ætluð konum



Taktu skrefið og vertu reyklus með Gaxa rafrettunni

Ego startpakki
Nettilboð
3.980,-kr

www.gaxa.is

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

POLO
RALPH LAUREN

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY

gardeur

HUGO
HUGO BOSS

PETER VAN HOLLAND

FINUCCI
collezione

bugatti

Stenströms

BELLINI
collezione

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá kl. 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)



Jólagleði!

40-70%

afsláttur af öllum vörum

nýtt kortatímabil



Barnafatnaður frá

ENGLABÖRNIN

Falleg föt á stelpur og stráka...

